vestan ór Dølum suðr til Borgarfjarðar. Verðr þar mikill fagnafundur með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tekr því vel. Kvezk *hann* ætla þá eina vist at hafa á Íslandi. Ríðr nú Óláfr vestr aprt en Kjartan var at skipi eptir. Hann spyr nú gjaforð Guðrúnar ok brá sér ekki við þat en mǫrgum var áðr á því kvíðustaðr. Guðmundr Sǫlmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu til skips. Kjartan fagnaði þeim vel. Ásgeirr æðikollr kom ok til skips móti Kálfi syni sínum. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var in fríðasta kona. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt sama gerði Kálfr við Hrefnu. Lýkr nú

## Texti AM 158 fol.

vestan ór Dølum suðr *Borgarfjörð*. Verðr þar mikill fagnafundur með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tekr því vel, kvezk *hér þá eina vist atla at hafa Íslandi*. Ríðr nú Óláfr vestr aprt en Kjartan var at skipi eptir. Hann spyr nú gjaforð Guðrúnar ok brá hann sér ekki við þat en mǫrgum var áðr á því *kvíðustaðr*. Guðmundr Sǫlmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu til skips. *Hann* fagnaði þeim vel. Ásgeirr æðikollr kom ok til skips móti Kálfi syni sínum. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var *hverri fríðari kona*. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt *samt* gerði Kálfr við Hrefnu *lika*. Lýkr Kálfr nú upp einni mikilli

## Texti AM 123 fol.

vestan ór Dølum ok suðr til Borgarfjarðar. Verðr þar mikill fagnafundur með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tekr því vel, kvezk þar *eina hérvist* at hafa á Íslandi *sem var í Hjarðarholti*. Ríðr nú Óláfr vestr aprt en Kjartan var at skipi. Eptir þat spyr hann gjaforð Guðrúnar ok brá hann sér ekki við þat en mǫrgum var á því áðr kvíðustaðr. Guðmundr Sǫlmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðar systur hans kómu *til hans at skipi*. Kjartan fagnaði þeim vel. Ásgeirr kom ok til skips móti syni sínum Kálfi. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var in fríðasta kona. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi *sínum* sem hon vildi. Slíkt it sama *gerir* Kálfr við Hrefnu. Lýkr

mjök. Ríðr Óláfr þegar vestan ór Dølum \*ok suðr \*til \*Borgarfjarðar. Verðr þar mikill fagnafundur með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tekr því vel, kvezk hér þá eina vist ætla at hafa \*á Íslandi. Ríðr nú Óláfr vestr aprt en Kjartan var at skipi eptir. Hann spyr nú gjaforð Guðrúnar ok brá hann sér ekki við þat

## Texti AM 554 d 4to

vestan ór Dølum ok suðr til Borgarfjarðar. Verðr þar mikill *fagnaðarfundur* með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín *með* svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tók því vel, kvazk þar ætla hér eina útivist á Íslandi hafa sem í Hjarðarholti. Riðr nú Óláfr vestr aprt en Kjartan var á skipi. *Eptir þat* spyrr hann gjaforð Guðrúnar ok brá hann sér ekki við þat en mǫrgum var á því *kviðuskapr*. Guðmundr *móðir Sǫlmundarson*, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu ok til skips. Kjartan fagnaði þeim vel. Ásgeirr kom ok til skips móti syni sínum Kálfi. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var in fríðasta kona. Kjartan bauð systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt it sama *gerir* Kálfr við Hrefnu. Lýkr Kálfr upp einni stórri

## Texti Möðruvallabókar

ór Dølum ok suðr til Borgarfjarðar. Verðr þar mikill fagnafundur með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tók því vel, kvazk *svá þá vist atla at hafa*. Riðr Óláfr *nú heim í Hjarðarholt* en Kjartan er at skipi *um sumarit*. Hann spyrr nú gjaforð Guðrúnar ok brá sér ekki við þat en mǫrgum var á því kviðustaðr áðr. Guðmundr Sǫlmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu til skips. Kjartan *fagnar* þeim vel. Ásgeirr æðikollr kom ok til skips *at finna Kálfr son sinn*. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var in fríðasta kona. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt it sama *malti* Kálfr við Hrefnu. Kálfr lýkr nú upp einni mikilli kistu ok

## Texti V

þegar vestan ór Dølum ok til skips. Verðr þar mikill fagnafundur með þeim feðgum. Býðr Óláfr Kjartani til sín við svá marga menn sem hann vildi. Kjartan tók því vel, kvazk þá vist ætla at hafa. Riðr Óláfr *nú heim í Hjarðarholt* en Kjartan er *við skip um sumarit*. Hann spyrr nú gjaforð Guðrúnar ok brá hann sér *eigi* við þat en mǫrgum var á því kviðustaðr áðr. Guðmundr Sǫlmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu *at finna Kjartan*. Hann fagnar þeim vel. Ásgeirr æðikollr kom ok til skips *at finna Kálfr son sinn*. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var in fríðasta kona. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt it sama *malti* Kálfr ok við Hrefnu. Kálfr lýkr

en mǫrgum var áðr á því \*kviðustaðr. Guðmundr Sǫlmundarson, mágr Kjartans, ok Þuríðr systir hans kómu til skips. Hann fagnaði þeim vel. Ásgeirr æðikollr kom ok til skips móti Kálfi syni sínum. Þar var í ferð með honum Hrefna dóttir hans. Hon var \*in \*fríðasta kona. Kjartan bauð Þuríði systur sinni at hafa slíkt af varningi sem hon vildi. Slíkt \*it \*sama

## Texti D2

Kálfr upp einni mikilli kistu ok það þær þar til ganga. Um daginn gerði á veðr hvasst. Hljópu þeir Kjartan þá út ok festu skip sitt. Ok er þeir höfðu því lokit ganga þeir heim til búðanna. Gengr Kálfr *inn fyrri* í búðina. Þær Þuríðr ok Hrefna hafa þá mjök brotit upp ór kistunni. Þá tekr Hrefna upp motrinn ok rekr í sundr. Rœða þær um at þat er in mesta gersemi. Þá segir Hrefna at hon vill falda sér við motrinn. Þuríðr kvað þat ráðligt ok nú gerir Hrefna svá ok sér Kálfr þetta ok lét eigi vel hafa til tekizk ok það hana *taka ofan* sem skjótast, „þvíat sjá einn hlutr er svá at vit eigum eigi báðir saman.“ Ok er þau *áttu* þetta at tala þá kemr Kjartan inn í búðina ok hafði heyrtr *orðtak* þeira ok tók undir þegar, kvað ekki til saka. Hrefna sat þá enn við

## Texti AM 158 fol.

kistu ok *bíðr* þær þar til ganga. Um daginn gerði á *veðr* hvasst. Hljópu þeir Kjartan þá út ok festu skip sitt. Ok er þeir höfðu því lokit gengu þeir heim til búðarinnar. Gengr Kálfr inn fyrri í búðina. Þær Þuríðr hafa þá mjök brotit upp ór kistunni. Þá tekr Hrefna upp motrinn ok rekr í sundr. Rœða þær um at þat *er* in mesta gersemi. Þá segir Hrefna at hon vill falda sér *um* motrinn. Þuríðr kvað þat ráðligt ok nú gerir Hrefna svá ok *nú* sér Kálfr þetta ok lét eigi vel hafa til tekizk ok það hana ofan taka sem skjótast, „þvíat sjá einn hlutr er svá at vit eigum eigi báðir saman.“ Ok er þau váru þetta at tala þá kom Kjartan inn í búðina ok hafði heyrtr *orð* þeira ok tók undir þegar ok kvað eigi til saka. Hrefna sat þá enn við faldinn. Kjartan hyggr

## Texti AM 123 fol.

Kálfr upp einni mikilli kistu ok það þær þar til ganga. Um daginn gerði á veðr hvasst. Hljópu þeir Kjartan ok Kálfr ok festu skip sitt. Ok er þeir höfðu því lokit gengu þeir heim til *búða sinna*. Gengr Kálfr fyrri inn í búðina. Þær Þuríðr ok Hrefna höfðu þá mjök brotit upp ór kistunni. Þá tekr Hrefna upp motrinn ok rekr í sundr. Rœða þá um at þat sé in mesta gersemi. Þá segir Hrefna at hon vili falda sér við motrinn. Þuríðr kvað þat ráðligt ok nú gerir Hrefna svá. Kálfr *sá* þetta ok *segir at nú hafi ekki vel* til tekizk ok það hana ofan taka sem skjótast, „þvíat þat er sá einn hlutr er vit Kjartan eigum ekki báðir saman.“ Ok er þau váru þetta at tala þá kom Kjartan *at* ok hafði heyrtr á tal þeira. *Hann* tók undir síðan ok kvað ekki til saka. Hrefna sat þá enn við

gerði Kálfr við Hrefnu. \* Lýkr Kálfr nú upp einni mikilli kistu ok \*það þær þar til ganga. Um daginn gerði á veðr hvasst. Hljópu þeir Kjartan þá út ok festu skip sitt. Ok er þeir höfðu því lokit gengu þeir heim til búðarinnar. Gengr Kálfr inn fyrri í búðina. Þær Þuríðr \*ok \*Hrefna hafa þá mjök brotit upp ór kistunni. Þá tekr Hrefna upp motrinn ok rekr í sundr. Rœða þær um at þat \*sé in mesta gersemi. Þá segir Hrefna at hon vill falda sér \*við



## Texti AM 554 d 4to

kistu ok það þær til gongu. Um daginn gerði á veðr hvasst. Þeir Kjartan ok Kálfr hljópu ok festu skip sitt. Ok er þeir höfðu því lokit gengu þeir heim til *búðar simmar*. Gengr Kálfr fyrri í búðina. Þær Þuríðr ok Hrefna höfðu þá mikit brotit upp ór kistunni. Þá tekr Hrefna upp *mottulinn* ok rekr í sundr. Ræða þær um at þat sé *it bezta* gerssemi. Þá segir Hrefna at hon vili falda *sig* við *mottulinn*. Þuríðr kvað þat *sóma vel* ok nú gerir Hrefna svá ok *nú* sér Kálfr þetta ok *lézk ekki* hafa *vel* til tekizk ok *biðr* ofan taka sem fljótast, „þvíat *sá* einn hlutr er at vit eigum eigi báðir.“ Ok er þau váru þetta at tala þá kom Kjartan at ok hafði heyrt *orðtal* Þuríðar ok tók undir þegar ok kvað eigi saka. Hrefna sat þá enn við faldinn. Kjartan

## Texti Möðruvallabókar

bað þær þar til ganga. Um daginn gerði á hvasst veðr ok hljópu þeir Kjartan þá út at *fasta* skip sitt. Ok er þeir höfðu lokit ganga þeir heim til *búðanna*. Þær Þuríðr ok Hrefna hafa mjök *borit* ór kistunni. Þá þrífr Hrefna upp motrinn ok rekr í sundr. *Tala* þær um at þat sé in mesta gerssemi. Þá segir Hrefna at hon vill falda sér við motrinn. Þuríðr kvað þat ráðligt ok nú gerir Hrefna svá. Kálfr sér þetta ok lét eigi hafa vel til tekizk, „þvíat sjá einn *er svá hlutr at vér* Kjartan eigum eigi báðir saman.“ Ok er þau *tala* þetta þá kemr Kjartan inn í búðina. *Hann* hafði heyrt tal þeira ok tók undir þegar ok kvað ekki saka. Hrefna sat þá enn *með faldinum*. Kjartan hyggr at henni vandliga

## Texti V

nú upp mikilli kistu ok það þær þar til ganga. Um daginn gerði á veðr hvasst ok hljópu þeir Kjartan út at *fasta* skip sitt. Ok er þeir höfðu því lokit ganga þeir heim til *búða*. Þær Þuríðr ok Hrefna hafa þá mjök *borit* ór kistunni. Þá *þrífr* Hrefna upp motrinn ok *tekr* í sundr. *Tala* þær um at þat *væri* in mesta gerssemi. Þá svarar Hrefna: „*Ek vil* falda mér *með motrinum*.“ Þuríðr kvað þat ráðligt ok nú gerir Hrefna svá. Kálfr sér þetta ok lét eigi vel hafa til tekizk, „þvíat sjá einn *gripr* er svá at vit Kjartan eigum eigi báðir samt.“ Ok er þau tala þetta þá kemr Kjartan í búðina. *Hann* hafði heyrt *tal þetta* ok tók undir þegar ok kvað eigi saka. Hrefna sat þá enn *með faldinum*. Kjartan hyggr at henni vandliga

motrinn. Þuríðr kvað þat ráðligt ok nú gerir Hrefna svá ok nú sér Kálfr þetta ok lét eigi vel hafa til tekizk ok það hana ofan taka sem skjótast, „þvíat sjá einn hlutr er svá at vit eigum eigi báðir saman.“ Ok er þau váru þetta at tala þá kom Kjartan inn í búðina ok hafði heyrt orð þeira ok tók undir þegar ok kvað eigi til saka. Hrefna sat þá enn við faldinn. Kjartan

## Texti Dz

faldinn. Kjartan hyggir at henni vandliga. Þá mælti hann: „Vel þykki mér þér sama motrinn, Hrefna, ætla ek,“ sagði hann, „at þat sé bezt fallit at ek eiga allt saman, motr ok mey.“ Þá svarar Hrefna: „Þat munu menn ætla, Kjartan,“ segir hon, „at þú munir eigi vilja kvángask en geta þá er þú vill biðja.“ Kjartan kvezk ætla at eigi mundi mikit undir hverja hann ætti en læzk engrar skyldu lengi vánbiðill vera: „Sé ek at þessi búnaðr berr þér vel ok er sannligt *at* þú verðir mín kona.“ Hrefna tekr nú ofan motrinn ok seldi Kjartani ok varðveitir hann. Guðmundr ok þau Þuríðr bjóða Kjartani norðr *þannug* til sín til kynnis um vetrinn. Kjartan hét ferðinni. Kálfr Ásgeirsson rézk nú *ok* norðr með feðr sínum. Skipta þeir Kjartan nú félagi sínu ok fór þat allt með þeim í makindi ok

## Texti AM 158 fol.

þá at henni vandliga. Þá mælti Kjartan: „Vel þykki mér þér *sæma* motrinn, Hrefna, ætla ek,“ segir hann, „at þat sé bezt fallit at ek eiga allt saman, motr ok mey.“ Þá segir Hrefna: „Þat munu menn ætla, Kjartan,“ segir hon, „at þú munir eigi vilja kvángask en geta þá er þú vill biðja.“ Kjartan kvezk ætla at eigi mundi mikit undir hverja hann ætti en lézk engrar skyldu lengi vánbiðill vera: „Sé ek at þessi búnaðr berr þér vel ok er *sannligt* at þú verðir mín kona.“ Hrefna tekr nú ofan motrinn ok seldi Kjartani ok varðveitir hann. Guðmundr ok þau Þuríðr buðu Kjartani norðr til sín um vetrinn til kynnis. Kjartan hét ferðinni. Kálfr Ásgeirsson rézk nú norðr með feðr sínum. Skipta þeir Kjartan nú félagi sínu ok fór þat allt með makendi ok vinskáp. Þeir ríða nú frá skipi ok vestr í Dali, þeir

## Texti AM 123 fol.

faldinn. Kjartan hyggir at henni vandliga. Þá mælti Kjartan: „Vel þykki mér þér *sóma* motrinn, Hrefna, ætla ek,“ segir hann, „at þat sé bezt *til* fallit at ek eiga allt, motr ok mey.“ Þá segir Hrefna: „Þat munu menn ætla, Kjartan,“ segir hon, „at þú *vilir eigi* kvángask en geta *at líta* þá er þú *vildir* biðja.“ Kjartan kvezk ætla *eigi mikit* undir því vera hverja hann ætti en *segisk* engrar skyldu vánbiðill vera: „Sé ek at þessi búnaðr ferr þér vel ok er *skapligt* þótt þú verðir mín kona.“ Hrefna tekr nú ofan motrinn ok seldi Kjartani en hann varðveitti hann. Þau Þuríðr buðu Kjartani norðr til sín til kynnis um vetrinn. Kjartan hét ferðinni. Kálfr Ásgeirsson *reið* norðr með feðr sínum. Skipta þeir áðr félagi sínu ok fór allt með þeim *vel*. Kjartan ríðr nú frá skipi ok vestr í Dali, váru þeir

hyggir\* at henni vandliga. Þá mælti Kjartan: „Vel þykki mér þér *sæma* motrinn, Hrefna, ætla ek,“ segir hann, „at þat sé bezt fallit at ek eiga allt saman, motr ok mey.“ Þá segir Hrefna: „Þat munu menn ætla, Kjartan,“ segir hon, at þú munir eigi vilja kvángask en geta þá er þú vill biðja.“ Kjartan kvezk ætla at eigi mundi mikit undir hverja hann ætti en lézk

## Texti AM 554 d 4to

hyggur at vandliga. Þá mælti Kjartan: „Vel þykki mér þér sóma *mottullinn*, Hrefna, ætla ek,“ segir hann, „*at þat sé bezt er þú vill biða.*“ Kjartan *kvazk eigi* ætla mikit undir hverja hann ætti en lézk *eigi vildu* vánbiðill vera: „Sé ek at þessi búnaðr ferr þér vel ok er skaplígt þótt þú verðir mín kona.“ Hrefna tók nú ofan *mottullinn* ok seldi Kjartani en hann *varði* hann. Þau Þuríðr buðu Kjartani norðr til sín til *Kambsness* um vetrinn. Kjartan hét ferðinni. Kálfr Ásgeirsson *reið* norðr með feðr sínum. Skipta *nú* Kjartan félagi sínu ok fór allt með þeim *vel*. Kjartan ríðr nú frá skipi ok vestr í Dali, þeir váru tólf saman. Þeir ríðu vestr í Hjarðarholt. Verða þar allir menn honum fegnir. Hann lætr flytja sunnan fé sitt um haustit frá skipi. Þeir tólf menn er vestr

## Texti Möðruvallabókar

*ok* mælti: „Vel þykki mér sama motrinn, Hrefna,“ segir hann, „ætla ek *ok* at þat sé bezt fallit at ek eiga allt saman, motr ok mey.“ Þá segir Hrefna: „Þat munu menn ætla at þú munir eigi kvángask vilja *bráðendis* en geta þá *konu* er þú biðr.“ Kjartan *segir* at eigi mundi mikit undir hverja hann ætti en lézk engrar skyldu lengi vánbiðill vera. Hrefna tekr nú ofan *faldinn* ok *selr* Kjartani *motrinn* ok hann *varðveitir*. Guðmundr ok þau Þuríðr buðu Kjartani norðr þangat til sín til *kynnivistar* um vetrinn. Kjartan hét *ferð sinni*. Kálfr Ásgeirsson rézk norðr með feðr sínum. Skipta þeir Kjartan nú félagi sínu ok fór þat allt í makindi ok vin-skap. Kjartan ríðr *ok* frá skipi ok vestr í Dali, þeir váru tólf saman. Kemr Kjartan heim í Hjarðar-

## Texti V

ok mælti síðan: „Vel þykki mér sama þér motrinn, Hrefna,“ segir hann, „ætla ek at þat sé bezt fallit at ek eiga allt saman, motr ok mey.“ Þá svarar Hrefna: „Þat munu menn ætla at þú munir eigi kvángask *bráðendis* en fá *muntu þeirar* er þú biðr.“ Kjartan *svavar* at eigi mundi mikit undir hverja hann ætti en lézk engrar skyldu vánbiðill vera. Hrefna tekr nú ofan *faldinn* ok *selr* Kjartani en hann varð-veitir. Guðmundr ok þau Þuríðr buðu Kjartani norðr til sín til *kynnivistar* um vetrinn. Kjartan hét ferðinni. Kálfr *ræzk* norðr með feðr sínum. Skipta þeir Kjartan nú félagi sínu ok fór þat allt *vel* með þeim. Kjartan ríðr frá skipi ok vestr í Dali, þeir váru tólf saman. Kemr Kjartan heim í Hjarðar-holt *ok* verða allir menn honum fegnir. *Kjartan*

engrar skyldu lengi vánbiðill vera: „Sé ek at þessi búnaðr berr þér vel ok er sannlígt at þú verðir mín kona.“ Hrefna tekr nú ofan motrinn ok seldi Kjartani ok varðveitir hann. Guðmundr ok þau Þuríðr buðu Kjartani norðr til sín \*til \*kynniv \*um \*vetrinn. Kjartan hét ferðinni. Kálfr Ásgeirsson rézk \* norðr með feðr sínum. Skipta þeir Kjartan nú félagi sínu ok fór þat

## Texti D2

vinskap. Kjartan ríðr nú frá skipi ok vestr í Dali, þeir váru tólf saman. Kemr nú Kjartan heim í Hjarðarholt. Verða þar allir menn honum fegnir. Hann lætr flytja sunnan fé sitt um haustit frá skipi. Þessir tólf menn er vestr riðu með Kjartani váru allir í Hjarðarholti um vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu inum sama hætti um heimboð, skyldu sitt haust hvárir aðra heim sækja. Þetta haust skyldi vera boð at Laugum en Óláfr til sækja ok þeir Hjarðhyllingar. Guðrún ræddi nú við Bolla at henni þótti hann eigi hafa allt sagt sér til um útkvámu Kjartans. Bolli kvazk þat sagt hafa sem hann vissi þar sannast af. Guðrún mælti þá *fá orð þar um* en þat var auðfynt at henni líkaði illa þvíat þat

## Texti AM 158 fol.

váru tólf saman. *Koma* nú heim í Hjarðarholt. Verða þar allir honum fegnir. Hann lætr flytja sunnan fé sitt um haustit frá skipi. Þessir tólf menn er vestr riðu váru allir um vetrinn í Hjarðarholti. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu inum sama hætti um heimboð, skyldu *um sitt hóf* hvárir aðra heim sækja. Þetta haust skyldi vera boð at Laugum en Óláfr til sækja ok þeir Hjarðhyllingar. Guðrún ræddi nú við Bolla *at hann hefði eigi sér allt satt sagt* um útkvámu Kjartans. Bolli kvazk þat sagt hafa sem hann vissi sannast þar af. Guðrún mælti þá fám orðum en þat var auðfundit at henni líkaði illa þvíat þat

## Texti AM 123 fol.

tólf saman. *Riðu þeir vestr í Dali ok til Hjarðarholts.* Verða þar allir menn honum fegnir. Hann lætr flytja sunnan fé sitt um haustit frá skipi. Þessir tólf menn er riðu vestr með Kjartani váru allir *með honum* í Hjarðarholti um vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu inum sama hætti um *heimboðin*, skyldu sitt haust hvárir aðra heim sækja. Þetta haust skyldi vera boð at Laugum en Óláfr til sækja ok þeir Hjarðhyllingar. Guðrún *reiddisk* nú við Bolla ok þótti hann *ekki hafa sagt sér allt satt* um útkvámu Kjartans. Bolli *kvezk* þat sagt hafa sem hann vissi þar um sannast. Guðrún mælti þá fám orðum en þat var þó auðfundit á henni at henni líkaði illa þvíat þat

allt með makendi ok vinskap. \*Kjartan \*ríðr nú frá skipi ok vestr í Dali, þeir váru tólf saman. *Koma* nú heim í Hjarðarholt. Verða þar allir \*menn honum fegnir. Hann lætr flytja sunnan fé sitt um haustit frá skipi. Þessir tólf menn er vestr riðu váru allir \*í \*Hjarðarholti \*um \*vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu inum sama hætti um heimboð, skyldu sitt \*haust hvárir

## Texti AM 554 d 4to

riðu með Kjartani váru allir með honum í Hjarðarholti um vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu *sínum* sama hætti um heimboð, skyldu sitt haust hvárir aðra heim sækja. Þetta haust skyldi vera boð at Laugum en Óláfr til sækja ok þeir í Hjarðarholti. Guðrún *reiddisk* nú við Bolla ok þótti hann ekki hafa sagt sér satt til útkvámu Kjartans. Bolli kvezk sagt hafa sem hann vissi þar af sannast. Guðrún mælti þá fám orðum en þat var auðfundit á henni at henni líkaði illa þvíat þat

## Texti Möðruvallabókar

holt ok verða allir menn honum fegnir. *Kjartan* lætr flytja fé sitt sunnan frá skipi um haustit. Þessir tólf menn váru allir í Hjarðarholti um vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu inum sama hætti um heimboð, skyldu sitt haust hvárir aðra heim sækja. Guðrún mælti nú við Bolla at henni þótti hann eigi hafa sér *allt satt til sagt* um útkvámu Kjartans. Bolli kvazk þat sagt hafa sem hann vissi þar af sannast. Guðrún *talaði fátt til þessa efnis* en þat var auðfynt at henni líkaði illa þvíat þat

## Texti V

lætr flytja fé sitt sunnan frá skipi. Þessir allir tólf menn váru í Hjarðarholti um vetrinn. Þeir Óláfr ok Ósvífr heldu inum sama hætti um heimboð, skyldu sitt haust hvárir aðra heim sækja. Guðrún *mælti* nú við Bolla at henni þótti hann eigi hafa sagt sér allt it sanna um útkvámu Kjartans. Bolli kvazk þat sagt hafa sem hann vissi þar sannast af. Guðrún *talaði fátt hér um* en þat var auðfynt at henni líkaði illa þvíat þat

aðra heim sækja. Þetta haust skyldi vera boð at Laugum en Óláfr til sækja ok þeir Hjarðhylltingar. Guðrún røddi nú við Bolla at hann hefði eigi sér allt satt sagt um útkvámu Kjartans. Bolli kvazk þat sagt hafa sem hann vissi sannast þar af. Guðrún mælti þá fám orðum en þat var auðfundit at henni líkaði illa þvíat þat

## HEIMILDIR

## HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík*

AM 123 fol.	AM 162 E fol. (E)
AM 124 fol.	AM 309 4to (C)
AM 127 fol.	AM 441 4to
AM 132 fol. (M, Möðruvallabók)	AM 554 d 4to
AM 158 fol.	AM 564 a 4to (Gervi-Vatnshyrna)
AM 162 D fol. (D <sub>1</sub> og D <sub>2</sub> )	AM 113 8vo

*Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík*

ÍB 45 fol.	ÍB 226 4to
ÍB 225 4to (V)	ÍB 472 4to

*Det Kongelige Bibliotek, Kaupmannahöfn*

NKS 1214 fol.  
Thott 976 fol.

*Kungliga biblioteket, Stokkhólmi*

Holm perg. 10 8vo, IX  
Holm papp. 18 4to  
Holm papp. 23 4to

## FRÆÐIRIT

- An Icelandic Prose Reader*. 1879. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Frederick York Powell. Oxford: Clarendon Press.
- Bára Yngvadóttir, *Forrit og eftirrit: Handritin AM 162 E fol. og AM 309 4to borin saman* (BA-ritgerð við Háskóla Íslands, 2003), Reykjavík.
- Bernholz, Charles D. og Brian L. Pytlík Zillig, „Comparing nearly identical treaty texts: A note on the *Treaty of Fort Laramie with Sioux, etc., 1851* and Levenshtein’s edit distance metric“, *Literary and Linguistic Computing* 26:1 (2011): 5–16.
- Damerau, Fred J. 1964. „A technique for computer detection and correction of spelling errors“, *Communications of the ACM*, 7 (3, 1964): 171–76.
- Heizmann, Wilhelm, „Kannte der Verfasser der Laxdæla saga Gregors des Grossen Moralia in Iob?“ *Opuscula* 10 (2000), 194–207, 203–4.
- Jakob Benediktsson. *Arngrimi Jonae Opera Latine conscripta IV, Introduction and Notes*, Bibliotheca Arnarnagana 12 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1957), 96.
- Jónas Kristjánsson, „Tólf álna garn“, *Festskrift til Ludvig Holm-Olsen*, 207–14, (Øvre Ervik: Alvheim & Eide, 1984).

- Laxdæla saga og Gunnars þáttur Þiðrandabana*. 1867. Með formála eftir Jón Þorkelsson. Akureyri: Björn Jónsson.
- Laxdæla-saga sive Historia de rebus gestis Laxdölensium*. 1826. Útg. Gunnlaugur Oddsson. Þýð. Þorleifur Repp. Kaupmannahöfn.
- Laxdæla saga* 1896, útg. Kr. Kålund. (Altnordische Saga-Bibliothek 4). Halle a. S.: Niemeyer.
- Laxdæla saga*. 1920. Útg. Benedikt Sveinsson. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Laxdæla saga*. 1895. Útg. Valdimar Ásmundarson. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Lenzin, Yves. 2021. *Isländersagas: Verschriftlichung und Politisierung*. Basel: Schwabe.
- Levenshtein, V.I. 1966. „Binary codes capable of correcting deletions, insertions, and reversals“, *Soviet Physics-Doklady* 10: 707–10.
- Louis-Jensen, Jonna. „A Good Day’s Work“. *NOWELE*, 21–22 (1993), 267–81.
- Mooney, Linne R., Adrian C. Barbrook, Christopher J. Howe og Matthew Spencer. 2001. „Stemmatic analysis of Lydgate’s «Kings of England» : a test case for the application of software developed for evolutionary biology to manuscript stemmatics“, *Revue d’Histoire des Textes* 31 (2001): 275–97.
- Ólafur Halldórsson. 1973. „Morgunverk Guðrúnar Ósvífursdóttur“. *Skírnir* 147: 125–28.
- Svanhildur Óskarsdóttir og Emily Lethbridge. 2018. „Whose *Njála*? *Njáls saga* editions and textual variance in the oldest manuscripts“, *New Studies in the Manuscript Tradition of Njáls saga*, 1–28 (Kalamazoo: Medieval Institute Publications).
- Þórdís Edda Jóhannesdóttir, „Þrjár gerðir *Jómsvíkinga sögu*“. *Gripla* 28 (2017): 73–102.
- Örnólfur Thorsson. 1993. *Orð af orði: Hefð og nýmæli í Grettlu* (óbirt lokaritgerð í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands). Reykjavík.

## ÁGRIP

Z-texti Laxdæla sögu – textafræðileg tilraun

**Efnisorð:** Íslendingasögur, íslensk handrit, norræn textafræði, ættartré handrita, Levenshtein-fjarlægð, fjarlægð milli texta

Kristian Kålund skipti handritum Laxdæla sögu í x-flokk og y-flokk. Í y-flokknum er eina heila skinnbókin, Möðruvallabók, og hefur hún verið lögð til grundvallar öllum útgáfum. Hins vegar hefur z-textinn aldrei verið gefinn út í heild og í þessari grein er kannað hvernig gera mætti slíka útgáfu úr garði. Tæplega 43% sögutextans má finna í miðaldabrotum af z-flokknum en pappírshandrit frá 17. öld og síðar varðveita z-textann allan. Kålund og aðrir útgefendur sögunnar hafa talið textann í þessum pappírshandritum of slæman til að hægt sé að reisa á þeim útgáfu. Hér er þessi hugmynd könnuð með dálítilli tilraun. Athugaður er sá hluti sögunnar sem varðveittur er í elsta broti sögunnar, 13. aldar blaðinu D<sub>2</sub>. Texti þessa brots er

borinn saman við textann í fimm handritum sem varðveita söguna í heild. Þessir textabútar eru bornir saman með svokallaðri Levenshtein-fjarlægð en með henni er mælt hversu mörgum orðum þyrfti að breyta, eyða eða bæta við til að breyta einum texta í annan. Niðurstöðurnar sjást í *Töflu 1* og á *Mynd 1* má enn fremur sjá stemma yfir fimm meginhandrit sögunnar. Niðurstaða greinarinnar er að 17. aldar handritið AM 158 fol. sé sú heimild sem hafi texta líkastan 13. aldar brotinu og fer raunar mun nær því en Mōðruvallabók og hin handritin sem textagildi hafa. Má því vel hugsa sér að leggja AM 158 fol. til grundvallar við útgáfu á z-textanum.

## S U M M A R Y

The z text of Laxdæla saga – a philological experiment

**Keywords:** Sagas of Icelanders, Icelandic manuscripts, Old Norse philology, stemmatology, Levenshtein distance, edit distance

The manuscripts of Laxdæla saga were divided by Kristian Kålund into an x class and a y class. The y class manuscripts include Mōðruvallabók, the only medieval manuscript to preserve the complete saga and the basis of all editions so far. The z text has never been edited as a whole and the present article is an investigation into how such an edition might be brought into being. Only some 43% of the saga text is preserved in vellum fragments of the z class but there are paper manuscripts which preserve the z text as a whole. The early editors of the saga regarded the text of these paper manuscripts as too poor in quality to serve as the basis of an edition. This contention is empirically tested here by studying the part of the saga preserved in the oldest vellum fragment, the 13th century D<sub>2</sub>. The text of that fragment is compared with the corresponding text in five manuscripts which preserve the saga as a whole. Word-level Levenshtein distance is used as the comparison metric and the results are published in table 1 while a stemma of the five manuscripts appears in figure 1. The main result is that the 17th century paper manuscript AM 158 fol. is, by a large margin, the manuscript which has the most similar text to the oldest fragment. It would be a suitable basis for an edition of the z text.

*Haukur Þorgeirsson*  
*Rannsóknardósent*  
*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*  
*Árnamarði við Sudurgötu*  
*102 Reykjavík*  
*haukur.thorgeirsson@arnastofnun.is*




ÁRNI EINARSSON

## HÓMILÍUTÁKNMÁL Í HEIMSKRINGLU

### Inngangur

ÓLAFUR HELGI HARALDSSON var höfuðdýrlingur Norðurlanda. Í einni sögu hans sem er í norsku handriti frá 13. öld er sagt frá heimkomu hans eftir margra ára veru í hernaði. Hyggst hann komast til ríkis í Noregi og kristna landið. Hann fer í Hringaríki að hitta Ástu móður sína og stjúpa sem var Sigurður konungur sýr. „Tóku þau bæði við honum vel“, segir í sögunni.<sup>1</sup> Í *Ólafs sögu helga* í *Heimskringlu* er komu Ólafs hins vegar lýst í mun lengra máli. Þegar Ásta fréttir að Ólafs sé að vænta sendir hún menn til Sigurðar sem er úti á akri um uppskerutímann (*Mynd 1*). Sendimennirnir koma með tignarklæði hans, hann hefur fataskipti og hraðar sér heim en á meðan undirbýr Ásta veislu og lætur boð út ganga um hana. Sigurður kemur af akrinum í þann mund sem Ólafur riður í garð með sveit sína.<sup>2</sup> Frásögnin er myndræn, lifleg og persónuleg og ósar af eftirvæntingu vegna heimkomu Ólafs. *Heimkomusagan*, eins og hún verður nefnd hér, er óvenjuleg vegna þess hvernig leikið er með tölur, liti og gripi sem haft geta táknræna merkingu. Sigurður gengur um á akrinum við þriðja mann og fylgist með uppskerustörfunum: „hann hafði kyrtíl bláan og bláar hosur, háva skúa og bundna að legg, gráa kápu og gráan hött víðan og url [skýlu] um andlit, staf í hendi og ofan á silfurhólkur gylltur og í silfurhringur.“ Hann fer heim með þrjátíu manns eftir að hafa íklæðst leðurhosum („kordúnahosum“), pellsklæðum og skarlatskápu, sett upp gylltan hjálm og gullspora og gyrt sig sverði. Á meðan lét Ásta „fjórar konur taka búnað stofunnar og búa skjótt með tjöldum og um bekki. Tveir karlar báru hálminn á gólfið, tveir settu trapisuna og skapkerið, tveir settu borðið, tveir settu vistina, tvo sendi hún brott af býnum, tveir báru inn

- 1 Keyser og Unger (1849, k. 23, bls. 18). Í *Fagurskinnu* (k. 29) er heimkomunni lýst svo: „Sigurður konungur tók vel við mági sínum“ (Bjarni Einarsson 1985).
- 2 Heimkomukaflinn er bæði í *Heimskringlu* (k. 32–34, Bergljót S. Kristjánsdóttir o.fl. 1991) og *Ólafs sögu helga hinn sérstöku* (k. 33–34, Johnsen og Jón Helgason 1941).



Mynd 1. Sendiboðar Ástu koma á akurinn með tignarklæði Sigurðar. Christian Krogh, í útgáfu J.M. Stenersen & Co á Heimskringlu, 1899. Wikimedia commons.

ölið. ... Fjóra menn sendi hún fjögurra vegna í byggðina og bauð til sín öllu stórmenni að þiggja veislu er hún gerði.“ Þegar allt er til reiðu riður Ólafur í hlað með hundrað manna lið.

Margt af því sem gerir heimkomusöguna óvenjulega er af þeim toga sem einkennir launsögur eða allegoría. Atferli Ástu nægir til að vekja grunsemdir um slíkt. Það virðist bergmála orð Markúsarguðspjalls um Krist og postulana: „Og hann kallaði þá tólf til sín, tók að senda þá út, tvo og tvo.“ (Mark. 6:7). Og þegar Ásta sendir fjóra menn „fjögurra vegna í byggðina að bjóða til sín öllu stórmenni“ þá minnir það á orð Markúsar: „Og hann mun senda út englana og safna sínum útvöldu úr áttunum fjórum“ (Mark. 13:27).

Viðfangsefni þessarar greinar er að skoða rök fyrir því að heimkomusagan í *Heimskringlu* sé allegoría og reynt er að ráða í merkingu hennar. Einkum er hugað að mögulegri tengingu milli Ólafs helga og Krists.<sup>3</sup>

## Allegórísk sagnalist

Allegórísk sagnalist á miðöldum þjónaði trúarlegum hugðarefnum og byggir gjarnan á táknmáli og líkingum. Táknmálið á sér langar rætur í fornum

3 Dýrlingum var oft óbeint jafnað við Krist. Sjá t.d. Heffernan (1988).

samfélögum, en sá hluti sem kirkjan tók í þjónustu sína grundvallaðist á starfi kirkjufedranna, en skrif Páls postula höfðu einnig mikil áhrif.<sup>4</sup> Táknmålsfróðir menn töldu sig geta lesið speki úr bibliútexta og túlkað heiðin rit á kristinn hátt. Einnig hagnýttu þeir táknmålið til að frumsemja allegórísk rit og var túlkun táknmålsins þá í höndum lesandans.

Táknmålið var notað í messugjörð og voru stólræður (hómilíur) iðulega byggðar á táknmåli sem lagt var út af. Hómilíutáknmålið (á ensku: *homiletic symbolism* eða *homiletic imagery*) var ætlað hinum almenna söfnuði og var merking þess útskýrð jafnóðum. *Íslenska hómilíubókin* gefur góða mynd af notkun táknmåls við messugjörð.<sup>5</sup>

Orðið tákn (*symbol*) er notað um hugtak sem hefur aðra merkingu en hina hversdagslegu. Það getur verið *hlutur* (t.d. hús, tunglið eða sólin), *form* (t.d. ferningur eða hringur), *litur* (t.d. rauður eða blár), *tími* (t.d. hádegi eða sumar), *efni* (t.d. gull eða silfur), *tala* (t.d. þrír eða tíu) eða *átt* (t.d. norður eða niður). Táknmál í frumsömdu miðaldariti felur í sér þrennt: Tákníð sjálft (*tunglið* sem dæmi), hvað það táknar (*tunglið* merkir oft *kristni*) og samhengið sem það er í. Með samhengi er átt við hvaða önnur tákn fylgja með í verkinu. Ef tunglið kemur fyrir í miðaldariti má hafa grunsemdir um að átt sé við *kristindóminn*. Hvort svo er verður aðeins ráðið af samhenginu. Höfundur sem er að segja launsögu, þ.e. aðra sögu en ætla mætti við fyrstu sýn, verður að byggja upp myndina með ýmsum fleiri táknum, til dæmis tölum eða litum. Hann þarf að hægja á frásögninni til að fá tóm til að koma þessum táknum að og sviðsetja þau. Hann getur líka beint athygli lesandans að hinu efra plani sögunnar með því að skapa óvænta atburðarás sem aðeins verður rökrétt í öðru og æðra samhengi. Þessi þrjú atriði: (a) tákníð, (b) það sem tákníð vísar til og (c) samhengi við önnur tákn eru í sögunni frá hendi höfundar. Framhaldið er í höndum viðtakenda sem oftast voru kunnáttumenn á þessu sviði. Markmiðið var að miðla eins konar gestapraut sem veitti höfundi sjálfum og þakklátum hópi viðtakenda trúarlega fullnægju og efldi samkennd í trúarsamfélaginu.

Stundum getur verið álitamál hvort texti gefur nægilega vel til kynna að hann sé allegórískur en oft er fremur auðsætt hvenær miðaldahöfundur er í allegórískum stellingum. Táknin voru stöðluð og má líkja við merki-

4 Sjá t.d. Whitman (1987), Tuve (1966), Måle (1972), Smalley (1982) og Fletcher (2012).

5 *Íslenska hómilíubókin*, sjá Sigurbjörn Einarsson o.fl. 1993. Árni Einarsson (2001) fjallaði um táknmál *Íslensku hómilíubókarinnar*.

miða sem voru hengdir á áberandi stað í sögunni. Samhengi tákanna bendir lesandanum á að hann eigi að skilja söguna öðrum skilningi og vísar veginn í túlkun hennar. Tákn og samhengi þeirra duga þó ekki ein sér. Launsaga byggir jafnan á einhverri *táknmálshefð* og jafnframt ákveðinni *heimsmynd*.<sup>6</sup> Viðtakandinn þarf að vera kunnugur hvoru tveggja. Hann þarf að þekkja táknin og merkingu þeirra og enn fremur þann andlega heim sem býr að baki. Án vitneskju um þann heim veit viðtakandi ekki hvert höfundur er að fara. Þetta er ekki eins dularfullt og það hljómar. Miðaldaallegoría byggðist á fastmótaðri heimsmynd samtímans en hún var vitanlega gerólik heimsmynd okkar tíma. Miðaldaveröldin var í aðalatriðum hnöttóttur, platónskur heimur, skapaður og stjórnað af guði, sem var sjálfur handan hans, kyrrstæður og bjó í eilífðinni. Frá honum barst hreyfiafl, veraldarsálin – heilagur andi að mati sumra – sem knúði gangverk heimsins og stýrði því. Ofan tunglbrautarinnar var allt með himnesku móti en neðan hennar byrjaði hin jarðneska veröld þar sem tíminn réð, allt var forgengilegt og í eilífri hringrás höfuðskepnanna fjögurra, elds, lofts, vatns og jarðar, sem fléttuðust saman í fyrirfram gefnum hlutföllum. Mannslíkaminn var örheimur, endurspeglun af þessum stóra heimi.<sup>7</sup> Allt í líkamanum endurspeglaði hina stærri veröld, sálin og höfuðið hið himneska og guðlega, og neðri hluti líkamans hið jarðneska. Gjörvöll regla í veröldinni endurspeglaði guðlega reglu, þar á meðal voru árstíðirnar, æviskeið mannsins, hlutföll og tölur og náttúran öll.

Vegna samsvörunar manns og heims varð allt táknmál kristninnar á tvöföldu plani. Ef táknmál í ritverki fól í sér siðaboðskap var æðri merking sjálfkrafa innifalin, merking sem vísaði í guðs ríki og eilífðina. Lesandinn ákvað sjálfur hversu langt hann vildi ganga í túlkun sinni. Af hálfu höfundar var það snjöll sviðsetning sem máli skipti svo að áheyrendur eða lesendur fengu viðspyrnu til andlegrar upplýftingar sem hæfði hverjum og einum.

Miðaldaveröldin var ekki aðeins platónsk, heldur líka biblíuleg. Sú veröld hafði upphaf og endi. Hún var þjökuð af erfðasyndinni sem endurlausnarinn Kristur frelsaði hana undan í fyllingu tímans og hinir hólpnu voru í eilífri sælu upp frá því í guðs ríki. Leikur miðaldahöfunda með tákn, ekki síst tölur, byggðist mjög á tilraunum kirkjufedeðranna til að túlka hvað

6 Fletcher (1964), 2. kafli.

7 Kurdzialek (1971).

eina í ritningunni sem æðri speki en kirkjuféðurnir seildust oft langt í því efni og úr varð sérstök táknaáhrif sem átti að tengja saman Gamla og Nýja testamentið. Margt í Gamla testamentinu var þá túlkað sem formynd atriða í Nýja testamentinu. Til dæmis voru Adam og Móse algengar formyndir (e: *type*) Krists og Kristur að sama skapi endurspeglun þeirra (e: *antitype*). Speglun af þessu tagi nefnist týpólógía og varð meginatriði í miðaldalist og einnig í hómilíutáknmáli.<sup>8</sup>

Tölur og hlutföll komu mikið við sögu í hinni fornu heimsmynd og því voru tölur iðulega notaðar sem tákni í allegórískum verkum.<sup>9</sup> Talan þrjár tákna himininn því að heilög þrenning býr þar. Talan fjórir tákna jörðina og það sem jarðneskt er. Þar eru fjórar höfuðáttir og allt gert af fjórum frumefnum. Talan sjö er himinn og jörð, þrjár plús fjórir, þ.e. alheimurinn. Talan tólf er það líka því að þrjár sinnum fjórir eru tólf.<sup>10</sup> Allar tölur frá einum og upp í tólf voru merkingarbærar á þennan hátt. Hærri tölur voru oft hlutaðar niður í þætti og tóku merkingu af þeim. Tölur voru nátengdar guðdómnum því að heimurinn var sköpunarverk hans, og tölur og hlutföll þóttu endurspeglar huga hans og fullkomið sköpunarverk betur en nokkuð annað.<sup>11</sup>

Ekki er öll allegoría byggð upp eins og hér hefur verið lýst, þ.e. með táknum sem ráða þarf. Mörg allegórísk verk byggja á persónugervingum og er nánar vikið að því síðar.

## Aðferð

Að því er best verður séð hefur skipuleg aðferðafræði ekki enn verið þróuð við nútímarannsóknir á táknum og túlkun allegórískra verka.<sup>12</sup> Í þessari rannsókn er sú tilgáta skoðuð að heimkomusagan sé allegórískt verk af klerklegum toga. Tilgátan er prófuð með því að tína táknbær atriði út úr frásögninni og athuga hvort þau mynda samhengi sem fylgir kirkjulegum

8 Weber (1987) rekur ítarlega hvernig norrænir miðaldatextar samræmast hugmyndum um týpólógíu og gang veraldarsögunnar sem leið guðs til hjálpræðis. Sjá einnig Haka Antonsson (2018).

9 Peck (1980), Meyer (1975), Meyer og Suntrup (1987).

10 Meyer og Suntrup (1987, bls. XVII).

11 Hopper (1938) ritaði læsilega bók um táknafræði talna til forna.

12 Sjá þó Frank (1953), Beichner (1967), Silverstein (1967) og Males (2013).

meginhugmyndum miðalda.<sup>13</sup> Þannig má meta hversu vel sagan hefur verið fallin til íhugunar í klerklærðu samfélagi. Þessi nálgun felur í sér tvö skref. Fyrst er merking einstakra tákna skoðuð en hana má leita uppi í ýmsum miðaldaritum eða síðari tíma samantektum (t.d. merking litar eða lögunar). Að því búnu er athugað hvort táknin raðist þannig saman að út komi heil mynd sem fellur að hugmyndakerfi kirkjunnar, eins og til dæmis himnaríki, syndafallinu, endurlausninni og efsta degi. Þessi hugmyndakerfi varða jafnan stöðu mannsins gagnvart Guði, sáluhjálp og tímaskil. Gengið er út frá að allegóriunni sé ætlað að dýpka skilning eða upplifun viðtakanda á þessum atriðum en jafnframt auka veg sögupersónu ef dýrlingur á í hlut.

Hér mun verða stuðst við táknskýringar í fáeinum völdum miðaldaverkum fremur en að byggja á stærri úttekt á notkun tákna í miðaldaritum.<sup>14</sup> Færa má rök fyrir því að báðar aðferðirnar myndu leiða til svipaðrar niðurstöðu því að táknmal í kirkjulegum ritum rómverskrar kristni var gamalt og mjög staðlað. Til dæmis er lítill munur á táknmáli í *Íslensku hómilíubókinni* og einu meginriti Hildegard frá Bingen frá 12. öld, þótt þau séu mjög ólík að öðru leyti, því að ritin eru tvær birtingarmyndir sama kristna menningarheims.<sup>15</sup> Meðal rita sem hér verður byggt á má nefna rit eftir Beda (d. 735) sem fjallar um tjaldbúð Gyðinga í eyðimörkinni (Holder 1994). Þar notar Beda þekkingu sína á táknum til að túlka lýsingu Gamla testamentisins á henni.<sup>16</sup> Kennivald Beda vóg þungt og ritið er hentug fyrirmynd því að það endurspeglar vel táknmalshéð kirkjunnar, umfjöllunarefni þess er biblíulegt og tölur og litir birtast oft, líkt og í heimkomusöggunni. Rit Beda um sköpunarsöguna (Kendall 2008) og musterið (Connolly 1995) voru einnig höfð til hliðsjónar. Jafnframt var leitað fanga í helgimyndahefð miðalda, í Ritningunni og *Periphyseon* eftir Eriugena, og rit Hildegard frá Bingen koma við sögu enda eru þau óspör á táknmal og skýringar á því. Þá má nefna hómilíur Gregoriusar mikla. Auk þessara rita má finna táknskýringar í þýddum ritum á íslensku eins og *Íslensku hómilíubókinni*, sem er sannkölluð gullnáma í táknfræði, og t.d. *Elucidariusi* og *Mariu sögu*. Loks er litast um í enskum hómilíum (Pickrel

13 Sjá Frank (1953, bls. 240). Með *táknberum atriðum* er átt við það sem á ensku myndi kallast *potential symbols*.

14 Til eru yfirlitsrit um táknmal miðalda, t.d. Meier (1972), Meyer (1975) og Meyer og Suntrup (1987).

15 Árni Einarsson (2001).

16 Holder (1994).

1944 og Robert diNapoli 1995). Þau rit sem hér hafa verið nefnd spanna nokkurra alda tímabil. Ekki eru rök til að ætla að merking tákna hafi breyst á þeim tíma. Hún var rækilega skilgreind snemma af kirkjufæðrunum og inngróin í kirkjulega menningu þegar hér var komið sögu. Sama má segja um hómilíuhefðina.<sup>17</sup>

Latneskir frumtextar eru sóttir eftir atvikum í Patrologia Latina, skammstafað PL (Migne 1855) eða Corpus Christianorum (Continuatio Medievalis eða Series Latina), skammstafað CCCM og CCSL.

## Heimkoman

Heimkomusagan er þéttskipuð tölum og öðrum táknbærum atriðum sem kveikja grunsemdir um að eitthvað búi að baki. Þrjár persónur koma við sögu: Ásta, Sigurður og Ólafur. Ef textinn er allegóriskur, eins og tilgátan gerir ráð fyrir, má helst búast við að hann hverfist um helgi Ólafs. Þess má líka vænta að þríeykið megi tengja við biblíulegar persónur og miðlæg guðfræðileg hugtök. Textinn er þannig skoðaður út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar er horft á táknið sér (litir, tölur o.s.frv.), hins vegar á mögulega týpólógíu sem byggir á táknum og sviðsetningu þeirra.

Hápunktur heimkomunnar er þegar Ólafur rennir í hlað, brunar fram undir merki sínu með *hundrað* manna lið. Ásta og Sigurður taka á móti honum og Ásta leiðir hann til hásaetis. Talan eitt hundrað myndi tæpast vekja eftirtekt ef ekki væri klifað á fleiri táknbærum tölum í hinum stutta texta heimkomunnar. Bæði fræðir okkur um að talan hundrað merki *eilíft* eða *himneskt líf* og bætir við að það sé á hvers manns vitorði.<sup>18</sup> Ef um tólfraett hundrað er að ræða þá merkir það, skv. Bæði, nokkurn veginn hið sama: Hamingju hinna útvöldu í lífinu framundan (þ.e. eftir uppris-una).<sup>19</sup>

17 de Leeuw van Weenen (1993) rekur sumar hómilíur *Íslensku hómilíubókarinnar* langt aftur í tímann.

18 Holder (1994, bls. 27, einnig bls. 96). Síðar í sama verki segir Bæði: „Centum cubitos longitudinis habet Ecclesia; quia ulnas suas elevat ad bona opera, propter vitam æternam“ [Kirkjan er hundrað álnir á lengd því að hún breiðir út faðm sinn til góðra verka, vegna eilífs lífs]. (PL91, dálkur 461).“ Í öðru riti segir Bæði: „Quod uero numerus centenarius ... magnam perfectionem sive bonae actionis seu spei aut uitae celestis solet insinuare.“ [En talan hundrað þýðir venjulega mikla fullkominun góðra verka, vonar eða himnesks lífs] (Kendall, 2008, bls. 238; CCSL 118A, bls. 162).

19 Connolly (1995, bls. 31, PL91, dálkur 754): „Quapropter apte numero centenario et vicen-ario magna electorum beatitudo in futura vita designatur.“ [Þess vegna er víðeigandi að talan

Talan eitt hundrad gegnir hlutverki í bibliutúlkun miðalda. Í guðfræði þess tíma var haft fyrir satt að sveitir engla væru níu talsins. Maðurinn væri tíunda sveitin og fyllti þannig tuginn og þar með var heimurinn fullkominn.<sup>20</sup> En syndafallið breytti þessu og vegna erfðasyndarinnar var heimurinn ekki lengur heill. Til að lækna heiminn og ná aftur hinni fullkomnu tölu tíu sendi guð endurlausnara, þ.e. Krist. Þessa hugmyndafræði má greina hjá ýmsum höfundum sem tengdu hana við dæmisögurnar um týnda sauðinn (Matt. 18:12–14; Lúkas 15:3–7) og týnda silfurpeninginn (Lúkas 15:8–9). Í fyrri sögunni var það týndi sauðurinn sem fyllti hundradið, í hinni seinni var það týndi peningurinn sem fyllti tuginn. Hér skulu tvö dæmi tekin sem sýna hve miðlæg þessi hugmynd var, annað eftir Eriugena (9. öld), hitt eftir Hildegard frá Bingen (12. öld). Eftir að hafa rætt endurreisn Mannsins segir Eriugena að sama eigi við um hundradasta sauðinn, sem hafði villst frá hinni himnesku rétt, en góði hirðirinn, þ.e. Kristur, fann hann og bar heim á herðum sér. Sauðurinn er númer hundrad því að við syndafallið hafði skarð verið höggvið í fullkomnun hinnar himnesku Jerúsalem en talan merkir fullkomnun hennar. Þetta skarð verður fyllt þegar mannkynið hverfur aftur til Krists sem rikir þar.<sup>21</sup> Með öðrum orðum endurspeglar talan eitt hundrad fullkomnun himnaríkis sem aðeins áorkast með komu Krists.

Hildegard frá Bingen lýsir í ritinu *Scivias* táknrænni byggingu sem felur í sér sögu endurlausnarinnar.<sup>22</sup> Bygging þessi er hundrad álna löng, sem þýðir, segir hún, að talan *tíu* minnkaði af völdum manna við syndafallið en var endurreist af Syninum og margfölduð með tíu svo að úr yrði hundrad, svo sem hjálpraði margfaldar dyggðirnar. Skilja má lýsingu Hildegards svo að á efsta degi tífaldist talan enn og úr verði hin fullkomna tala eitt þúsund (tíu í þriðja veldi) sem á við hina himnesku Jerúsalem. Hildegard leggur síðan út af dæmisögunni um konuna sem týndi einum peningi af tíu, kveikir þá á lampa, Kristi, sem var allt í senn guð, maður og sól réttlætisins og leitar vandlega uns hún finnur hann.

120 standi fyrir/tákni mikla hamingju hinna útvöldu í framtíðinni.] Í *Íslensku bómilubókinni* er þetta orðað svo: „Þá er allir guðs menn eru komnir til ríkis ins himneska föður, eru þeir ódauðlegir, alhelgir og alsælir, sínum himneska föður líkir.“ (Sigurbjörn Einarsson o.fl. 1993, bls. 40).

20 Sjá t.d. *Elucidarius* (Gunnar Harðarson, bls. 50 og 54).

21 Sheldon-Williams og O'Meara (1987, bls. 695).

22 Hart og Bishop (1990, bls. 334). CCCM 43A, bls. 363–64.



Af þessum dæmum sést hve miklu máli skipti að *talán* væri rétt. Aðeins þannig var heimurinn fullkominn, líkt og sköpunarverk Guðs hlaut að vera.<sup>23</sup> Niðurstaðan er sú að í kirkjulegu umhverfi var talán hundrað þrungin merkingu og í allegórísku samhengi væri hún á víðeigandi stað í heimkomusöggunni. Heimkoman jafnast þá á við komu Krists.<sup>24</sup>

## Sigurður sýr

Eitt af því sem einkennir Sigurð er blár litur hans á akrinum.<sup>25</sup> Í riti sínu um tjaldbúðina segir Beda að blár (*hyacinthus*) sé litur *loftsins* og *himinsins*<sup>26</sup> og sé t.d. víðeigandi tákn fyrir *himneska blessun*.<sup>27</sup> Síður, blár kyrtill tákna *himnesk verk* allt til æviloka.<sup>28</sup>

Stafur Sigurðar hafði hring úr silfri á gylltum silfurhólk. Það er óvenjulegt að svo greinilegu einkennistákni (e: *attribute*) sé flaggað í norrænni frásögn. Við fyrstu sýn mætti ætla að þarna væri komið stöðutákn Sigurðar sem konungs Hringaríkis. En hvað væri hann að þvælast með það í miðjum heyskap, ef svo mætti að orði komast, og hví er því lýst svo nákvæmlega?<sup>29</sup> Táknngildi stafsins rímar við bláan lit klæðanna: Silfur tákna *orð Guðs*,<sup>30</sup>

23 Í *Elucidarius* I 109 er þetta orðað svo, að Guð hafi afráðið að fylla tölu heilagra úr kyni mannsins (Gunnar Harðarson 1989, bls. 63).

24 Samkvæmt Byrthferth (við upphaf 11. aldar) er talán eitt hundrað lokatakmark lífsins og ávísun á eilífa hamingju þess sem fylgir hinum góða vegi og hefur tileinkað sér dyggðirnar sjö og hafnað löstunum, kynnt sér boðorðin tíu og testamentin tvö, meðal annars allegóríska merkingu þeirra (Baker og Lapidge 1995, bls. 217).

25 Blár litur í norrænum fornbókmenntum getur verið allt frá blásvörtum yfir í himinbláan lit (sjá Wolf 2006). Sjá Sävborg (2017, bls. 117–18) um blá klæði sem tákn í Íslendingasöggunum.

26 Holder (1994, bls. 49).

27 „Hyacinthum diximus, quoniam aeri coloris est, coelestium bonorum significationi congruere.“ (PL91, dálkur 428; Holder 1994, bls. 52). „... quod hyacinthus spem coelestium bonorum.“ (PL91, dálkur 460, Holder 1994, bls. 102).

28 „Item tunica talari sacerdos tota hiacinthina vestitur, ut admoneatur opus coeleste non inchoandum tantummodo, verum etiam usque in finem in eo esse perseverandum omnibus qui salvi esse voluerint.“ [Presturinn er líka klæddur síðum bláum kyrtli til að minna á að þeim sem vilja frelsast nægir ekki að byrja hið himneska verk heldur verða þeir einnig að ástunda það allt til enda.] (PL91, dálkur 475, Holder 1994, bls. 126). Hér tákna sidd kyrtilsins ævilok, en í miðaldarritum var titið á mannlíkamann sem tímaskala þar sem feturnir samsvöruðu ævilokum, sbr. Árni Einarsson (1997, bls. 194).

29 Hallvard Lie (1937, bls. 69) veitir þessu eftirtekt og segir að frásögnin hlaupi öll bókstaflega út í enda stafsins og nefnir „ritlistarlegan oddbogastil“ (*litterær „spissbuestil“*) með vísan í gotneskan oddboga og áætlað samband hans við skólaspekina.

30 *verbum Dei* (Beda, PL91, dálkur 457; Holder 1994, bls. 97).

gull tákna *sanna speki*,<sup>31</sup> *visku í rétttri trú* eða *spekt*<sup>32</sup> og hringur tákna *eilífð*.<sup>33</sup> Í *Íslensku hómiliubókinni* (bls. 109) tákna hringur *guðs miskunn*. Skýrari verður myndin varla.

Talan þrír gæti verið lykiltríði. Sigurður gengur um akurinn og lítur eftir uppskerunni *við þriðja mann*. Talan þrír vísar jafnan til *heilagrar þrenningar*, beint eða óbeint.<sup>34</sup> Þegar Sigurður fer heim er hann klæddur sem konungur. Hann hefur skipt um lit, úr bláu og gráu í rautt og gyllt og er nú með þrjátíu manns með sér. Í táknafræði kristinnar merkir slík tala *þrjá tugi*. Talan þrír heldur tákngildi sínu en hún eflist við tífoldunina, líkt og gildir um töluna eitt hundrað hér að framan.<sup>35</sup>

Akuryrkju Sigurðar er lýst óvenjulega myndrænt: „Sigurður konungur sýr var þá staddur út á akri ... Hann hafði þar marga menn. Sumir skáru korn, sumir bundu, sumir óku heim korni, sumir hlöðu í hjálma eða í hlöður. En konungur og tveir menn með honum gengu stundum á akurinn, stundum þar er hlaðið var korninu.“ Uppskeran í sögunni fellur vel að efninu. Akur og uppskera er alkunn myndlíking fyrir orð *guðs* og á sér rætur hjá Mattheusi („Akurinn er heimurinn“, Kristur sáir góða sæðinu í hann. Matt. 13:37–38) og Páli postula („þér eruð Guðs akurlendi“, 2. Kor. 9).<sup>36</sup> Peter Hallberg (1987) tók saman tákngildi akuryrkjunnar í íslenskum miðaldaheimildum og meðal dæma staldrar hann við *Nikuláss sögu erkibiskups* þar sem minnst er á *sæði trúarinnar* og að *ávaxtartími* sé *kominn öllum heimi* og að *flytja fagran ávöxt af frjósamri jörðu til kornhlöðu himnakonungs*. Í *Jóns sögu helga* koma fyrir hugtökin *guðlegur akur* og *akur guðlegrar miskunnar*.<sup>37</sup> Í imbrudagapredikun *Íslensku hómiliubókarinnar* er einnig leikið með akuryrkjulíkingar.<sup>38</sup>

31 *veræ sapientia* (Beda, PL91, dálkur 399; Holder 1994, bls. 9).

32 *Íslenska hómiliubókin* (Sigurbjörn Einarsson o.fl. 1993, bls. 84 og 118).

33 *aterna* (Beda, PL91, dálkur 403; Holder 1994, bls. 14).

34 Beda (Connolly 1995, bls. 23; PL91: dálkur 749): „Tria pertinent ad spem divinæ visionis.“ [Þrír eiga við vonina um að líta Guð]. Tang (2015) bendir á að talan þrír virðist tengd konungdómi í norrænum fornþekktum.

35 Í kristnum táknskýringum er iðulega margfaldað með boðorðunum tíu (Beda í Holder 1994, bls. 7 og Connolly 1995, bls. 23) og tala þannig færð í himneskt veldi (tákn um eilíft líf, t.d. Connolly 1995, bls. 38).

36 Ritningin er akur þar sem menn sækja andlega fæðu (sjá Jager 1993, bls. 80). Kirkjan er *akur Guðs* skv. hómilíum Ælfric (diNapoli 1995, bls. 13).

37 Guðni Jónsson (1948 bls. 39 og 43).

38 Sigurbjörn Einarsson o.fl. (1993, bls. 50–51).

Hér virðist flest bera að sama brunni. Ef Sigurður sýr er allegórísk persóna, byggð upp af táknum úr hómilíuhefð kirkjunnar, þá væri hann helst guð almáttugur, einhvers konar persónugervingur himnaríkis eða a.m.k. mjög tengdur þeim stað.<sup>39</sup>

Við þetta er því að bæta að í *Ólafs sögu helga hinna sérstöku* – en *Ólafs saga helga* í *Heimskringlu* er oft talin yngri og styttri útgáfa af henni (sjá Whaley 1991) – er Sigurður sýr m.a. sagður spekingur mikill, góður landstjórnamaður, réttlátur og hófsmaður um alla hluti. Verður ekki betur séð en hér séu komnar höfuðdyggðirnar fjórar: Vitra (viska), styrkur, réttlæti og hófsemi (sbr. *Íslenska hómilíubókin*, bls. 151). *Mariu saga* segir um *styrk*, *réttlæti* og *hófsemi*, að viðbætti *stillingu*, að þessa hluti megi engir hafa nema góðir menn „og kallast þetta líking Guðs, því að sá líkist Guði er þessa hluti hefir“.<sup>40</sup>

Þó að þetta sé skýr og afdráttarlaus mynd af guði líkum Sigurði, er eftirtektarvert að í öðrum heimildum ber hann lítt kristið svipmót.<sup>41</sup> Eitt af bernskubrekum Ólafs var að söðla Sigurði geithafur sem reiðskjóta, en Sýnagóga, samkunduhús Gyðinga persónugert, var stundum sýnd ríðandi á geit, og var það ætlað henni til minnkunar.<sup>42</sup> Í Morkinskinnu er vísa þar sem látið er liggja að heiðnu hátterni Sigurðar sýr („gerði garð um hestredur“).<sup>43</sup>

Ólafur helgi kemur, sér og sigrar sem ígildi Krists og fyllir töluna eitt hundrað með endurlausnina í farteskinu. Koma Krists markar skil milli gamla og nýja sáttmála, Gamla og Nýja testamentisins, gyðingdóms og kristni, og um þau skil snýst mikill tákneimur í mynd- og ritlist miðalda. Í því samhengi má velta því fyrir sér, að sé Ólafur hinn heimkomni Kristur, þ.e. *nýi* sáttmálinn, þá gætu þau sem fyrir eru verið fulltrúar hins *gamla*.

Fulltrúar gamla sáttmála voru fjölmargir, en Adam, Eva, Abraham,

39 Grái víði hatturinn og gráa kápan gæti þá verið vísun til skýja, þótt sú túlkun á gráum lit sjáist hvergi í þeim heimildum sem athugaðar voru (sjá *Mynd 4*).

40 *Ólafs saga helga hin sérstaka*, 18. kafli, bls. 31 (sem reyndar er utan heimkomusögunnar sjálfrar). Sjá einnig *Jóns sögu baptista 2* (viska, stilling, styrkleiki, réttlæti) (Unger 1874, bls. 306). Um dyggðirnar, sjá Katzenellenbogen (1964). *Mariu saga*: Sjá Ásdísi Egilsdóttur o.fl., 1996, bls. 59. Einnig Meldahl (2007).

41 Hilda Ellis Davidson (1998, bls. 87–88) veur m.a. máls á því. Hún byggir einkum á viðurnefni Sigurðar og akuryrkju hans.

42 Mellinkoff (1970, bls. 176).

43 Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson (2011, bls. 139).

Móse, Salómon, Davíð og Sýnagóga voru hvað algengustu tákngevingar hans. Athyglin beinist strax að Móse, því að persóna í hófstílltum lit með staf og hulið andlit, líkt og Sigurður sýr, minnir á hann. Móse er oft sýndur á miðaldamyndum í tempurðum lit til að minna á að náðina vanti (náðin kom með Kristi).<sup>44</sup> Móse samsvaraði Kristi samkvæmt Elucidariusi, og „Móses spámaður jarteignar guð almátkan“ segir í gömlu hómiliubroti.<sup>45</sup>

Sigurður hafði *url* um andlitið. Orðið *url* mun tökuorð úr engil-saxnesku, *orel*, sem þýðir skýla.<sup>46</sup> Andlitsskýla Sigurðar gæti verið vísan í að Móse huldi ásjónu sína er hann flutti Gyðingum boðorðin, „ ... en þegar hann gekk til máls við drottin þá tók hann af höfði sér þá hulning er hann talaði við guð.“<sup>47</sup> Þessi andlitsskýla (*velamen*) varð Páli postula umfjöllunarefni í samanburði gamla og nýja sáttmála: Gamla testamentið huldi andlit guðs og þurfti að svipta hulunni af því til að sjá hið sanna orð hans (2. Kor. 3:13–18).

Ein af stöðluðum helgimyndum af Móse á miðöldum sýnir hann fara úr skónum að boði guðs (2 Mós. 3, Giess 1961). Sá atburður markar upphafið að heimferðinni frá Egyptalandi sem endurspegladist síðar í frelsun mannsins í Nýja testamentinu.<sup>48</sup> Í biblíuþýðingu í handritinu *Stjórn* segir: „Gakk eigi hingað segir guð þá til hans. Tak heldur af þér skóklæðin fyrir þann skyld að sá staður er heilög jörð á hverjum er þú stendur“.<sup>49</sup> Um Sigurð konung segir: „Nú er konungur hafði þetta mælt þá sest hann niður og lét draga af sér skóklæði ... “.

Spyrja má hvort talan þrír (þrenningin á akrinum) tengist Móse. Sú tenging gæti falist í skiptingu mannkynssögunnar í *þrjár tíðir veraldar*. Ein var fyrir lög Móse (*ante legem*), önnur var undir lögum Móse (*sub lege*), hin þriðja er undir miskunn (*sub gratia*), þ.e. frá burði Kristis til enda veraldar. Þrískipting þessi birtist m.a. í *Elucidariusi* (bls. 73) og *Íslensku hómiliubókinni* (bls. 108). Þannig hefði Sigurður sem Móse verið fulltrúi fyrir

44 T.d. Meier (1972, bls. 325–29).

45 *Elucidarius* (Gunnar Harðarson 1989, bls. 68). Hómiliubrot: AM 624 4to, fol. 24r (Pelle 2016).

46 Bosworth (2014); sjá einnig Bjarna Aðalbjarnarson (1979, bls. 41).

47 Úr biblíuþýðingu í handritinu *Stjórn* (Unger 1862, bls. 315).

48 Roberts (2014, bls. 103) orðar þetta svo: „The Exodus from Egypt functions as a fundamental paradigm within which Christ and the salvation he brings is presented and understood in the New Testament.“ [Brottförin frá Egyptalandi er meginrammi, utan það hvernig Nýja testamentið fjallar um og túlkar Krist og hjálpræðið sem honum fylgir.]

49 Unger (1862, bls. 259).

tímabilið *undir lögum* en fylgdarmenn hans fulltrúar hinna tímanna tveggja. Tíðunum þremur var jafnað við heilaga þrenningu.<sup>50</sup>

Stafur var einkenni Móse og var formynd að krossi Krists (Schiller 1971).<sup>51</sup> Stafur, hringur og andlitsskýla koma einnig fyrir í sögunni af Júda og Tamar í Fyrstu Mósebók (38). Júda var einn af sonum Jakobs. Hann gat tvíburasyni við tengdadóttur sinni og varð annar þeirra ættfaðir konungsættar Gyðinga, þar á meðal Davíðs, Salómons og Krists (Matt. 1:3; Lúkas 3:33). Tamar brá sér í gervi vændiskonu, huldi andlitið til að þekkjast ekki og tældi Júda til lags við sig. Hann lét af hendi staf sinn, festi og innsigli sem tryggingu fyrir greiðslu. Myndskreytt biblíuhandrit frá 11.–12. öld (*Cotton MS Claudius B IV*) sýnir innsiglið sem hring og á einni myndinni er Júda með einkennistákn sem vísar til sögunnar, langan staf með hring á endanum (*Mynd 2*, sjá einnig *Mynd 3*). Júda var ein af formyndum Krists en Tamar var formynd Kirkjunnar.<sup>52</sup> Mögulegt er að hringskreyttur stafur Sigurðar sýr vísi í þessa sögu. Þá má ímynda sér að stafur, hringur, skór og andlitsskýla séu hópur tákna sem á að tengja Sigurð við Móse og Júda og þar með Gamla sáttmála. Sigurður er þá ekki í hlutverki tiltekinnar persónu Gamla testamentisins heldur einfaldlega guð Gamla sáttmála. Umbreyting hans úr bláu í rautt við heimkomu Ólafs verður þá vel skiljanleg. Rauður er litur heilags anda.<sup>53</sup> Heildarmerking Sigurðar lýtur að uppfyllingu lögmálsins við komu Krists: Hann ummyndast úr gamla lögmálinu í hið nýja. Guð tekur á sig nýja mynd með komu Krists. Rauði liturinn sem fylgir Kristi táknar líka píslardauða hans. Táknmyndin nær þó enn dýpra: Þeir sem túlkuðu söguna af Júda og Tamar að týpólógískum

50 Meyer (1975, bls. 118). Liere (2013). Meyer (sama rit, bls. 119) nefnir tvær aðrar þrískiptingar heimssögunnar þar sem Móse kemur við sögu. Heimsaldrar voru stundum persónugerðir, t.d. Hildegard frá Bingen (Fox 1987, bls. 186 og áfram).

51 Stafur Móse var jafnan nefndur *vöndur*, m.a. í elstu varðveittu norrænni biblíuþýðingu (Stjórn). Vöndur Arons, bróður Móse samsvaraði Maríu mey skv. *Þriðju málfræðiritgerðinni* (Ólafur Þórðarson 1927, bls. 89).

52 von Erffa (1995): *Ikonologie der Genesis*: 2. bindi: 438–45. Manuth (2017).

53 T.d. táknar *rauðklæddur riddari* í allegóríska ritinu *Queste del Saint Graal eld heilags anda*, og síðar í sama riti táknar rauður litur *nád heilags anda*. (Matarasso 1969, bls. 100 og 173; sjá einnig Stones 2009). Í verkum Hildegard frá Bingen táknar rauður litur einkum guðlega ást en fleiri merkingar koma við sögu, t.d. miskunn, réttlæti, guðs reiði og heimsendir (Árni Einarsson 2001, bls. 393). Sjá einnig Beda (Holder 1994, bls. 50 og 114). Rautt sem litur blóðs, og þar með Krists, táknar líka endurlausnina (Hopper, bls. 183).



Mynd 2. Júda með einkennistákn sem vísar til sögunnar um viðskipti hans við Tamar. Hann er í gráleitum kyrtli og raudri skikkju. Á annarri mynd í sama handriti er hann í ljósum kyrtli með bláa skikkju. Úr bibliuhandritinu Cotton MS Claudius B IV, fol. 56 v. Aldur u.þ.b. 1050 – 1200. British Library Board, birt með leyfi. [https://www.bl.uk/manuscripts/Viewer.aspx?ref=cotton\\_ms\\_claudius\\_b\\_iv\\_f5001r](https://www.bl.uk/manuscripts/Viewer.aspx?ref=cotton_ms_claudius_b_iv_f5001r).



Mynd 3. Júda og Tamar með bring og staf. Hann er í gráleitum kyrtili, hún í bláu. MS M.751 fol. 4v. Frakkland, hugsanlega Amiens, milli 1300 og 1310. The Morgan Library & Museum, New York, birt með leyfi. <http://ica.themorgan.org/manuscript/page/8/115343>.

hætti fullyrtu að stafur Júda væri formyndin að krossi Krists og hringurinn táknaði Kirkjuna.<sup>54</sup> Hið sama gæti vel átt við staf Sigurðar.

En sagan er ekki öll. Þrír menn saman á ferð er kunnugt Biblíumótíf sem gæti kallast á við þríeykið á akri Sigurðar sýr. Á helgimyndum frá miðöldum og síðari tímum eru mennirnir sýndir með pílgrímastafi og oft með bardastóra hatta, ólíka hinum venjulegu Gyðingahöttum (Mynd 4).<sup>55</sup> Þetta eru tveir postulanna á leið til Emmaus en sá þriðji er

54 von Erffa (1995): *Ikonomie der Genesis*: 2. bindi: 438–45.

55 Sjá m.a. Kendall (1970).



Mynd 4. Kristur og pílágrímarnir í Emmaus. Kristur er bláklæddur og berfættur, postularnir í daufum grænum, rauðum og gráum litum; hattarnir gráir, uppháir skór. Úr Ingeborg-saltaranum (um 1200). Chantilly, Musée Condé, 0009 (1695) fol. 30v. *The Virtual Library of Medieval Manuscripts (BVMM)*. <https://bvmm.irht.cnrs.fr/mirador/index.php?manifest=https://bvmm.irht.cnrs.fr/iiif/182/manifest>.

Kristur upprisinn sem slæst í förina (Lúkas 24:13–53) en „augu þeirra voru svo haldin að þeir þekktu hann ekki“ („oculi autem illorum tenebantur ne eum agnoscerent.“ Lúkas 24:16). Þeir spyrja hann hvort hann sé ókunnugur (lat: *peregrinus*) í Jerúsalem (Lúkas 24:18) en það orð var einnig túlkað sem *pílágrímur* og þaðan mun runnið pílágrímagervi þremminganna.<sup>56</sup> Jafnan er vísað til helgimyndanna sem *Jesú og pílágrímana í Emmaus* og var það myndefni gjarnan í klastrum þar sem pílágrímar áttu vísan beina.<sup>57</sup>

56 Hall (1979, bls. 178–79).

57 Hall (sama rit, bls. 179).



## Ásta

Persóna Ástu er frekar gagnsæ. Talan fjórir og fjórar áttir koma upp um hana. Í grunninn tákna talan fjórir jörðina og allt jarðneskt, eins og fyrr segir, en í kirkjulegu umhverfi tákna talan oftast hina jarðnesku hlið kristninnar, þ.e. guðspjöllin fjögur eða guðspjallamennina sem breiða út orð guðs í fjórum áttum heims.<sup>58</sup> Jörð er jafnað til kristni í *Íslensku hómiljubókinni* (bls. 283) og einnig sögð *brúður Krists* (bls. 300). Í því samhengi fær stofa Ástu nýja merkingu sem Kirkja, sem líka var brúður Krists. Þegar fjórar konur skreyttu hana gæti skrautið táknað höfuðdyggðirnar samkvæmt hómilíuhefðinni og jafnframt orð Krists í fjórum guðspjöllum.<sup>59</sup> Ásta og/eða stofan gætu verið Kirkjan eða jafnvel samkunduhús Gyðinga (Sýnagóga) sem umbreytist í kirkju við komu Krists.<sup>60</sup> Ásta gæti jafnframt verið María því að hún var einnig tákmynd kirkjunnar.<sup>61</sup> Þá kemur Marta til greina, en dæmi er um að hún táknaði kirkjuna þar sem hún tók á móti Kristi í húsi sínu og merkti þannig trúaða sem hreinsuðu hífýli í hjörtum sínum fyrir Krist.<sup>62</sup> Hér er af nógu að taka enda eru þetta miðlæggar og samfléttaðar tákmyndir og ein útilokar ekki aðrar.

Heimkomusagan klifar á tölunni tveir í sambandi við Ástu. Hómilíuhefðin minnst á ýmsar tvenndir. Sú sem virðist líklegust er Gamla og Nýja testamentið en önnur algeng túlkun er Adam og Eva, tvöfalt eðli Krists sem bæði guð og maður, og ást á guði og náunganum. Ef dýpra er skyggst er talan *tveir* fyrsta kventalan en jafnar tölur voru taldar kvenkyns og líkt við móður, þar á meðal móður höfuðskepnanna (frumefnanna) fjögurra<sup>63</sup> og er þá jarðarsamband Ástu aftur komið. Talan tveir í heimkomusögunni

58 Beda í Holder (1994, bls. 14 og 20), sjá einnig *Íslensku hómiljubókina*, bls. 258, Enchiridion (Baker og Lapidge 1995, bls. 221), Árna Einarsson (1997 og 2001) og Hopper (2000, bls. 83–84).

59 Í *Íslensku hómiljubókinni* (Sigurbjörn Einarsson o.fl. 1993, bls. 75) kemur fyrir hugtakið *skraut andarinnar* (þ.e. sálarinnar).

60 Margar konur úr Gamla Testamentinu voru formyndir kirkju og samkunduhússins, sbr. Rabanus Maurus, PL 111, dálkar 37–38, 41, 49, 57–58, 65, 75, 80 og 82 (Migne 1855).

61 Samsvörun Maríu og kirkjunnar virðist ekki hafa verið opinber guðfræði á þessum tíma en höfundar á 12. öld léku sér engu að síður með hugmyndina (Cunningham, 1958; sjá einnig Dillenschneider 1961).

62 Blickling-hómilía (fyrir lok 10. aldar) skv. Pickrel (1944, bls. 78). Sjá Morris 1874–80, bls. 72.

63 Hopper (2000, bls. 39). *Martianus Capella* (Stahl o.fl. 1971, bls. 277–78). *Macrobios* (Stahl 1990, bls. 99).

þarf þó ekki að vera annað en bending á Markúsarguðspjall,<sup>64</sup> eins og minnst er á í upphafi greinarinnar, og ef til vill meðvituð vísbending til lesanda um allegórískt eðli sögunnar.

## Hundrað fimmtíu og þrjár fiskar

Þegar hópar manna og kvenna í heimkomusögunni eru lagðir saman kemur út talan hundrað fimmtíu og þrjár: Ólafur kemur með hundrað manns, Sigurður fer heim af akrinum með þrjátíu manna hóp og tuttugu manns eru nefndir í veisluundirbúningi Ástu. Talan hundrað fimmtíu og þrjár kemur fyrir í Jóhannesarguðspjalli (21:1–14) sem sá fjöldi *fiska* sem postularnir veiddu eitt sinn þegar Kristur birtist þeim eftir upprisuna. Fiskinótin samsvarar heilagri kirkju segir Gregoríus mikli í einni hómilíu sinni<sup>65</sup> og í annarri kveður hann töluna hundrað fimmtíu og þrjár tákna *þá útvöldu í hinu himneska landi*.<sup>66</sup> Talan hundrað fimmtíu og þrjár táknar því nokkurn veginn hið sama og talan eitt hundrað í heimkomusögunni. Svo vill til að í næsta kafla á eftir heimkomusögunni (nr. 35) er þess getið að fiskar (og mjólk) hafi verið í matinn hjá liði Ólafs annan hvern dag.<sup>67</sup> Allegoríaen virðist þannig gagnunnin.

## Umræða

Miðaldafræðingurinn Robert Worth Frank Jr. (1914–2003) gerir skýran greinarmun á allegoría sem byggir alfarið á táknum (*symbol-allegory*) og þeirri sem felst í nafngreindum persónugerðum hugtökum (*personification-allegory*).<sup>68</sup> Heimkomusagan er dæmi um hið fyrrnefnda. En þeim

64 Byrhtferth nefnir tvenndir postulanna í alfræðiriti sínu *Enchiridion* (sjá Baker og Lapidge 1995, bls. 199).

65 „Sancta Ecclesia sagenae comparatur“ (Gregoríus mikli. XL Homiliarum in Evangelia Liber Primus. Bls. 54). Í *Íslensku hómilíubókinni* er talað um *fiska í trúarnótinni* (Sigurbjörn Einarsson o.fl. bls. 237).

66 „Post resurrectionem ergo Domini missum rete dignum fuit ut tot pisces caperet, quot solummodo electos cives supernae patriae designarent.“ [Eftir upprisuna var því netið sent Drottni, og það var viðeigandi að veiða einmitt þennan fjölda fiska, þar sem þeir eiga einungis við útvalda borgara hins himneska lands.]. (Gregoríus mikli. XL Homiliarum in Evangelia Liber Secundus. Bls. 24).

67 „Sigurður konungur veitti þeim annan hvern dag að borðhaldi fiska og mjólk en annan hvern slátur og mungát.“

68 Frank (1953). Í persónugerðri allegoría er teft fram persónum sem heita eftir ákveðnum

flokki má aftur skipta í tvennt eftir því hvort tákni í sögunni eru útskýrð af höfundu eða ekki. Í heimkomusögunni eru engin táknbær atriði útskýrð.<sup>69</sup> Ef viðtakandi á að koma auga á allegóriuna þarf hann að vera læs á táknmálið og nokkuð fótviss í kristnum ritningar- og kenningaheimi, eða a.m.k. vera í samneyti við fólk sem hrærist í slíkum heimi og má helst sjá fyrir sér klaustur í því sambandi.<sup>70</sup>

Allegórísk saga, þar sem útskýringar fylgja, gagnast e.t.v. breiðari hópi. Dæmi um slíka sögu er *Queste del Saint Graal* (Leitin að gralinu helga, Frakkland um 1210). Í henni verða einkennilegir og augljóslega táknrænir atburðir. Síðar í verkinu hittir söguhetjan vitring sem útskýrir merkingu þeirra (Matarasso, 1969). Annað dæmi um þessa gerð af allegoríu er *Rauðúlfs þáttur* sem er m.a. í *Ólafs sögu helga hinnu sérstöku* en finnst sjálfstæður í ýmsum handritum. Í þættinum úir og grúir af táknum. Hinn óþekkti höfundur hans var vel að sér í táknmáli sem hann notar bæði ljóst og leynt til að spinna marglaga allegoríu kringum Ólaf helga. Hann sviðsetur geðþekkar persónur í húsi sem er greinileg eftirmynd heimsins þótt það sé hvergi sagt berum orðum. Með táknrænum draumi þar sem leikið er með helstu fræði er varða samsvörun manns, heims, tíma, eilífðar og endurlausnar er Ólafi konungi stillt upp sem staðgengli Krists. Þetta er gert af list sem sýnir að höfundurinn hefur verið viðlesinn lærdómsmaður úr kirkjulegu umhverfi.<sup>71</sup> Rauðúlfur, eigandi hússins, útskýrir rækilega fyrir Ólafi konungi merkingu draums sem hann dreymdi. En draumurinn er aðeins hluti allegoríunnar sem er byggð á mun stærri sviðsmynd. Höfundurinn lætur ógert að túlka þá sviðsmynd en sá sem ber kennsl á hana sér helgi Ólafs í skýru ljósi. *Rauðúlfs þáttur* geymir þannig tvöfalda allegoríu þar sem önnur er útskýrð en hin ekki.<sup>72</sup>

Þegar hvergi er sagt berum orðum að saga sé allegoría þarf að færa sérstök rök fyrir því að svo sé.<sup>73</sup> Í þessari rannsókn liggja þau rök í táknum

hugtökum og eru fulltrúar fyrir þau. Eiginleikar persónanna eru gefnir um leið og nafn þeirra er nefnt og enga gátu að leysa hvað það varðar. Sérstök tákni eru óþörf.

69 Mögulegt er að einhvers konar útlekking hafi upphaflega fylgt heimkomusögunni en hún hafi ekki verið tekin með í *Heimskringlu* og þannig glatast.

70 Snorri Sturluson hefur mögulega haft nokkra klerklærða menn í þjónustu sinni (Mundal, 2018, bls. 420).

71 Árni Einarsson (1997, 2001, 2005, 2010).

72 Árni Einarsson (1997); sjá einnig Loescher (1981).

73 Sjá t.d. Whittington (2012) og í norrænu samhengi m.a. Jonas Wellendorf (2017).

og samhengi þeirra og hvort tenging við ríkjandi heimsmynd og trúarkenningu gangi upp.

Í þessari grein er látið reyna á þá tilgátu að heimkomusagan sé samin sem allegoría í kristnum anda. Það er fyrst og fremst hin óvenjulega samþjöppun táknbærra atriða sem kallar á allegóríska túlkun en táknbær atriði eru fremur strjál í öðrum köflum *Ólafs sögu helga*.<sup>74</sup> Tilgátan felur í sér að táknbær atriði í heimkomusögunni verði skiljanleg ef hómilíutáknmál er haft til viðmiðunar – sagan fái nýja merkingu þegar táknin eru lesin í anda hómilíuhefðar. Táknunum þarf að bera saman innbyrðis og túlkun þeirra að leiða til niðurstöðu sem fellur að trúarkerfi á líklegum ritunartíma sögunnar.

Þegar kirkjulegt hómilíutáknmál frá því fyrir ritunartíma *Heimskringlu* er mátáð við heimkomusöguna opnast túlkunarmöguleikar sem áður hafa virst fjarlægir:

1. Ólafur kemur heim með hundrað manns. Talan vísar á himneska Jerúsalem, endurlausn og eilífa hamingju hinna útvöldu, sem sé komu Krists.

2. Sigurður ber búning og tákn sem vísa til himins, orðs guðs, eilífðarinnar og þrenningarinnar en minna einnig á gamla sáttmálann (Gamla testamentið) með táknum sem fylgja Móse (stafur, hula um andlit, tempraðir litir, skóklæði) og Júda (stafur, hringur, andlitsskýla). Litir Sigurðar breytast úr gráu og bláu í rautt og gyllt við komu Ólafs helga og tákna nú fulla speki, guðs ást og heilagan anda. Sigurður er þannig fulltrúi gamla sáttmála sem umbreytist í hinn nýja við komu Krists. Víður hattur, stafur og hulið andlit tengir Sigurð líka við Krist upprisinn og pílgríma í gegnum sögu Jóhannesarguðspjalls um ferðina til Emmaus. Stafur og hringur tákna kross Krists og Kirkjuna.

3. Ásta fer að dæmi Krists, sendir tólf menn, tvo og tvo til að sinna brýnum erindum og fjóra menn að safna til sín stórmönnum úr fjórum áttum. Tölurnar (tveir, og þó einkum fjórir) eru jarðneskar og vísa til guðspjallanna, kirkju og jafnvel Maríu meyjar. Skreyting stofunnar má útleggjast svo að Kirkjan skryðdist við komu Krists (Ólafs) og gæti jafnframt minnt á að Sýnagóga breyttist þá í Kirkju.

4. Samanlagðir flokkar Ólafs, Ástu og Sigurðar (talan hundrað fimmtíu

74 Óbirt úttekt höfundar.

og þrír) gefa táknálsnæmum lesanda tilefni til að bera heimkomusöguna við upprisú Krists og hamingju útvaldra á himnum.

Fullyrða má að nóg sé af táknum og tilvísunum í heimkomusögunni til að leggja megi út af henni bibliulega að hómilískum hætti. Táknin, sviðsetning þeirra og atburðarás verða helst túlkuð sem mikilvægar vörður á leið til endurlausnarinnar. Þeim er raðað saman í eina mynd í þremur persónum í stuttum texta þar sem engu er ofaukið. Kjarni heimkomusögunnar verður Ólafur sem ígildi Krists. Hann ríður í hlað sem lausnarinn upprisinn og fullkomnar hina Himnesku Jerúsalem því að mannkyn hverfur loks þangað heim. Viðfang heimkomusögunnar er uppfylling lögmálsins og um leið samjöfnun Ólafs og Krists, upphafning Ólafs í himneskt veldi.

Eins og fyrir er drepíð á endurpegláði mannskepnan alheiminn. Þess vegna býr ávallt a.m.k. tvöföld merking í táknumyndum sem dregnar eru upp í hómilíuhefðinni. Í mannum býr sál og líkami, himinn og jörð, tölurnar þrír og fjórir. Sálin (Sigurður) skryðist gylltu og rauðu, andlegri spekt (gylltur hjálmur), heilögum anda og kærleika (rauðu) við komu Krists. Líkaminn (Ásta) skreytir hús sitt með dyggðum. Mannskepnan er hólpín. Þannig felast í heimkomusögunni a.m.k. þrenn skilaboð: Mannskepnan er hólpín fyrir tilverknað Krists, sem enn lifir, lesandinn sjálfur á sér von um hjálpraði og Ólafur er staðgengill Krists og sannhelgur maður.

Túlkun heimkomusögunnar kallast augljóslega á við túlkun *Rauðúlfs þáttar*. Skírskotun til hinnar himnesku Jerúsalem er alveg ljós í *Rauðúlfs þætti* út frá tölum og geometríu (Árni Einarsson 1997) en í heimkomusögunni felst hún í tölunni *eitt hundrað* og heildarsamhenginu. Sá möguleiki er því fyrir hendi að *Rauðúlfs þáttur* og heimkomusagan séu eftir sama höfund og samstæðir hlutar af sögu endurlausnarinnar, ritaðir til að rækta helgi Ólafs. Heimkomusagan og *Rauðúlfs þáttur* eru þó sögur sem geta staðið sjálfstæðar að því leyti að allegoría hvorrar um sig gefur heila mynd og felur því hvorki í sér kröfu né ályktun um að *Ólafs saga helga* sé allegoría í heild sinni.<sup>75</sup> Sögurnar gætu þess vegna verið verk tveggja höfunda sem störfuðu innan sömu hefðar.

Fjórar góðar ástæður liggja fyrir rannsókn á táknumáli. Ein er sú að táknumál var mikilvæg hlið á miðaldamenningu. Önnur er að táknumálsnotkun kemur upp um menningarlegan bakgrunn höfundar og viðmælenda hans.

75 Sjá Males (2013).

Þriðja ástæðan er að greining á táknmáli í texta gefur innsýn í merkingu textans og hugsanlega allegoría.<sup>76</sup> Fjórdi ástæðan tengist sögu einstakra handrita og mögulegum sambræðingi sagna. *Ólafs saga helga* er dæmi um slíkan sambræðing. Hún er samsett verk með langan, flókinn og að ýmsu leyti óvissan aðdraganda.<sup>77</sup> Frekari rannsókna er þörf til að meta hverju þessi nýja rannsókn breytir um tilurð og túlkun Ólafs sögu í heild sinni. Sagan er hryggjarstykkið í *Heimskringlu*, sprettur upp úr helgisagnaritun um höfuðdýrling og píslarvott Norðurlanda og er jafnframt saga konungs er sameinaði Noreg undir einum lögum og merkjum kristni. *Ólafs saga helga* er talin bera sum helstu einkenni dýrlingasagna og er þá tekið mið af kraftaverkasögum og heildarbyggingu<sup>78</sup> en táknafræði hefur ekki verið beitt við túlkun sögunnar fyrr en nú. Hrá tákni og biblíutilvísanir, sem einkenna heimkomusöguna og gefa allegóriusmið til kynna, eru óalgeng í öðrum köflum *Ólafs sögu helga*. Mörk allegoría eru þó jafnan óljós. Haki Antonsson (2018) tiltekur fjölmörg dæmi úr norrænum forntextum þar sem kristin kenning um fordæmingu og hjálpraði virðist ráða för. Sum textadæmin í rannsókn hans búa yfir glöggum táknum sem vísa veginn til upphafinnar íhugunar en á hinum enda rófsins eru textar sem e.t.v. endurspeglar aðeins lærða heimsmynd klerklærðs höfundar.

Niðurstaða þessarar rannsóknar er að heimkomusagan, líkt og *Rauðúlfs þáttur*, sé allegoría sprottin úr kirkjulegum jarðvegi. Það gæti þýtt að helgi dýrlingsins hafi verið ræktuð markvisst með samningu slíkra verka.<sup>79</sup> Spurningin er þá hvort sú rækt hafi einskorðast við lokuð samfélög klaustra eða hvort hún hafi verið angi af víðfeðmari tilbeiðslu, sem gat tengst hinum fjölmörgu kirkjum helguðum honum, og ekki síst pílgrímsferðum til Niðaróss þar sem jarðneskar leifar Ólafs voru.<sup>80</sup>

76 Sjá t.d. Árna Einarsson (2010).

77 Sigurður Nordal (1914), Jónas Kristjánsson (1976), Whaley (1991), Guðrún Nordal o.fl. (1992, 2018), Lindow (2008), Sigurður Ingibergur Björnsson o.fl. (2021). Sjá einnig Meldahl (2007).

78 Sjá Whaley (1987) og Sverri Tómasson (1991, 1992, 1994 og 1998). Torfi H. Tulinius (2004) hefur ritað um *Egils sögu* í samhengi við túlkunarhefð Bibliunnar á miðöldum en Snorri Sturluson hefur oft verið nefndur sem höfundur *Egils sögu*, líkt og *Ólafs sögu helga*.

79 Um ritun slíkra verka, sjá t.d. Rudolph (2014).

80 Johansson (2018) og Mundal (2018) ræða hugsanleg áhrif kirkju og klerka í Reykholti á verk eignuð Snorra. Um kirkjur helgaðar Ólafi á Íslandi, sjá m.a. Cormack (1994). Pétur Pétursson prófessor emerítus og tveir ónafngreindir ritrýnar lásu greinina í handriti og Gunnar Harðarson prófessor yfirfor latneskar þýðingar. Athugasemdir þeirra voru kærkomnar.

## HEIMILDIR

## HANDRIT

*British Library, Lundúnum*

Cotton MS Claudius B IV

*Bibliothèque et Archives du Château de Chantilly, Chantilly*

Ms. 1695

*The Morgan Library & Museum, New York*

MS M.751

## ÚTGÁFUR

Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson (útg.). *Morkinskinna*. Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag, 2011.

Ásdís Egilsdóttir, Gunnar Harðarson og Svanhildur Óskarsdóttir (útg.). *Mariu saga. Mariukver. Sögur og kvæði af heilagri guðsmóður frá fyrri tíð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1996.

Baker, Peter S. & Michael Lapidge (útg.). *Byrhtferth's Enchiridion*. New York: Oxford University Press, 1995.

Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson (útg.). *Heimskringla 1*. Reykjavík: Mál og menning 1991.

Bjarni Einarsson (útg.). *Ágrip af Nóregskonunga sögum. Fagrskinna – Nóregskonunga tal*. Hið íslenska fornritafélag, 1985.

Connolly, Seán (þýð.). *Bede. On the Temple*. Translated Texts for Historians 21. Liverpool: Liverpool University Press, 1995.

Fox, Matthew (útg.). *Hildegard of Bingen. Book of Divine Works*. Santa Fe: Bear & Company, 1987.

Gregorius mikli. 2006. Documenta Catholica Omnia. [http://www.documenta-catholicaomnia.eu/01\\_01\\_0590-0604\\_-Gregorius\\_I\\_-Magnus\\_-Sanctus.html](http://www.documenta-catholicaomnia.eu/01_01_0590-0604_-Gregorius_I_-Magnus_-Sanctus.html) (sótt 1. mars 2022).

Guðni Jónsson (útg.). *Jóns saga helga (eldri gerð)*. Byskupa sögur 2. Hólabyskupar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan og Haukadalsútgáfan, 1948.

Gunnar Harðarson (útg.). *Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1989.

Hart, Columba og Jane Bishop (þýð.). *Hildegard of Bingen. Scivias*. The Classics of Western Spirituality. Mahwah, NJ: Paulist Press, 1990.

Holder, Arthur G. (útg.). *Bede: On the Tabernacle*. Translated Texts for Historians 18. Liverpool: Liverpool University Press, 1994.

Johnsen, Oscar Albert og Jón Helgason (útg.). *Saga Óláfs konungs hins helga. Den store saga om Olav den hellige. Efter pergamenthandskrift i Kungliga Biblioteket i*

- Stockholm nr. 2 4to med varianter fra andre handskrifter. 2. bindi.* Oslo: Norsk Historisk Kjeldeskrifts-Institutt, 1941.
- Kendall, Calvin B. (þýð.). *On Genesis. Bede.* Translated Texts for Historians 48. Liverpool: Liverpool University Press, 2008.
- Keyser, R. og C.R. Unger (útg.). *Ólafs saga hins helga. En kort saga om Kong Olaf den hellige fra anden halvdeel af det tolfte aarhundrede.* Christiania: Feilberg og Landmarks Forlag, 1849.
- de Leeuw van Weenen, Andrea (útg.). *The Icelandic Homily Book: Perg. 15 4to in the Royal Library,* Stockholm. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1993.
- Matarasso, Pauline M. (útg. og þýð.). *The Quest of the Holy Grail.* London: Penguin Books, 1969.
- Morris, Richard (útg.). *The Blickling Homilies of the Tenth Century.* London: Early English Text Society, Original Series, 1874–80.
- Ólafur Þórðarson. *Málhljóða- og málskrúðsrit. Grammatisk-retorisk Afhandling.* Útgefin af Finni Jónssyni. Historiskfilologiske Meddelelser 8,2. Kaupmanna-höfn: Det kongelige Videnskabernes Selskab, 1927.
- Migne, Jacques-Paul. *Patrologiae cursus completus.* Series latina. Paris, 1841–55.
- Stahl, William Harris (þýð.). *Macrobius: Commentary on the Dream of Scipio.* New York: Columbia University Press, 1990.
- — —, Richard Johnson og E.L. Burge (þýð.). *Martianus Capella and the Seven Liberal Arts. Martianus Capella. 2. bindi: The Marriage of Philology and Mercury.* New York: Columbia University Press, 1971.
- Sheldon-Williams, I.P. og J.J. O'Meara (þýð.). *John Scotus Eriugena. Periphyseon.* Montréal og Dumbarton Oaks, Washington: Bellarmin, 1987.
- Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson (útg.). *Íslensk hómiliubók. Fornar stólræður.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1993.
- Unger, Carl Richard (útg.). *Stjórn. Gammelnorsk Bibelhistorie fra Verdens Skabelse til det babyloniske Fangenskab.* Christiania: Feilberg & Landmark, 1862.

## FRÆÐIRIT

- Árni Einarsson. „Saint Olaf's dream house. A medieval cosmological allegory.“ *Skáldskaparmál* 4 (1997): 179–209.
- — —. „The symbolic imagery of Hildegard of Bingen as a key to the allegorical Raudulfs thattr in Iceland.“ *Erudiri Sapientia* II (2001): 377–400.
- — —. „Táknrænt hús í Raudúlfs þætti.“ *Á sprekamó. Afmálsrit tileinkað Helga Hallgrímssyni sjötugum*, ritstj. Sigurður Ægisson. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2005, 42–52.
- — —. „Sólarsteininn. Tæki eða tákn?“ *Gripla* 21 (2010): 281–97.
- Beichner, Paul E. „The allegorical interpretation of Medieval literature.“ *PMLA* 82 (1967): 33–38.



- Bosworth, Joseph. *An Anglo-Saxon Dictionary Online*. T. Northcote Toller, C. Sean & O. Tichy (ritstj.). Prag: Faculty of Arts, Charles University, 2014. <https://bosworthtoller.com/24910>. Sótt 6. mars 2022.
- Cormack, Margaret. „The Saints in Iceland: Their Veneration from the Conversion to 1400.“ *Subsidia Hagiographica* 78 (1994).
- Cunningham, Francis L.B. „The relationship between Mary and the Church in medieval thought.“ *Marian Studies* 9 (1958): 52–78.
- Davidson, Hilda Ellis. *Roles of the Northern Goddess*. London og New York: Routledge, 1998.
- Dillenschneider, Clement. „Mary, prototype and personification of the Church.“ *Marian Library Studies* 82 (1961): 1–9.
- diNapoli, Robert. *An Index of Theme and Image to the Homilies of the Anglo-Saxon Church. Comprising the Homilies of Ælfric, Wulfstan, and the Blickling and Vercelli Codices*. Norfolk, England: Anglo-Saxon Books, 1995.
- von Erffa, Hans Martin. *Ikonologie der Genesis: Die christlichen Bildthemen aus dem Alten Testament und ihre Quellen*. 1995, 2. bindi. München: Deutscher Kunstverlag.
- Fletcher, Angus. *Allegory. The Theory of a Symbolic Mode*. Princeton University Press, 2012 (upphaflega gefið út 1964 af Cornell University Press.)
- Frank, Robert W. „The art of reading medieval personification allegory.“ *Journal of English Literary History* 20 (1953): 237–50.
- Giess, Hildegard. „Die Gestalt des Sandalenlösers in der mittelalterliche Kunst.“ *Miscellanea Bibliothecae Hertzianae* 1961: 45–57.
- Guðrún Nordal, Sverrir Tómasson og Vésteinn Ólason, ritstj. *Íslensk bókmenntasaga 1*. Reykjavík: Mál og menning, 1992.
- – – og Jon Gunnar Jørgensen. „The literary legacy of Snorri Sturluson.“ *Snorri Sturluson and Reykholt: the Author and Magnate, His Life, Works and Environment at Reykholt in Iceland*, ritstj. Guðrún Sveinbjarnardóttir og Helgi Þorláksson. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2018, 441–68.
- Haki Antonsson. *Damnation and Salvation in Old Norse Literature*. Woodbridge, Suffolk: D.S. Brewer, 2018.
- Hall, James. *Dictionary of Subjects and Symbols in Art*. New York: Harper & Row, 1979.
- Hallberg, Peter. „Imagery in religious Old-Norse prose literature. An outline.“ *Arkiv för Nordisk Filologi* 100 (1987): 120–69.
- Heffernan, Thomas J. *Sacred Biography: Saints and Their Biographers in the Middle Ages*. Oxford: Oxford University Press, 1988.
- Hopper, Vincent F. *Medieval Number Symbolism. Its Sources, Meaning, and Influence on Thought and Expression*. New York: Dover Publications, 2000. (Upphaflega gefið út 1938 af Columbia University Press.)
- Jager, Eric. *The Tempter's Voice: Language and the Fall in Medieval Literature*. Cornell: Cornell University Press, 1993.

- Johansson, Karl G. „The learned Sturlungar and the emergence of Icelandic literature culture.“ *Snorri Sturluson and Reykholt: the Author and Magnate, His Life, Works and Environment at Reykholt in Iceland*, ritstj. Guðrún Sveinbjarnardóttir og Helgi Þorláksson. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2018, 333–88.
- Jónas Kristjánsson. „The legendary saga.“ *Minjar og menntir. Afmælisrit tileinkað Kristjáni Eldjárni*, ritstj. Guðni Kolbeinsson. Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóðs, 1976, 281–93.
- Katzenellenbogen, A. *Allegories of the Virtues and Vices in Medieval Art from Early Christian Times to the Thirteenth Century*. New York: The Norton Library. W.W. Norton and Co., 1964.
- Kendall, Alan. *Medieval Pilgrims*. New York: G.P. Putnam's Sons, 1970.
- Kurdzialek, Marian. „Der Mensch als Abbild des Kosmos.“ *Miscellanea mediaevalia* 8 (1971): 35–75.
- Lie, Hallvard. „Studier i Heimskringlas stil: Dialogene og Talene.“ *Skrifter utgitt av det Norske videnskapsakademi i Oslo. 2. Historisk-filosofisk klasse 5*. Oslo: Jacob Dybwad, 1937.
- van Liere, Franciscus A. *An Introduction to the Medieval Bible*. Cambridge: Cambridge University Press, 2013.
- Lindow, John. „St Olaf and the scalds.“ *Saints, Lives, and Cults in Medieval Scandinavia*, ritstj. Thomas DuBois. Toronto, Buffalo, Loondon: University of Toronto Press, 2008, 103–27.
- Loescher, G. „Rauðúlfs þátr.“ *Zeitschrift für deutsches Altertum und Deutsche Literatur* 110 (1981): 253–66.
- Mâle, Emile. *The Gothic Image. Religious Art in France of the thirteenth Century*. Icon Editions. Boulder, CO: Westview Press, 1972. (Upphaflega gefin út 1913).
- Males, Mikael. „Allegory in Old Norse secular literature: theoretical and methodological challenges.“ *Viking and Medieval Scandinavia* 9 (2013): 99–132.
- Manuth, Volker. „Judah and Tamar.“ *The Leiden Collection Catalogue*, ritstj. Arthur K. Wheelock Jr. og Lara Yeager-Crasselt. 3. útgáfa. New York, 2017. <https://theleidencollection.com/artwork/judah-and-tamar/> (sótt 13. febrúar 2022).
- Meier, Christel. „Die Bedeutung der Farben im Werk Hildegards von Bingen.“ *Frühmittelalterliche Studien (Jahrbuch des Instituts für Frühmittelalterforschung der Universität Münster)* 6 (1972): 245–355.
- Meldahl, Per. „Norges keisere: kongesagaen i klassisk-retorisk perspektiv.“ *Doktorsritgerð við Háskólann í Stavanger*, 2007.
- Mellinkoff, Ruth. *The Horned Moses in Medieval Art and Thought*. Berkeley, CA: University of California Press, 1970.
- Meyer, Ann. *Medieval Allegory and the Building of the New Jerusalem*. Cambridge: D.S. Brewer, 2003.
- Meyer, Heinz. „Die Zahlenallegorese im Mittelalter. Methode und Gebrauch.“ *Münstersche Mittelalter-Schriften* 25 (1975): 1–214.

- – – og Rudolf Suntrup. „Lexikon der mittelalterlichen Zahlenbedeutungen.“ *Münstersche Mittelalter-Schriften* 56 (1987):
- Mundal, Else. „Reykholt and its literary environment in the first half of the thirteenth century.“ *Snorri Sturluson and Reykholt: the Author and Magnate, His Life, Works and Environment at Reykholt in Iceland*, ritstj. Guðrún Sveinbjarnardóttir og Helgi Þorláksson. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum Press, 2018, 409–39.
- Peck, Russell A. „Number as cosmic language.“ *Essays in the Numerical Criticism of Medieval Literature*, ritstj. C.D. Eckhardt. London: Associated University Press, 1980, 15–64.
- Pelle, Stephen. „An Old Norse homily and two homiletic fragments from AM 624 4to.“ *Gripla* 27 (2016): 263–81.
- Pickrel, Paul Murphy. *Religious allegory in Medieval England: an introductory study based on the vernacular sermon before 1250*. Ph.d.-ritgerð. Yale University, 1944.
- Torfi H. Tulinius. *Skáldið í skrifinni. Snorri Sturluson og Egils saga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004.
- Tang, Li. *Number symbolism in Old Norse literature. A brief study*. MA-ritgerð Háskóli Íslands, 2015.
- Tuve, Rosemond. *Allegorical Imagery: Some Medieval Books and Their Posterity*. Princeton: Princeton University Press, 1966.
- Weber, Gerd Wolfgang. „Intellegere historiam. Typological perspectives of Nordic prehistory (in Snorri, Saxo, Widukind and others).“ *Tradition og historieskrivning: Kilderne til Nordens ældste historie*, ritstj. Preben Meulengracht Sørensen og Kirsten Hastrup. *Acta Jutlandica* 63:2. Humanistisk Serie 61, 1987, 95–141.
- Wellendorf, Jonas. „Ecclesiastical Literature and Hagiography.“ *Routledge Research Companion to the Medieval Icelandic Sagas*, ritstj. Ármann Jakobsson og Sverrir Jakobsson. London og New York: Routledge, 2017, 48–58.
- Whaley, Diana C. „The miracles of S. Olaf in Snorri Sturluson’s Heimskringla.“ *Proceedings of the Tenth Viking Congress. Universitets Oldsaksamlings Skrifter, Ny Rekke* 9, ritstj. James Knirk. Oslo: Universitetets oldsaksamling, 1987, 325–42.
- – –. *Heimskringla. An Introduction*. Viking Society for Northern Research. London: University College London, 1991.
- Whitman, Jon. *Allegory. The Dynamics of an Ancient and Medieval Technique*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1987.
- Whittington, Karl. „Experimenting with Opicinus de Canistris (1296–ca. 1354).“ *Gesta* 51 (2012): 147–73.
- Wolf, Kirsten. „Some comments on Old Norse-Icelandic color terms.“ *Arkiv för nordisk filologi* 121 (2006): 173–92.

## ÁGRIP

Hómiliutáknmál í *Heimskringlu*

**Efnisorð:** Ólafur helgi, Sigurður sýr, Ásta Guðbrandsdóttir, dýrlingur, allegoría, týpólógía, táknfræði, Kristur, Móse, Júda, Emmaus, Himnesk Jerúsalem

Athugað er hvort sú tilgáta standist að heimkomusagan í *Ólafs sögu helga* í *Heimskringlu* (k. 32–34) sé allegórísk og byggð á táknmáli í ætt við það sem algengt er í hómilíum. Sagan segir frá því er Ólafur helgi kemur heim til Ástu móður sinnar og Sigurðar sýr fósturföður síns eftir langa fjarveru. Mun fleiri möguleg tákn eru í heimkomusögunni en í öðrum köflum Ólafs sögu. Í greininni eru þau dregin fram og athugað hvort túlkun þeirra samkvæmt hómilíuhefð skapi heildstæða mynd sem falli að meginkenningum Kirkjunnar. Tákn í sögunni tengja Ólaf við Krist og eilífan fagnað hinna útvöldu á himnum, *Sigurð* við himininn, þrenninguna og guðs orð en líka formyndir krossins og kirkjunnar. *Ásta* tengist við jörð, guðspjöllin, kristni og kirkju. Heildarfjöldi fólks í sögunni (153) tengist öllum persónunum þremur og er þekkt biblíuleg tala, túlkuð m.a. af Gregoríusi mikla sem hinir útvöldu á himnum. Búningur og sviðsetning Sigurðar tengir hann við þekkt týpólógísk atriði er varða Móse og Júda og þar með gamla sáttmála en einnig við *Ferðina til Emmaus* og þar með pilagríma og Krist upprisinn. Sennilegt má telja að heimkomusagan sé afurð trúarlegs starfs í klaustrum. Hún rímar við *Rauðúlfs þátt* sem einnig er ítarleg og þaulhugsuð allegoría um Ólaf. Báðar sögurnar hafa líklega það megintakmark að rækta helgi hans.

## SUMMARY

Homiletic Symbolism in *Heimskringla*

**Key words:** St. Olaf, Sigurdur sýr, Asta Gudbrandsdottir, saint, allegory, typology, symbology, Christ, Moses, Judah, Emmaus, New Jerusalem

This paper examines the hypothesis that the *home-coming episode* in *St. Olaf's Saga* (ch. 32–34) in *Heimskringla* is an allegory based on homiletic symbolism. The episode is about Olaf's return to his home in Norway after many years abroad and is one of the events that define the onset of his mission to control and Christianise Norway. Olaf arrives at his mother and stepfather's home in a vivid, personal and detailed narration, imbued with action and excitement. It is harvest-time, and Olaf's stepfather, *Sigurdur sýr*, king of Ringerike, is busy overseeing the harvest activity. He is walking around a field with two other men, dressed in a blue tunic and leggings, a grey cloak and a wide grey hat, a cloth over his face and a staff in his hand with a gilded silver cap on the top, surmounted by a silver ring. He is then

summoned by *Ásta* – his wife and Olaf’s mother – to come home quickly as she has been informed that her son will be arriving soon. Sigurður puts on his royal outfit, including a scarlet robe, spurs of gold and a golden helmet, and goes home with thirty men. Meanwhile, *Ásta* and twenty others prepare a welcoming feast. She sends envoys to the neighborhood with an invitation to the banquet while the hall is prepared. Everything is just ready when Olaf arrives at his homestead with a retinue of a hundred men. He is greeted by Sigurdur, *Ásta* and the local crowd, and is led to the throne by his mother.

The potential hagiographic nature of *St. Olaf’s Saga*, combined with the detailed narrative containing many potential symbols in the form of numbers, colours, artefacts and action, give a strong impression of allegory. There is a likely allusion to Mark 6:7 when *Ásta* assigns twelve people in six pairs to prepare the hall, and again when she sends *four people in four directions* to invite magnates to the event, echoing the angels in Mark 13:27 who were sent to bring the chosen ones from the four winds.

The arrival of Olaf with his hundred men would seem to be a key event. The number 100 (or 120 if a long hundred is meant) is interpreted by Bede, for example, as a symbol of *happiness of the elect in eternal life* and directly associated with the biblical parables of the lost sheep and the lost coin, which in Christian patristic tradition alludes to the Redemption, the restoration of humanity as the tenth celestial order, a key feature in the history of salvation. This number, one hundred, here associated with a saint, is flanked by many other potential symbols. One is that the combined flocks of Olaf (100+1), Sigurdur (30+1) and *Ásta* (20+1) make 153 people, a biblical number that has been associated with the *elect in the heavenly land*, i.a. by Gregory the Great.

An examination of how other potential symbols group with Sigurdur and *Ásta*, reveals a consistent pattern. Sigurdur’s symbols associate him with heaven, the Trinity and the eternal word of God. Typological allusions associate Sigurdur and his staff with Moses and Judah, whose antitype is Christ, while the staff and the ring represent the Cross and the Church, respectively. Sigurdur also reflects the *pilgrims in Emmaus*, an iconographic motif based on Luke 24:13–53 that involves the resurrected Christ. On the arrival of Olaf, Sigurdur’s colours turn from blue, silver and grey to red and gold. This appears to indicate *God’s word with full wisdom* (gold), *God’s love* and the *Holy spirit* (red, which also signifies martyrdom). The transformation would signify the changes brought about by the advent of Christ (and his parallel, Olaf).

*Ásta* is firmly linked to the four directions and the numbers two and four, which usually signify motherhood and earthly, missionary aspects of the Church, the Gospels and the evangelists.

The home-coming episode was most likely understood as an allegory in ecclesiastical circles in medieval times. It uses symbols and images that relate to multiple iconographical features, focusing on eschatological aspects of the history of salvation. The episode permits a coherent allegorical interpretation which equates

St. Olaf with Christ as the Redeemer. *Raudulfs þattur*, another short story about St. Olaf, incorporated in the longer version of his saga but which does not appear in *Heimskringla*, is also an allegory. Olaf is here placed centrally in an allegorical building modelled on a multidimensional cosmos, taking the symbolic seat of Christ in the Heavenly Jerusalem (Einarsson 1997, 2001, 2005). Both stories indicate a dedicated activity of creative allegorical writing intended to reinforce and nurture the veneration of the saint.

*Árni Einarsson*  
*Háskóli Íslands*  
*Líf- og umhverfivísindadeild*  
*Sturlugata 7*  
*102 Reykjavík*  
*Ísland*  
*arnie@hi.is*

WILLIAM SAYERS

## RINGING CHANGES

### *On Old Norse-Icelandic mál in Kormáks saga*

#### Introduction

ONE OF THE DETERMINATIVE CONVENTIONS of the sagas of Icelanders is that introductory chapters name the ancestors of its principals and through capsule accounts of their deeds establish motifs that will later be developed to thematic status in the saga proper, albeit in new combinations, with inversions, negations, etc.<sup>1</sup> *Kormáks saga* is exemplary in this respect.<sup>2</sup> Chapters 1 and 2 introduce (1) the saga hero's grandfather and namesake, the Norwegian Kormákr (an Irish name), and his son, Qgmundr; (2) further Irish onomastics, associations, and possible heritage; (3) successful Viking raids and intra-Viking conflict; (4) *hólmganga* with questionable procedure; (5) hesitation, here parental, over a proposed marriage; (6) "wise women"; (7) the apparatus and techniques of magic; and (8) irregularities in measuring the lot for a building. In more analytical terms, the essay explores the measure of man against man, man against social standards (including in sexual matters), the complementarity of *eros* and *thanatos* in human life, and, on the level of detail, the differing valences of human body parts, ritual behavior, and apotropaic readings and interventions, which include charms, curses, supernaturally endowed weapons and their temperamentality, and other apparently common yet magical acts, both causing and preventing human intention and efforts.

- 1 See Theodore M. Andersson, "The Rhetoric of the Saga," *The Icelandic Family Saga* (Harvard: Harvard University Press, 1967), pp. 31-37. A recent general study of the saga is Daniel Sävborg, "Kormáks saga – en norrön kärlekssaga på vers och prosa," *Scripta Islandica* 56 (2005): 65-99.
- 2 *Kormáks saga*, in *Vatnsdæla saga*, ed. by Einar Ól. Sveinsson (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1939), 201-302. All quotations are from this edition, referenced by chapter, page, and stanza or note number. English translations are adapted from *Kormak's Saga*, trans. by Rory McTurk, in *The Complete Sagas of Icelanders*, ed. by Viðar Hreinsson, 5 vols. (Reykjavík: Leifur Eiríksson Publishing, 1997), 3:179-224.

These several topics and motifs will recur in elaborated form and interrelation in the course of the saga, interconnected by the polysemantic term *mál*, variously ‘speech, poetry; measure, measurement; case, matter, affair’, after the younger Kormákr has entered the narrative spotlight. The introduction of the saga’s principal is here deferred in order to examine the opening episodes of the saga.

The Icelanders of the sagas are depicted as believing in a personal destiny.<sup>3</sup> The focus in this belief was on terminal states: death in combat or an uneventful old age, although the decisive etiological moment was imagined as in the Norns’ determination of an individual fate at birth. The ways and sequences of events in which such destinies are realized are often effected through a double or enhanced causality, human and supernatural. Ultimate fate is generally beyond human scrutiny, although certain wise folk have intimations of an unseemly or untimely end. On a level more perceptible to human understanding, magic or sorcery may be put to work. Lastly, the more apparent reasons for certain turns of event are generally to be traced to the personalities of the principals and to their interaction.

(*Frammistöðubækur* were very large breviaries, which were intended to be placed in the choir, and had such large letters that many could

67 *Thómas Saga Erkibyskups: A Life of Archbishop Thomas Becket in Icelandic*, ed. by Eiríkr Magnússon (London: Longman, 1875–83), Vol. 2, 589. The difficulty of finding Eiríkr’s definition is magnified by the fact that this index entry is a reference to a footnote in the preface of the volume, wherein Eiríkr is noting the presence of English books in the *máldagar* corpus (*Thómas Saga*, Vol. 2, ix).

68 For summer books, see for example *DI II*, 428, 430; for books covering the full year, see *DI IV*, 182. As discussed earlier, because of their size Antiphonals were often divided up, and this was certainly true of the Icelandic *aspiciensbækr*.

69 Guðbrandur Jónsson, *Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal: Lýsing Íslenzkra Miðaldakirkna*, *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju V*, Nr. 6 (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919–29), 408. Here Guðbrandur uses the term *tíðabækur* to describe Office books, as opposed to *messubækur*, books for the Mass. This is Guðbrandur’s own usage, which I do not believe reflects, at least not in a straightforward way, the broader sense of the medieval *tíðabók*. See note 47.

read from them, and do so from a distance; they were also called *aspiciensbækur*.)

Guðbrandur seems to have read into the literal sense of the descriptors here, *aspiciens* as “looking upon” and *frammistaða* as “standing forth/out,” and presumably then connected the two ideas as different perspectives on a large format book: the book is both looked upon from a distance and it stands out in its place in the choir. There is, however, no concrete basis for drawing a connection between the two terms. Cleasby-Vigfússon’s dictionary offers a completely different interpretation of *frammistöðubók*, suggesting that it was in fact a term for a Missal, and thus actually a book for Mass rather than the Office, and it was so named “from being read by the priest while standing.”<sup>70</sup> However, both senses may obscure the distinctiveness of the term: *frammistöðubók* is only ever used to describe one or two books at Hólar cathedral itself, never any other books in any other churches, and as such it may reflect either a unique book or a distinctive terminology within the cathedral community.<sup>71</sup>

Guðbandur Jónsson’s definition soon established itself. Without any discussion of the term, the first volume of the *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*, from 1956, has an entry for *aspiciensbók*, where it simply references the article on the Breviary.<sup>72</sup> Soon afterwards Tryggvi Oleson’s articles began to appear and became the standard study of medieval Icelandic church books. While Oleson is critical of Guðbrandur Jónsson in places,<sup>73</sup> his 1957 article copied Guðbrandur’s definition of

70 Cleasby and Guðbrandur Vigfússon, *An Icelandic-English Dictionary*, 170. Missal is also the definition given in the 1972 additions to Fritzner’s dictionary, which originally had no entry for *frammistöðubók* (Finn Hødnebo, *Rettelser og Tillegg: Ordbog over Det gamle norske Sprog af Dr. Johan Fritzner* (Oslo: Universitetsforlaget, 1972), 108).

71 There are two *frammistöðubækur* in the 1396 book list for Hólar (*DI* 3, 612), but only one copy in 1525, which is said to cover the entire year, with *commone* (*DI* IX, 296); *commone* is likely referring to common/ferial days, the normal weekday services. The description is thus emphasizing that it is a very complete book. In both lists the *frammistöðubækur* are stored in the choir of the cathedral, which might be thought to support Guðbrandur’s definition, but altar books are kept in the same space, and the place of storage cannot be equated with place of usage. The existence of two copies in 1396 does seem to argue against the idea of the *frammistöðubók* being some sort of nickname for a particular codex, but it is not impossible that a copy had been made of a previously unique book.

72 “Aspiciensbog,” *KLNM* Vol. 1 (1956), 273.

73 Most notably, Oleson disputes Guðbrandur’s conclusion that Icelandic church book collections were “small and unimpressive.” (Oleson, “Book Collections of Mediaeval Icelandic Churches,” 509).

*aspiciensbók* as a very large Breviary, which must have helped solidify it as the authoritative translation.<sup>74</sup> Oleson's analysis of later book lists in 1959<sup>75</sup> and 1960 continued to mention *aspiciensbækur*, and to categorize them as Breviaries, though by 1960 it is clear he was beginning to have difficulty grappling with how to associate particular terms with particular books. Under a long entry for *aspiciensbók*, after dealing with books identified by that term, he states:

There is little doubt, however, that breviaries as well as missals are included under such titles as *saungbækur*, *de tempore et de sanctis bækur*, *vor-*, *sumar-*, *vetrar-*, *páska-*, *jólabækur*, etc. [...] In my previous articles I was inclined to list these books as missals (and indeed some of them are missals), but I am now of the opinion that many of these books were either breviaries or possibly contained the part of the office sung by the choir.<sup>76</sup>

Apart from the first two terms, which were discussed earlier, the issue is that books identified by season could conceivably be either Office or Mass books, and because of their narrow scope should probably not be identified with either the term Missal or Breviary, since both referred in a latemedieval context to fairly complete compilations that were intended for the celebrant, rather than the choir. Oleson's final speculation is essentially a definition of a standard latemedieval Antiphonal, and it is unclear why he did not consider using the term. Unfortunately he died shortly after, in 1963, and did not have a chance to continue developing his thoughts in this direction. It remains however, that he was key in bringing the misidentification of *aspiciensbók* into English-language scholarship and in establishing it as part of the most authoritative study of Icelandic book collections to date.

Guðbrandur's definition continued its dominance through the 1990s,<sup>77</sup> and the current online definition of the *Dictionary of Old Norse Prose* is

74 Oleson, "Book Collections of Mediaeval Icelandic Churches," 503. Oleson does not deal with cathedral or monastery books and so does not address *frammistöðubók*, since it is only mentioned as existing at Hólar.

75 Oleson, "Book Collections of Icelandic Churches in the Fourteenth Century," 111.

76 Oleson, "Book Collections of Icelandic Churches in the Fifteenth Century," 92.

77 See Kristján Eldjárn and Hörður Ágústsson, *Skálholt: Skríði og áhöld* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998), 289.

simply a reference to Guðbrandur.<sup>78</sup> Most recently, in 2012, Guðvarður Már Gunnlaugsson published a short note on the medieval terminology for books in Iceland. There he expands upon the definition given by the *Dictionary of Old Norse Prose* and suggests that the large letters of the *aspiciensbækr* could also aid monks and clerics who had poor vision and/or difficulty seeing in the dim light of medieval Icelandic churches, and makes note of a certain *aspiciensbók* that is called *stórrituð* (largely written).<sup>79</sup> While such difficulties of vision must have been a consideration, and may have even encouraged some books to be *stórrituð*, it remains that the term *aspiciens* has nothing to do with how or where the books were viewed.

A few scholars, in addressing liturgical books in the historical context of medieval Iceland, have brought up the Antiphonal, but do not connect it to the *aspiciensbók*.<sup>80</sup> For most of the twentieth century and the first two decades of the twenty-first, Guðbrandur Jónsson's misunderstanding of *aspiciens* as a description of how the book is read, rather than a key incipit in the text, has remained authoritative.

The Icelandic *máldagar* are a rich and fascinating corpus of texts, and one of our most important insights into the liturgical life of the island. The

78 onp.ku.dk/onp/onp.php?04928.

79 Guðvarður Már Gunnlaugsson, "Af *aspiciensbók*, *reddingabók* og fleiri bókum," *Geisla-baugur: fægður Margaret Cormack sextugri, 23. ágúst 2012*, ed. by Margrét Eggertsdóttir et al. (Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður, 2012) 37.

80 Perhaps most notably, *aspiciensbók* was not mentioned by Lilli Gjerløw either in her 1980 edition of the Icelandic liturgical fragments, *Liturgica Islandica*, or in her 1979 edition of the Antiphonal of Niðaróss archdiocese, of which Iceland was part, *Antiphonarium Nidrosiensis Ecclesiae*. Gunnar F. Guðmundsson mentioned Antiphonals in his general study of Christianity in medieval Iceland, but glosses the Latin *antiphonarium* as *andstefjabók*, a more or less direct calquing of the Latin term that does not appear to have any medieval precedent (Gunnar F. Guðmundsson, *Íslensk samfélagi og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi 2 (Reykjavík: Alþingi, 2000), 201). Kristján Eldjárn and Hörður Ágústsson, *Skálholt*, 289, discusses the Antiphonal separately from *aspiciensbók*, and from the one reference given, the authors appear to have been focused strictly on uses of the Latin term *antiphonarius* in the Icelandic sources. Finally, Oleson himself identifies the *lesgrallari* as an *antiphonarium*, but his definition of an *antiphonarium* is misleadingly literal, seemingly suggesting that the book really did only contain the antiphons of the Office (Oleson, "Book Collections of Iceland Icelandic Churches in the Fifteenth Century," 93). He notes five *lesgrallarar* in the 1461 lists, and the term seems not to be used in the fourteenth century but does appear again at Hólar cathedral, Þingeyrar monastery, and the church of Laufás in the 1525 lists (*DI IX*, 296, 313, 331). It is not clear what might have distinguished a *lesgrallari* from a normal Gradual, if anything, though it seems safest to assume that the *les* refers to a compilation of additional material into the book.

book lists they contain are an invaluable glimpse into a massive corpus of lost Latin and liturgical manuscripts; the combination of Latin and vernacular terminology they use to describe those books is distinctive, sometimes even unique. In many respects, this terminology is almost all that remains of the medieval Icelandic liturgy, a central part of the culture and life of the island about which precious little is known.

The present discussion of the term *aspiciensbók* has aimed to show, among other things, the relationship between these Icelandic book lists and a broader European terminology for the Antiphonal. The distinctiveness of the Icelandic usage, however, should not be overlooked. The use of *aspiciens* to describe books in England and France is much less frequent or consistent, and in some instances *aspiciens* is clearly more of a nickname than a category.<sup>81</sup> Though the evidence may simply be richer for Iceland, it is notable that the full compound *aspiciensbók* is almost always used there, while even the Norwegian and Anglo-Saxon examples use *aspiciens* alone. This evidence may suggest that the Icelanders really did more thoroughly adapt the term as referring to a category of liturgical book. Considering how little is known about the Icelandic liturgy, this is a valuable, if small, aspect of distinctive religious culture on the island.

Investigating the Icelandic book lists allows us to better understand the massive quantity of Latin books that have been lost and their overwhelming importance in the manuscript and textual culture of medieval Iceland. But perhaps even more importantly, the lists grant us a peek into the vanished diversity and distinctiveness of these books. Thinking of liturgical books as simple, functional things, detached from the active and creative culture of literary production, does them a disservice. Their contents were a significant part of daily life, and as objects they had significant value and presence. Although the term *aspiciens* was not itself used as a nickname for particular Antiphonals in Iceland, Icelandic liturgical books did still sometimes attract their own personal names.<sup>82</sup> Such practices remind us that

81 See footnote 13.

82 There are at least three surviving examples, from Skarð in Skarðsströnd, Breiðabólstaðir in Fljótshlíð, and Helgafell monastery. In a late *máldagi* for Skarð, from sometime around the end of the fifteenth century, there is a *messubók* compiled with several different texts, including material for Matins – a rare instance of Office and Mass texts compiled together – but only covering the temporale from Advent to Easter, and it is called *Loginrá* (*DI VII*, 75), which may suggest something like “flame-post,” but the exact meaning is not clear.

these volumes were as valued and personal to the people who used them as any collection of vernacular sagas or poems.

## BIBLIOGRAPHY

### PRIMARY SOURCES

- Antiphonarium Nidrosiensis Ecclesiae*. Ed. by Lilli Gjerløw. Libri liturgici provinciae Nidrosiensis medii aevi III. Oslo: Norsk historisk kjeldeskrift-institutt, 1979.
- Biskupa sögur III: Árna saga biskups, Lárentius saga biskups*. Ed. by Guðrún Ása Grímsdóttir. Íslenzk fornrit 17. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1998.
- Breviarium ad usum insignis ecclesiae Sarum*. Ed. by Francis Proctor and Christopher Wordsworth. Cambridge. 3 vols. Cambridge: University of Cambridge Press, 1879–86.
- DN I–XXVI = *Diplomatarium Islandicum*. 26 vols. Copenhagen and Reykjavík: Hið íslenzka bókmentafélag, 1857–1972.
- DI I–XXI = *Diplomatarium Norvegicum*. 21 vols. Oslo: Norsk historisk kjeldeskrift-institutt, 1840–1972.
- The English Benedictine Libraries: The Shorter Catalogues*. Ed. by R. Sharpe, J. P. Carley, R. M. Thomson, and A. G. Watson. Corpus of British Medieval Library Catalogues 4. London: The British Library/The British Academy, 1996.
- Grágás: Konungsbók*. Ed. by Vilhjálmur Finsen. 2 vols. Copenhagen: Brødrene Berlings Bogtrykkeri, 1852.
- The Libraries of the Augustinian Canons*. Ed. by T. Webber and A. G. Watson. Corpus of British Medieval Library Catalogues 6. London: The British Library/The British Academy, 1998.
- Liturgica Islandica*. Ed. by Lilli Gjerløw. 2 vols. Bibliotheca Arnarnagæana XXXV–XXXVI. Copenhagen: C. A. Reitzel, 1980.
- Mittelalterliche Schatzverzeichnisse I: Von der Zeit Karls Des Grossen bis zur Mitte des 13. Jahrhunderts*. Ed. by Bernhard Bischoff. Munich: Prestel, 1967.
- The St. Albans Chronicle 1406–1420*. Ed. by V. H. Galbraith. Oxford: Clarendon Press, 1937.
- Thómas Saga Erkebiskups: A Life of Archbishop Thomas Becket in Icelandic*. Ed. by Eiríkr Magnússon. 2 vols. London: Longman, 1875–83.

The 1397 *máldagi* for Breiðabólstaðr has no details about the doubtlessly substantial book collection of that wealthy church but does mention a single book named *Kolbása* (DI IV, 83), relating to coal, perhaps something like “coal-stalls.” These unusual names may be deep, opaque metaphors, perhaps scriptural references, or perhaps something as pedestrian as a reference to where the books are kept. A book sold by the abbot of Helgafell around 1360 is named *kolbrun*, which could either be the feminine personal name Kolbrún or a literal colour description, “coal-brown” (DI VI, 12). Further research, perhaps even a comparative study with book-naming practices elsewhere in Europe, would be valuable.

## SECONDARY SOURCES

- Alexander Jóhannesson. *Isländisches etymologisches Wörterbuch*. Bern: Francke, 1951–56.
- Andersen, Merete Geert. *Katalog over AM accessoria 7: De latinske fragmenter*. Bibliotheca Arnamagnæana XLVI. Copenhagen: C. A. Reitzel, 2008.
- “Aspiciensbog.” *KLNM* Vol. 1 (1956): 273.
- Cederschöld, Gustaf. “Studier öfver isländska kyrkomåldagar från fristatstiden.” *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* 2 (1887): 1–72.
- Cleasby, Richard and Guðbrandur Vigfússon. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford: Clarendon Press, 1874.
- Erik Jonsson. *Oldnordisk Ordbog*. Copenhagen: Det Kongelige Nordiske Oldskriftselskab, 1863.
- Fischer, Frank. *Die Lehnwörter des Altwestnordischen*. Berlin: Mayer & Müller, 1909.
- Gneuss, Helmut. “Liturgical Books in Anglo-Saxon England.” *Learning and Literature in Anglo-Saxon England: Studies Presented to Peter Clemoes*, ed. by Michael Lapidge and Helmut Gneuss. Cambridge: Cambridge University Press, 1985, 91–141.
- Guðbrandur Jónsson. *Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal: Lýsing Íslenzkra Miðalda-kirkna*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju V, Nr. 6. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1919–29.
- — —. “Íslenzk bókasöfn fyrir siðabyltinguna.” *Árbók Landsbókasafns Íslands* 1946–47, 3/4 (1948): 65–78.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. “Af aspiciensbók, reddingabók og fleiri bókum.” *Geislabaugur: fagður Margaret Cormack sextugri, 23. ágúst 2012*, ed. by Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Viðar Pálsson, and Þórður Ingi Guðjónsson. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður, 2012, 36–38.
- Gunnar F. Guðmundsson. *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*. Kristni á Íslandi 2. Reykjavík: Alþingi, 2000.
- Halldór Hermannsson. *Icelandic Manuscripts*. Islandica 19. Ithaca: Cornell University Library, 1929.
- Harper, John. *The Forms and Orders of Western Liturgy from the Tenth to the Eighteenth Century: A Historical Introduction and Guide for Students and Musicians*. Oxford: Clarendon Press, 1991.
- Hughes, Andrew. *Medieval Manuscripts for Mass and Office: A Guide to their Organization and Terminology*. Toronto: University of Toronto Press, 1982.
- Hunt, R.W. “The Library of the Abbey of St Albans.” *Medieval Scribes, Manuscripts & Libraries: Essays Presented to N.R. Ker*, ed. by M. B. Parkes and Andrew G. Watson. London: Scholar Press, 1978, 251–77.
- Hødnebo, Finn. *Rettelser og Tillegg: Ordbog over Det gamle norske Sprog af Dr. Johan Fritzner*. Oslo: Universitetsforlaget, 1972.

- Kristján Eldjárn and Hörður Ágústsson. *Skálholt: Skróði og áhöld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1992.
- de La Fons-Mélicocq, Alexandre. "Les calligraphes et les manuscrits des cathédrales d'Arras, de Tournai, et de l'abbaye de Saint-Bertin." *Revue du Nord de la France* 1 (1854): 21–24.
- Lapidge, Michael. "Surviving Booklists from Anglo-Saxon England." *Learning and Literature in Anglo-Saxon England: Studies Presented to Peter Clemoes*, ed. by Michael Lapidge and Helmut Gneuss. Cambridge: Cambridge University Press, 1985, 33–89.
- Middleton-Stewart, Judith. *Inward Purity and Outward Splendour: Death and Remembrance in the Deanery of Dunwich, Suffolk, 1370–1547*. Woodbridge: The Boydell Press, 2001.
- Oleson, Tryggvi J. "Book Collections of Mediaeval Icelandic Churches." *Speculum* 32.3 (1957): 502–10.
- — —. "Book Donors in Mediaeval Iceland." *Nordisk Tidskrift för Bok- och Biblioteksväsen* 44 (1957): 88–94.
- — —. "Book Collections of Icelandic Churches in the Fourteenth Century." *Nordisk Tidskrift för Bok- och Biblioteksväsen* 46 (1959): 111–23.
- — —. "Book Collections of Icelandic Churches in the Fifteenth Century." *Nordisk Tidskrift för Bok- och Biblioteksväsen* 47 (1960): 90–103.
- — —. "Book Donors in Mediaeval Iceland II." *Nordisk Tidskrift för Bok- och Biblioteksväsen* 48 (1961): 10–22.
- Olmer, Emil. *Boksamlingar på Island 1179-1490*. Göteborg: Wald. Zachrissons Boktryckeri, 1902.
- Ommundsen, Áslaug and Gisela Attinger. "Icelandic Liturgical Books and How to Recognize Them." *Scriptorium* 67.2 (2013): 293–317.
- Palazzo, Eric. *A History of Liturgical Books from the Beginning to the Thirteenth Century*. Trans. by Madeleine Beaumont. Collegeville: The Liturgical Press, 1998.
- Patzuk-Russell, Ryder. *The Development of Education in Medieval Iceland*. Berlin: De Gruyter/Medieval Institute Publications, 2021.
- Pfaff, Richard W. *The Liturgy in Medieval England: A History*. Cambridge: Cambridge University Press, 2009.
- Salisbury, Matthew Cheung. *The Secular Liturgical Office in Late Medieval England*. Turnhout: Brepols, 2015.
- Vogel, Cyrille. *Medieval Liturgy: An Introduction to the Sources*. Trans. by William George Storey and Niels Krogh Rasmussen. Washington, DC: The Pastoral Press, 1986.
- Zieman, Katherine. *Singing the New Song: Literacy and Liturgy in Late Medieval England*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2008.



## SUMMARY

The Lost Liturgical Books of Iceland: Understanding the *Aspiciensbækr*

**Keywords:** Liturgy, liturgical books, book collections, Antiphonals, church charters, the Icelandic church

The surviving charters of late medieval Iceland record the books owned by many parish churches. These small collections contained mostly liturgical books, described by a variety of Latin and Old Norse terms, among which the term *aspiciensbók* is common. The argument is here put forth that *aspiciensbók* refers to an Antiphonal, a category of Office book for use by church choirs. The name comes from the fact that the Latin word *aspiciens* is the first word of the responsory following the first lesson of the first Sunday of Advent. Antiphonals appear to be identified by several other words, including the ambiguous term *söngbók*, but are clearly distinct from Breviaries, another important type of Office book. This conclusion stands in contrast to a long history of scholarship, going back to Guðbrandur Jónsson, that has identified *aspiciensbók* as a type of Breviary. This study corrects this misidentification and points the way forward for new research into the liturgical book collections of medieval Icelandic churches.

## ÁGRIP

Glötuðu íslensku helgisiðabækurnar: Til skilnings á Aspiciensbókum

**Efnisorð:** Litúrgía, helgisiðabækur, bókasöfn, antifónabækur, máldagar, íslenska kirkjan

Íslenskir máldagar sem varðveist hafa frá miðöldum hafa að geyma bókaskrár íslenskra kirkna og eru til vitnis um að bókasöfn þeirra hafa aðallega geymt helgisiðabækur. Bókunum er lýst með margvíslegum heitum, ýmist á latínu eða forn-norrænu, og er eitt af þeim algengari *aspiciensbók*. Hér eru færð rök fyrir að heitið *aspiciensbók* vísi til antifónabóka, ákveðinnar tegundar tíðasöngbóka sem notaðar voru af kirkjukórum. Nafnið má rekja til þess að latneska orðið *aspiciens* er ætíð fyrsta orð í víxlsöngnum sem fylgir á eftir fyrsta lesi fyrsta sunnudags í aðventu. Antifónabækur virðast einnig vera einkenndar með öðrum heitum, meðal annars hinu óljósa heiti söngbók, en eru þó greinilega ólíkar breviaríum, annarri mikilvægri tegund tíðasöngbóka. Niðurstaðan er þvert á það sem tíðkast hefur innan fræðanna í um öld, allt frá því að Guðbrandur Jónsson skilgreindi *aspiciensbók* sem *brefver*. Rannsóknin leiðréttir þessa villu og visar til nýrra möguleika í rannsóknum á helgisiðabókasöfnum íslenskra kirkna á miðöldum.

Ryder Patzuk-Russell  
ryder@hi.is



GOTTSKÁLK JENSSON

## HEIMILDIR UM KLAUSTURKIRKJUNA OG BÓKASAFNIÐ Á ÞINGEYRUM<sup>1</sup>

ÞINGEYRAKLAUSTUR Í HÚNAÞINGI er elsta og lengst starfandi klaustur á Íslandi. Það er talið vígt árið 1133 og þar lifðu og störfuðu munkar undir Benediktsreglu vel á fimmtu öld eða fram til 1551 þegar Kristján 3. lagði klaustrið niður meðal síðustu reglustaða á Íslandi.<sup>2</sup> Stöðvun klausturhalds á Þingeyrum var réttlætt með tilvísun í guðfræði fyrrverandi ágústínusarmunks, Marteins Lúters, sem komst að þeirri niðurstöðu eftir vist sína í þýsku klaustri að klausturlifnaður væri einskis virði fyrir sálhjálp kristinna manna. Upp frá því taldist Þingeyraklaustur, sem svo fékk að heita áfram þrátt fyrir brotthvarf munkanna, einkaeign dansk-norsku krúnunnar sem yfirleitt leigði það umboðsmönnum. Kóngur eignaði sér þannig jarðir og hlunnindi þessa kaþólska munklífis sem efnast hafði gegnum aldirnar af gjöfum biskupa og annarra og launum fyrir ýmsa þjónustu, þar á meðal kennslu ungmenna og handritagerð.<sup>3</sup> Í fyrstu mat krúnan lítills ritmenningu munkanna og umboðsmennirnir fóru illa með bækur klaustursins þótt þeir hirtu eitthvað af þeim fyrir sjálfa sig. Þegar

- 1 Ég vil þakka Jóni Torfasyni, Steinunni Kristjánsdóttur, Guðrúnu Harðardóttur, Margaret Cormack og Guðbjörgu Kristjánsdóttur aðstoð við ritun þessara greinar. Þrátt fyrir þá hjálp sem ég hef þegið er það sjálfsagt mál að ég er einn ábyrgur fyrir misskilningi og villum sem enn kunna að leynast í þessu skrifum. Rannsóknin er m.a. framlag mitt til verkefnisins Þingeyraklaustur: Hjarta ritmenningar í fjórar aldir sem er hluti af opinberu átaksverkefni, Ritmenning íslenskra miðalda – RÍM.
- 2 Fjölmargir hafa fjallað um stofnun Þingeyraklausturs þótt hér verði aðeins vísað til nýlegra greina Gunnars Karlssonar, „Stofnár Þingeyraklausturs“, *Saga* 46 (2008:1), 159–67, Helga Þorlákssonar, „Þorgils á Þingeyrum. Um upphaf Þingeyraklausturs“, *Saga* 46 (2008:1), 168–80, og Margaretar Cormack, „Monastic foundations and foundation legends“, *Íslensk klausturmenning á miðöldum*, ritstj. Haraldur Bernharðsson, 59–82 (Reykjavík: Miðaldastofa Háskóla Íslands og Hugvísindastofnun, 2016). Lokun íslensku klaustranna var langt ferli sem hófst með árásinni á Viðeyjarklaustur árið 1539 og var ekki endanlega yfirstaðið fyrr en með veitingu klausturumboða árið 1554. Steinunn Kristjánsdóttir, „Lokun íslensku miðaldaklaustranna“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 53 (2021), 74–96.
- 3 Um menntun á Íslandi á miðöldum, sjá Ryder Patzuk-Russell, *The Development of Education in Medieval Iceland* (Berlin: De Gruyter, 2021).

á 17. öld voru bókmenntir klaustursins þó taldar verðmætasta afleið þess. Engu að síður skorti á að munkarnir fengu viðurkenningu fyrir afrek sín á sviði ritlistarinnar.<sup>4</sup>

Nútímafólk sem heimsækir Þingeyrar af menningaráhuga verður fyrir vonbrigðum að engar leifar skuli sjáanlegar af kirkjunni og húsunum frá klausturtímanum þegar bókmenntirnar blómstruðu. Einhverja huggun veitir náttúrufegurð staðarins og vegleg steinkirkja í miðaldastíl, vígð 1877. Sama fólk mun þó geta tekið aftur gleði sína þegar það uppgötvar að klausturbyggingarnar á Þingeyraklaustri stóðu að miklu leyti fram til loka 17. aldar og er lýst í nákvæmum úttektum sem varðveittar eru í Skjalasafni umboðanna á Þjóðskjalasafni Ísland. Elstu úttektir Þingeyraklausturs hafa þar til nú farið á mis við þá athygli sem þær verðskulda og hefur enginn áður skrifað þær upp til að birta á prenti.<sup>5</sup> Svo nákvæmar eru lýsingarnar á húsakosti klaustursins að mögulegt væri að endurbyggja einstök hús að miklu leyti í upprunalegri mynd með þær að leiðarljósi. Vandasamara er hins vegar að staðsetja byggingarnar á klaustursvæðinu hverja gagnvart annarri en vonir standa til þess að fornleifauppgjöftur sem nú er í gangi á Þingeyrum geri það mögulegt að einhverju leyti. Tilgangur þessarar greinar er að birta þessi forvitnilegu skjöl og segja nokkuð frá því sem þau hafa að geyma þótt ekki verði hér boðið upp á fullkomna greinargerð

- 4 Bókmenntasaga Þingeyraklausturs er óskrifuð þótt umfjallanir um rit ábóta, presta, munga og skólapilta frá Þingeyrum sé víða að finna. Örlítil drög að bókmenntasögu Þingeyra má finna í samantekt greinarhöfundar, „Þingeyrar Abbey in Northern Iceland: A Benedictine Powerhouse of Cultural Heritage“. *Medieval Monasticism in Northern Europe*, ritstj. Steinunn Kristjánsdóttir. *Religions* 12:6 (2021), 423; netútgáfa: <https://www.mdpi.com/2077-1444/12/6/423>. Um varðveitt handrit frá Þingeyraklaustri, sjá Guðbjörg Kristjánsdóttir, „Handritalýsingar í benediktinaklaustrinu á Þingeyrum“, *Íslensk klausturmenning á miðöldum*, ritstj. Haraldur Bernharðsson (Reykjavík: Miðaldastofa, 2016), 227–311, og Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Voru scriptoria í íslenskum klaustrum?“, sama rit, 173–200.
- 5 Hörður Ágústsson (1922–2005) listmálari og fræðimaður hefur þó gert athuganir á úttektunum og tilgátuteikningum á grundvelli þeirra hafa sumar verið birtar með ritgerðum hans um húsasögu, s.s. í grein hans, „Stavbygning. Ísland“, *Kulturbíotísk leksikon for nordisk middelalder XVII* (1972), 101–4, og í kafla hans um „Húsagerð á síðmiðöldum“, *Saga Íslands* IV, ritstj. Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag & Sögufélag, 1989), 261–300; þar á opnu 292–93 er „Hlaðsýn“ að Þingeyraklaustri 1684 sem er tilgátuteikning byggð á úttektinni í Skjalasafni umboðanna. Þá er teikning eftir Hörð sem sýnir uppsmið og langhlið Þingeyrakirkju, byggð á úttektinni 1684, í Gunnar F. Guðmundsson o.fl., *Íslenskt samfélag og Rómakirkja. Kristni á Íslandi*, 2. bindi, ritstj. Hjalti Hugason (Reykjavík: Alþingi, 2000), 214.

efnisins enda myndi slíkt sprengja ramma tímaritsgreinar. Einkum verður dvalið við elstu úttekt klausturkirkjunnar og greinarhöfundur mun freista þess að sýna fram á að stór hluti hennar, krossarmar kirkjunnar, kórinn og innrikórinn með háaltarinu, hafi staðið frá 12. öld og fram til 1695 en framkirkjan frá því snemma á 14. öld. Þetta er einkum merkilegt í augum bókmenntafólks af því að samkvæmt máldaga frá öndverðri 16. öld var bókasafn klaustursins einmitt staðsett í kór kirkjunnar.

## Klausturkirkjan á Þingeyrum 1684

Árið 1684 var á Þingeyrum stafkirkja úr timbri með útbrotum og krossörmum, samsett úr þremur hlutum: framkirkju, miðkór og innri kór. Sem kunnugt er sneru kirkjur frá fornu fari í austur og vestur þannig að kór og háaltari, sem eru hjarta kirkjunnar, voru í austurendanum. Kirkjan á Þingeyrum stóð rétt norðan við íbúðarhúsin sem þar eru nú og nýlega hafa fundist grafir umboðsmanna klaustursins eftir siðaskiptin sem án efa voru inni í kirkjunni. Á kirkjunni og kórnum voru útbrot eða hliðarskip en auk þess voru á kórnum stúkur eða útskot með súðum. Innri kórinn hafði hvorugt og var einfaldari að gerð. Í úttektinni 1684 eru helstu stærðarmál gefin í álnum og kvartelum (fjórðungum úr alin) en á 17. öld og fram eftir 18. öld tíðkaðist á Íslandi að nota svokallaða Hamborgaralín sem samsvarar 57,3 cm.<sup>6</sup> Mögulegt er að ekki hafi verið beitt mælitækjum svo sem stikum eða snúrum við úttektina heldur miðað við líkamlegar álnir og faðma úttektarmanna sjálfra enda eru álna- og faðmamál upphaflega hugsuð þannig að mannslíkamann megi nota sem mælitæki.<sup>7</sup> En hvernig sem því var farið í raun eru mál í álnum torræð nútímamönnum. Hér verða álnirnar því umreiknaðar í metra og sentimetra miðað við Hamborgaralín.

Framkirkjan, vesturendinn, var stærst og hlutföll hennar jöfnust, nærri því eins og hún væri teiknuð inn í tening („á hæð 13 álnir 3 kvartel, eins á

6 Gísli Gestsson, „Álnir og kvarðar“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 65 (1968), 45–78; 63: „Hamborgarálnir voru aðalmælieining á Íslandi fram eftir 18. öld unz dönsk alin var lögboðin hér á landi árið 1776. [...] rétt Hamborgaralín, 57,3 sm“.

7 Ég ræð þetta af því hvernig Páll Vídalín fjallar um Hamborgaralín í *Skýringum yfir fornyrði lögbókar þeirrar er Jónsbók kallast* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1854), 23: „Hamborgar alin [...] sú er vér nú höfum, og 3 gjöra meðalmanns faðm, en 12 fjóra faðma“, auk þess var úttektarmönnum engin nauðsyn að komast að nákvæmum stærðarmálum húsanna við verðmat þeirra. Úttektir Þingeyra sem hér eru birtar eru óvenjulegar í samanburði við flestar aðrar úttektir hvað það varðar að þar eru tiltekin nákvæm mál í álnum.

breidd, 14 álnir og  $\frac{1}{2}$  að lengd“ – þ.e. 7,88 m x 7,88 m x 8,3 m), þá kórinn í miðjunni sem var jafn breiður framkirkjunni en nokkru lægri og fjórðungi styttri („að lengd 10 álnir 1 kvartel, hæðin 11 álnir 3 kvartel, breiddin vel 13 álnir 3 kvartel“ – þ.e. 5,78 m x 6,73 m x 7,88 m) og loks innri kórinn, austurendinn, eins og teiknaður inn í helmingi minni tening en framkirkjan („að lengd vel 7 álnir, hæð 8 álnir, breiddin 7 álnir“ – þ.e. 4,01 m x 4,58 m x 4,01 m) þótt hæðin væri aðeins umfram það. Gólfflötur kirkjunnar og miðkórsins hafa saman myndað ferhyrning sem var rúmlega 14 x tæplega 8 metrar. Þar við bætist svo gólfflötur innri kórsins, um 4 x 4 metrar. Lengd kirkjunnar allrar var því rúmlega 18 metrar (18,09 m). Miðkórinn var auk þess með krossörmum eða „litlum“ stúkum/útskotum og þar hefur kirkjan verið breiðust, 10–12 metrar, eftir því hve djúpar stúkurnar hafa verið (1–2 m) sem ekki er uppgefið í úttektinni. Að flatarmáli hefur klausturkirkjan á Þingeyrum árið 1684 því verið á bilinu 136–144 fm og þannig mun stærri en þær kirkjur sem síðar voru reistar á staðnum.

Gengið var inn um dyr á vesturgaflinum með „vel umvendaðri“ (kannski útskorinni) hurð á trévöltum. Neðri tréváltinn hefur að líkindum hvílt í steinþró innan við nyrðri dyrastafinn. Á hurðinni var koparhringur og hún hafði skrá með lykli. Á kórnum og kirkjunni voru fimm glergluggar. Oddatalan bendir til þess að gluggi hafi verið á öðrum gaflinum og tveir gluggar á hvorri langhlíð, sunnanvert og norðanvert. Giska má á að gluggarnir hafi setið hátt til þess að veita táknrænni birtu ofan frá og inn í kirkjurýmið eða nálægt ölturunum til þess að varpa dagsbirtu á þau og miðla ljósi frá þeim út í skammdegis- og náttmyrkrið.<sup>8</sup> Fjalagólf var í kirkjunni allri og innri kórinn afþiljaður, sennilega með lágu kórþili sem var með dyrum, dróttum og dyrastöfum. Upp af fjalagólfi innri kórsins lágu tvö þrep að háaltarinu. Í miðkórnum framan við þilið sem skildi að miðkórinn og innri kórinn var loft eða svalir. Undir svölunum voru hvelfingar. Sennilegt er að þessi innréttung hafi verið skreytt útskurði og blasti hún við er menn gengu í kirkjuna. Úr kirkjuskipinu sást aðeins í innri kórinn um dyraopið miðsvegar undir svölunum. Í kirkjunni var auk

8 Steinunn Kristjánsdóttir hefur bent mér á að gluggar hafi einnig verið í klausturkirkjunum í Kirkjubæ og á Helgafelli, brot úr steindu gleri hafi fundist við uppgröftinn í Kirkjubæ og líka á Skriðuklaustri (með helgimyndum); það bendi til að gluggarnir í þessum klausturkirkjum hafi verið veglegir.

Þess predikunarstóll árið 1684, sennilega staðsettur framan við eða undir svölunum sunnanmegin. Þessi lýsing nær aðeins til hússins sjálfs og helstu innréttinga en sagt verður frá öðrum búnaði og munum að neðan.

Timburkirkjur eiga sér langa sögu á Íslandi. Smíðalag var oftast svokallað stafverk sem gat tekið á sig ýmsar myndir. Stafverk og stafkirkjur draga nafn sitt af rúnnuðum „stöfum“ sem báru bygginguna uppi.<sup>9</sup> Í úttektinni eru stafirnir nefndir „stöplar“ sem er ný merking orðsins vegna þess að á miðöldum merkti „stöpull“ kirkjuturn.<sup>10</sup> Stafirnir voru ýmist frístandandi inni í miðju kirkjuskípinu eða innsettir í þiljur og vegg. Tíu stafir báru uppi háþak Þingeyrakirkju og stóðu í tveimur röðum, fimm norðanmegin og jafnmargir sunnanmegin, hver tæpir fimm metrar á hæð sem samsvarar rúmlega tveimur hæðum í íbúðarhúsum nútímans. Þar fyrir ofan var rjáfrið og súðin, um þrír metrar á hæð. Tveir stafanna voru felldir inn í vesturgafli kirkjunnar en átta frístandandi inni í kirkjunni. Utar til hliðanna voru aðrar tvær raðir lægri „útbrotastafa“ (hver um þrír metrar), fimm hvorum megin, og þjónuðu sem stoðir og hornstafir í ytri veggjum kirkjunnar. Hverjir 5 stafir mynduðu fjögur „stafgölf“ sem kallað var.

Margbrotið þakið hefur verið helsta prýði hússins og sett svip á Þingeyraklaustur þar sem kirkjan var stærst og íburðarmest bygginga. Þakið var samsett úr sextán aðgreindum flötum. Á kirkju, miðkór og innrikór voru tvíhliða súðþök efst en auk þess lægri einhliða súðþök á útbrotum eða hliðarskipum fyrri eininganna tveggja. Á þakinu var líklega sköruð súð með tjörguðum þakfjöllum, ef til vill með undirlagi eða langsuð. Ekki er þess getið að á Þingeyrakirkju hafi verið spónþak eða tréflísar. Súðþök eða þakkvistir voru einnig á krossörmum kórsins en innri kórin var eins og áður sagði útbrotalaus. Í lýsingu rjáfurs og þaks er talinn upp fjöldi bita, skammbita, sperra, höggsperra, langbanda, mænitróða, sláa og syllna, svo flókin þaksmíðin hefur heillað kirkjugesti og vakið hugrenningar um mannlegt hugvit, himneska borg og eilífð. Að utan var kirkjan studd grenistöðum sem komu í veg fyrir að hún fyki í óveðrum. Slíkar stoðir eru þekktar annars staðar frá og gegndu að einhverju leyti

9 Þegar hafa fundist tvær stoðarholur á Þingeyrum, þar sem kirkjan virðist hafa staðið, og fleiri komið fram á jarðsjármælingamyndum.

10 Um merkingu orðsins, sjá óútgefna MA-ritgerð Guðrúnar Harðardóttur, *Stöpull Páls biskups Jónssonar í Skálholti: gerð hans, hlutverk og áhrif í sögulegu og listasögulegu ljósi* (Reykjavík, 2001), 9–17, ásamt samantekt um miðaldastöpla aðra en á dómkirkjunum, 101–3 (eintak af ritgerðinni er á Landsbókasafni – Háskólabókasafni).

Því stuðningshlutverki sem hlaðnir veggir höfðu í torfkirkjum þótt torfið hefði einnig aðra kosti.<sup>11</sup> Samkvæmt úttektinni var kirkjan mest útsett fyrir veðrun á suðurhliðinni því þeim megin er kirkjutimbríð heldur „moskað“ eða fúíð. Á þeirri hlið hafa þá væntanlega verið þeir tveir af þremur gluggum kirkjunnar sem sagðir eru „laslegir“.

Úttektin frá 1684 sýnir að engar meiriháttar breytingar hafa verið gerðar á klausturkirkjunni í tíð Þorleifs Kortssonar og sonar hans, eða frá því 1663, þegar þeir fengu Þingeyraklaustursumboð að léni.<sup>12</sup> Úttektarmenn meta ástand kirkjunnar svo að verðmæti hennar hafi heldur rýrnað á tímabilinu og því er Þorleifi gert að greiða nýjum umboðsmanni þrjátíu og þrjú hundruð í uppbót fyrir kirkjuna en hún öll er metin á fimmtíu og átta hundruð og tíu aura. Kirkja úttektarinnar 1684 er þá sama kirkja og *Skarðsárannáll* segir að Páll bóndi Guðbrandsson hafi látið smíða að Þingeyrum árið 1619 en það hús hefur vart getað gengið úr sér á rúmum fjórum áratugum, hvað þá heldur fyrir í tíð Guðmundar Hákonarsonar (d. 1659) og sonar hans Þorkels (d. 1622), sem höfðu Þingeyraklaustursumboð næst á eftir Páli, og hvergi er sagt að þeir feðgar eða Þorleifur Kortsson hafi byggt nýja kirkju á Þingeyrum. En hvaða breytingar voru gerðar á kirkjunni 1619 eða var hún kannski öll endursmíðuð?

## Breytingar Páls Guðbrandssonar á Þingeyrakirkju 1619

Þorlákur Skúlason biskup fékk Björn Jónsson á Skarðsá (d. 1655) til að rita annál um atburði á Íslandi frá 1400 til 1640 og er hann kallaður *Skarðsárannáll*. Skarðsá er í Skagafirði og Björn var kunnugur staðháttum á Þingeyrum og er annáll hans ein af helstu heimildum um tímabilið. Í *Skarðsárannál* við árið 1619 stendur „Lét Páll bóndi Guðbrandsson, er Þingeyra klaustur hellt, smíða kirkju að Þingeyrum.“<sup>13</sup> *Vatnsfjarðarannáll elsti* og *Vatnsfjarðarannáll hinn yngri* taka upplýsingar um kirkjusmíðina upp eftir *Skarðsárannál* og eru samhljóða þar sem þeir setja eftirfarandi við

11 Gerð kirkjuveggjana á Þingeyrum þarfnast frekari rannsókna. Steinunn Kristjánsdóttir hefur tjáð mér að grunnur klausturkirkjunnar, sem teymi hennar hefur rannsakað, virðist vera úr torfi og þar í sé ekkert grjót. Þessi torfveggur sé mjög þykkur og hár þrátt fyrir að hann liggi nú frekar djúpt í jörðu.

12 *Annales Islandici Posteriorum Sæculorum / Annálar 1400–1800 I* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1922–27), 362 nmgr.

13 *Annálar 1400–1800 I* (1922–27), 213.



árið 1619: „Kirkja smíðuð á Þingeyrum“.<sup>14</sup> Í annál Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal við Patreksfjörð, *Sauðlauksdalsannál*, sem skrifaður var á 18. öld, finnum við þessar áhugaverðu upplýsingar við árið 1608: „24. Apri(lis) gefur kóngur leyfi til að rífa ofan Þingeyrakirkju og byggja hana aftur minni, þar of stór sé, svo kóngur þurfi ekki að kosta til hennar né annarra klaustursins húsa“.<sup>15</sup> Umrætt konungsbréf hefur ekki fundist en það virðist samhljóða öðru slíku frá 29. mars 1560 sem býður Páli hirðstjóra Stígssyni að sjá um að klausturkirkjur á Íslandi séu minnkaðar. Gefið er að gömlu kirkjurnar þóttu stærri en nauðsynlegt var („fore att thee ere saa store paa bøgningen“) og við smíði minni kirkna átti að endurnýta timbur gömlu klausturkirknanna („att the tha neder tage samme kircker oc thennomm sijdenn egienn strax obygger aff thett samme tømmer. noget minndre ennd thee nu ere“).<sup>16</sup>

Þegar minnka átti stafkirkju en nýta timbur hennar mátti útfæra það á fleiri en eina vega. Ein aðferð var sú sem notuð var í bróðurklosturinu á Munkaþverá við endurbætur á 18. öld. Þar voru útbrotin á framkirkjunni fjarlægð og torfveggir byggðir í þeirra stað utan um kirkjuskipið.<sup>17</sup> Forkirkja, stöpull/stöplar og kór eru einnig byggingareiningar sem voru smærri en framkirkjan, þeim var krækt á framkirkjuna og voru þannig í vissum skilningi lausar einingar. Því voru möguleikarnir þessir: fjarlægja útbrot, fjarlægja kór, fjarlægja forkirkju eða stöpul, ýmist alla hlutana eða einhvern þeirra. Heilt timbur úr þeirri einingu sem fjarlægð var mátti nota til að gera við skemmdir á þeim hlutum sem fengu að standa. Þótt engar timburkirkjur hafi varðveist á Íslandi fram á okkar daga eru enn til stafkirkjur í Noregi frá miðöldum af svipaðri gerð og þær íslensku. Fátt bendir til annars en að stafverkshefðin hafi haldist mjög sterk á Íslandi eftir siðaskipti og timburkirkjur á fyrstu öldum eftir siðaskiptin hafi haft að mestu sama byggingarlag og miðaldakirkjur þótt þær hafi getað verið innréttaðar

14 *Annálar 1400–1800* III (1933), 56, 101.

15 *Annálar 1400–1800* VI (1987), 387.

16 *Diplomatarium Islandicum / Íslenzkt fornbréfasafn XIII* (Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1933–1939), 480–81; fornbréfasafnið verður hér eftir skammstafað *DI*.

17 Guðrún Harðardóttir, „Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 93 (1996–97), 5–42; 19 (sjá myndir 16 og 20).

öðruvísi.<sup>18</sup> Því var ekki nauðsynlegt að rífa klausturkirkjurnar ef hægt var að nýta einhvern hluta þeirra óbreyttan. Að draga úr stærðarhlutföllum allrar kirkjunnar þýddi að nauðsynlegt var að taka hana alla niður og endursníða gamla timbrið. Var það augljóslega meiri háttar framkvæmd og engin þekkt dæmi eru til um að þannig hafi verið staðið að minnkun kirkju.

Páll bóndi Guðbrandsson virðist hafa tekið þann kost að fjarlægja heldur stöpul/stöpla og hugsanlega forkirkju gömlu klausturkirkjunnar. Kirkja úttektarinnar 1684 er háreist og mun stærri en almenn sóknarkirkja á Þingeyrum þurfti að vera (síðari kirkjur voru allar töluvert minni, einnig núverandi steinkirkja). En sterkasta vísbendingin um að þessi kirkja hafi verið að stofni til gamla klausturkirkjan er sú að hún virðist innréttuð eins og kaþólsk miðaldakirkja. Þetta sést af svölunum fyrir framan skilrímið milli kirkjunnar og innri kórsins. Þetta loft eða svalir var „áður kallað *Pulpitu*“ (2v), segir í úttektinni. Fortíð kirkjunnar, sem hér er vísað til, hlýtur að vera frá því fyrir 1619, það er að segja að svalirnar voru nógu gamlar til þess að einhver þóttist vita að þær hefðu verið kallaðar þessu nafni áður fyrr á klausturtímanum. Í úttektum Munkaþverár er stundum vísað á sama hátt til nafngifta frá klausturtíma.<sup>19</sup> Á þessum tíma hafa enn allmargar kirkjur verið standandi frá kaþólskri tíð og menn þekktu byggingarlag þeirra og hvernig það var frábrugðið byggingarlagi nýrri kirkna. Orðið *pulpitu* er dregið af *pulpitum* eða *pulpitrum* í miðaldalatínu en svo voru nefnd skilrúm milli kirkjuskipsins og hins heilaga altaris í kaþólskum miðaldakirkjum.

*Pulpita* (flt. af *pulpitum*) þjónuðu þeim tilgangi að skipta kirkjunni í tvö aðalrými, eitt fyrir leikmenn og annað fyrir lærða. Leikmenn máttu ekki koma of nærri háaltarinu, innsta rými kirkjunnar, þar sem vígðir menn framkvæmdu helgasta hluta messunnar, gjörbreytinguna (*transubstantiatio*), þegar brauðið og vínið umbreyttist í líkama og blóð Krists. Prestar og munkar gátu sungið og lesið lestra af svölum þessum, sem not-

18 Hörður Ágústsson, „Stavbygning. Island“, *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* XVII (1972), 90–93.

19 Guðrún Harðardóttir, „Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá“, 5–42. Sjá einnig umfjöllun Guðrúnar um „kórþil“ í íslenskum kirkjum á fyrstu öldum eftir siðaskiptin í Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti“. *Áhrif Lúthers. Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017), 195–214; 201–4. Um „lessvalir“ í miðaldakirkjum og elstu kirkjum eftir siðaskiptin fjallar einnig Hörður Ágústsson í *Skálholt. Kirkjur* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990), 250.

aðar voru eins og predikunarstóll, án þess að koma of nærri leikmönnum. Finna má dæmi um sams konar *pulpita* í kirkjunum á Munkaþverá og Kirkjubæjarklaustri og ef til vill víðar.<sup>20</sup> Hinn strangi aðskilnaður læðra og leikra í kirkjurýminu samræmdist síður skilningi siðaskiptamanna á stöðu presta gagnvart söfnuðinum því ólíkt kaþólsku kirkjunni viðurkenndi Lúter ekki prestvígsluna sem heilagt sakramenti (*sacramentum*) heldur taldi alla skírða menn fullgilda meðlimi safnaðarins. *Pulpita* voru því gjarnan tekin niður á nýöld í gömlum kirkjum og Páll Guðbrandsson hefur þessu samkvæmt tæplega látið setja upp nýtt *pulpitum* í Þingeyrakirkju árið 1619. Slíkar svalir urðu jafnframt óþarfar eftir að predikunarstólar voru settir í kirkjurnar sem gegndu að sumu leyti sama hlutverki.<sup>21</sup> Einum slíkum hefur að öllum líkindum verið komið fyrir í Þingeyrakirkju árið 1619 eða jafnvel fyrir því hann er nefndur í úttektinni 1684 og ekki talinn Þorleifi Kortssyni til tekna. Þótt íhaldssemi í hönnun kirkna á Íslandi hafi ef til vill getað leitt Pál bónda til þess að endurbyggja Þingeyraklausturskirkju í sama stíl og með sömu innréttingum og áður, væri það einsdæmi að heil ný kirkja hafi verið sniðin úr timbri gamallar kirkju. Kóngur vildi ekki leggja til nýtt timbur, en sérstaklega bendir hin mikla stærð kirkjunnar 1684 til að hún hafi ekki verið minnkuð árið 1619. Niðurstaðan hlýtur því að vera sú að endursmið Þingeyrakirkju á vegum Páls Guðbrandssonar hafi einkum falist í öðrum breytingum.

Í svonefndu *Sigurðarregistri* frá því um 1525, sem geymir ítarlegustu greinargerð um Þingeyrakirkju frá miðöldum, er „inventar“ muna sem þá voru í kirkjunni, m.a. eru taldar átta klukkur: „jtem kluckur. viii. vænar.“<sup>22</sup>

20 Guðrún Harðardóttir, „Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá“, 7, finnur vísbendingu í *Lárentius sögu biskups* um að Lárentius hafi ef til vill staðið á sams konar svölum í klausturkirkjunni á Munkaþverá, sem brann árið 1429, er hann las upp bréf fyrir viðstadda menn í kirkjunni. Guðrún nefnir svalirnar „leskór“ (*lectorium*). Með greininni er prentuð mynd af álíka trésvölum í Kinn kirkju í Noregi, sem raunar er steinkirkja í rómönskum stíl frá ofanverðri 12. öld. Guðrún Ása Grímsdóttir hefur gefið út lýsingu kirkjunnar á Kirkjubæjarklaustri í úttekt klaustursins frá 1704. Þar á síðum 126–27 má lesa lýsingu á svipuðu skilrími í kirkjunni. Guðrún Ása Grímsdóttir, „Heimildir í handritum um klaustrin í Skaftafellspingi“, *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellspingi. Erindi flutt á ráðstefnu á Kirkjubæjarklaustri* 13. –14. mars 1999, sem haldin var að tilhlutan Kirkjubæjarstofu og Skaftafellspáfastsdæmis í tilefni 1000 ára afmælis kristintöku á Íslandi, *Dynskógar* (Vík: Sögufélag Vestur-Skaftfellinga, 1999), 101–44.

21 Predikunarstólar koma í íslenskar kirkjur eftir siðaskiptin. Guðrún Harðardóttir, „Innanbúnaður kirkna á fyrstu öldum eftir siðaskipti“, 198–99.

22 *DI IX*, 312–18; 313.

Hér eru áreiðanlega komnar þær klukkur sem Guðmundur ábóti gaf kirkjunni á öndverðri 14. öld (sjá fyrir neðan). Hlutverk klukkna var að kalla menn til guðsþjónustu og marka helgi guðsþjónustunnar við upphaf hennar og endi. Klukkur þessar hafa verið innfluttar og enn eru til mjög gamlar kirkjuklukkur hér á landi (annars staðar á Norðurlöndum hafa slíkar klukkur enst illa, sennilega verið bræddar og málmurinn endurnýttur).<sup>23</sup> Ekki segir í máldaganum 1525 hvar klukkurnar voru í kirkjunni en þær eru taldar með öðrum munum hennar. Í úttektinni 1684 eru þessar klukkur nefndar en þær hafa flestar skemmst eða eru í reiðileysi. Tvær hanga að vísu í sjálfstæðu klukknaporti við innganginn í kirkjugarðinn vestanmegin en portið virðist nýjung á staðnum. Fjórar eru „brotnar og rifnar með höldunum afstokknum“ (2ν) og þar af leiðandi ekki í notkun. Árið 1684 er sjöunda klukkan horfin af staðnum, þótt vísað sé til hennar í „fyrri reikningsskap“ um Þingeyraklaustur, væntanlega þeim sem gerður var er Þorleifur Kortsson kom að Þingeyrum árið 1663. Sá reikningskapur er nú því miður glataður að öðru leyti. Áttunda klukkan virðist töpuð og alls ekki minnst á hana. Hvað skýrir þetta undarlega reiðileysi klukkanna í úttektinni 1684? Einfaldasta skýringin er sú að kirkjusmiði Páls Guðbrandssonar árið 1619 hafi einkum falist í því að taka niður stöpul/stöpla og/eða forkirkju þá sem sett voru á framkirkjuna á Þingeyrum á öndverðri 14. öld, en þar hafa þessar klukkur að öllum líkindum verið. Samkvæmt þeirri nákvæmu lýsingu sem við höfum af kirkjunni árið 1684 er að minnsta kosti víst að stöpull/stöplar þeir sem á henni voru árið 1363 (sjá fyrir neðan) eru horfnir. Á kirkjunni 1684 er ekki heldur nein forkirkja á framkirkjunni, eins og var t.d. á Laufáskirkju, aðeins ónýtar klukkur sem enginn staður virðist vera fyrir.<sup>24</sup>

23 Eins og Halldór Laxness hefur gert frægt í skáldsögu sinni *Íslandsklukkunni* (1943–46) girntust dönsk yfirvöld á 17. öld upplýsingar um íslenskar kirkjuklukkur. Árið 1636 kom hirðstjórinn Pros Mundt til Íslands á herskipi, m.a. „vildi [hann] endilega vita af klaustrahöldurum, og öðrum, sem konungdómsins jarðir hefði, hversu gamlar og ótiðkanlegar klukkur væri í hvers umdæmi, og girntist þennan reikningsskap“. *Annálar 1400–1800 I* (1922–27), 248 (*Skarðsárannáll* við 1636). Þann 6. maí 1684, kom bréf til landsins frá Kristjáni 5. þess efnis að allar rifnar og brotnar klukkur sem tilheyrðu kirkjum og klaustrum á Íslandi skyldu afhendast fógétanum og sendast til umsteypu í Kaupmannahöfn. *Lovsamling for Island I*, útg. Oddgeir Stephensen og Jóns Sigurðsson (Kaupmannahöfn: Háskólabóksalan, 1853), 425–26.

24 Steinunn Kristjánsdóttir telur að breytingin sem gerð var á kirkjunni 1619 sé sjáanleg í fornleifunum, þ.e. að hún hafi verið stytt um fimm metra að vestanverðu.

## Hve gömul var sú kirkja sem stóð á Þingeyrum 1684?

Klausturkirkjan á Þingeyrum var byggð snemma á 12. öld og ólíkt mörgum öðrum kirkjum á Íslandi fer engum sögum af því að hún hafi brunnið, fokið um koll í óveðri eða eyðilagst á annan hátt.<sup>25</sup> Með reglulegu viðhaldi gátu timburkirkjur staðið öldum saman eins og sést á því að í Noregi eru enn varðveittar stafkirkjur frá 12. öld. Þingeyraklaustur var auðugt og átti hlunnindi í reka og þar var enginn timburskortur, sem sést til að mynda á úttekt Eldivíðarhússins 1684, sem er fullt af timbri, og í umfjöllun um jarðir Þingeyraklausturs í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* en þar er víða nefnd notkun reka til húsabótar.<sup>26</sup>

Lítum á þær heimildir sem til eru um klausturkirkjuna á Þingeyrum. Til er mjög gömul saga af því þegar Oddur munkur Snorrason sem var prestur að vígslu varð fyrir sýn í kirkjunni og honum birtust Kristur og Ólafur konungur Tryggvason en Oddur skrifaði sem kunnugt er sögu Ólafs konungs á latínu einhvern tíma á síðari hluta 12. aldar.<sup>27</sup> Ekki er þó

25 Finnur Jónsson biskup segir í Klaustursögu sinni, *Historia Monastica Islandiæ* (í IV. bindi *Historia Ecclesiastica Islandiæ* [Kaupmannahöfn, 1772–78], 31) að klaustrið á Þingeyrum hafi allt brunnið árið 1157: *Ejus tempore anno 1157 totum monasterium conflavit* (Á tíma hans [Nikulásar ábóta] árið 1157 brann klaustrið allt). Það sama segir Janus Jónsson: „1157 brann allt klaustrið til kaldra kola“ og þýðir sýnilega latínutexta Finns. Janus Jónsson, „Um klaustrin á Íslandi“, *Timarit Hins íslenska bókmenntafélags* 8. ár (1887), 183. Heimild Finns, þótt hann nefni hana ekki, getur ekki verið önnur en *Konungssannáll* (*Annales Regii*): „[1157] Brann bæ at Þingeyrum“. *Íslandske annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm (Christiania [Ósló]: Det norske historiske kildekriftfond, 1888), 116; *með nútímastafsetningu*. Annálarnir heita þessu nafni af því að þeir voru sendir til Danmerkur þegar á 17. öld og enduðu í bókasafni konungs. Handritið var skrifað í upphafi 14. aldar (a.m.k. sá hluti þess sem geymir færsluna um brunann á Þingeyrum) og var á Hólum um 1640 en árið 1662 tók Þormóður Torfasson það með sér til Danmerkur og færði Friðriki 3. til varðveislu í nýju safni hans. Í Konungsbókhöfðu fékk handritið síðar safnmarkið GKS 2087 4to. Finnur hefur ekki haft þetta handrit hjá sér þegar hann skrifaði að klaustrið hefði allt brunnið. Árið 1778, þegar Finnur gaf út klaustursögu sína með aðstoð Hannesar sonar síns, hafði danski sagnfræðingurinn Jakob Langebek hins vegar nýlega gefið út *Konungssannáll* á prenti í Kaupmannahöfn, sem Hannesi hefur verið kunnugt um, en þeir fedgar virðast samt ekki hafa náð að leiðrétta ónákvæmnina í fullyrðingunni um brunann á Þingeyrum 1157. Nú er *Konungssannáll* varðveittur á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Snemma á 18. öld, 1718 (*Vallaannáll*) eða 1719 (*Mælifellsannáll*), brann smíðja á Þingeyrum. *Annálar 1400–1800 I* (1922–27), 513.

26 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII – Húnavatnssýsla* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1926).

27 Frásögnin er í S-gerð (Holm perg 18 4to) Ólafs sögu Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason. Ólafur Halldórsson, útg. *Færeyinga saga – Ólafs saga Tryggvasonar eptir*

mikið af þeirri frásögn að græða fyrir þann sem leitar upplýsinga um gerð kirkjunnar. Heldur meiri hjálp er í heimildum frá 14. öld. Í *Lögmannsannáll* við árið 1339, sem var dánarár ábótans Guðmundar, lesum við: „Obitus domini Godemundi abbatis Þyngerensis [þ.e. Dauði herra Guðmundar ábóta á Þingeyrum]. Sálaðist hann at Munkaþverá ok var fluttr nordan likami hans til Þingeyra. Urðu margir merkiligir atburðir í líkfylgju hans ok hyggja menn hann góðan mann fyrir Guði. Lét hann uppsmiða framkirkju á Þingeyrum ok fékk hann til skróða, bækur ok klukkur, ok kenndi mörgum klerkum þeim sem síðan urðu prestar, ok var hinn mesti nytsemdar maðr.“<sup>28</sup> *Lögmannsannáll* er talinn skrifaður af Einari Hafliðasyni (1307–93) sem ólst upp í nágrenni Þingeyra, á Breiðabólstað í Vesturhópi, og gekk sjálfur ungur í klaustrið árið 1317. Hann var því kunnugur staðhättum á Þingeyrum. Í *Lárentius sögu*, sem einnig er talin skrifuð af Einari, stendur: „Um haustið [1314, skv. ritstjóranum] visiteraði Auðunn byskup [á Hólum] um vestrsvæitir ok vígði kirkju at Þingeyrum“.<sup>29</sup> Það er því trúlegt, eins og Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur hefur bent á, að vígsla klausturkirkjunnar á Þingeyrum árið 1314 hafi farið fram við lok framkvæmda eftir að „framkirkjan“ á Þingeyrum var „uppsmiðuð“ á vegum Guðmundar ábóta. Guðmundur tók við embætti árið 1310 og framkvæmdir hafa þá staðið yfir í fjögur ár eða skemur.<sup>30</sup>

Einar Hafliðason hefur mátt muna þessar framkvæmdir við kirkjuna á Þingeyrum í byrjun 14. aldar en hann var sjö ára þegar hún var vígð.

*Odd munk Snorrason, Íslenzk fornrit 25* (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2006), 358–59.

28 *Islandske Annaler indtil 1578*, 272.

29 *Lárentius saga biskups. Biskupa sögur III*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1998), 321.

30 Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum. Klausturbald á Íslandi í fimm aldir* (Reykjavík: Sögufélag, 2017), 108. Í Kristinrétti Árna Þorlákssonar eru ákvæði um endurvígslu kirkna þegar skaði verður á þeim: „Ef kirkja brenn upp eða annars kostar lestist svá að niður fellur öll eða meiri hlutur, þá skal vígja endurgjörva kirkju. En þó að kirkjuráfrá brenni upp, fúni og niður falli lítill hlutur af veggjum, þá skal eigi vígja endurbætta kirkju því í veggjum vígist kirkja þó að altari sé niður fallið, ruglað eða úr stað fært eða altarissteinn sé ljótliga brotinn. Þá skal það vígja, en eigi raskar það kirkjuvígslunni, þó má og syngja í kirkju þó óvígð sé.“ *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*, útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson (Reykjavík: Sögufélag, 2005), 150. Ég vil þakka Guðrúnu Harðardóttur fyrir að hafa bent mér á þetta ákvæði, sem sýnir að það samræmdist ágætlega lögum að endurvígja kirkju þegar framkirkja hafði verið byggð upp að nýju þótt innri kór hennar og miðkór með krössörmmum hafi staðið óbreyttir frá fyrri öldum.

Þegar talað er um að „uppsmiða framkirkju“ er væntanlega átt við að öll framkirkjan, þ.e. kirkjubyggingin að undanskildum miðkórnum með krössörmum sínum og innrikórnum, hefur verið endurbyggð. Þrátt fyrir þessa miklu endurnýjun kirkjunnar virðast helgustu og mikilvægustu hlutar hennar hafa staðið óbreyttir áfram og þeir hafa væntanlega verið byggðir þegar á 12. öld. Einnig eru vísbendingar um að í upphafi 14. aldar hafi verið settir framan á kirkjuna einn eða tveir stöplar og myndi það samræmast vel þeim klukkum sem Guðmundur ábóti fékk til kirkjunnar í tengslum við endursmiði hennar og minnst er á í *Lögmannsannál*. Í erfðaskrá Benedikts Kolbeinssonar, 22. febrúar 1363, sem gefin er út í *Íslensku fornbréfasafni*, er vissulega kominn stöpull eða turn á klausturkirkjuna að Þingeyrum: „Hér með kýs ek líkama mínum legstað at Þingeyrum í stöplinum þar sem Borgilldur hústrú mín liggur aður fyrir“.<sup>31</sup> Orð Benedikts útiloka raunar ekki að tveir turnar hafi verið á kirkjunni af því að hann gæti hafa viljað segja með orðum sínum að hann vildi hvíla í stöplinum þar sem Borgilldur hústrú hans lá en ekki í hinum stöplinum. Fullvissa um gerð stöpsulsins eða stöplanna mun ekki fást fyrr en leifar finnast í jörðu á Þingeyrum sem sýna ótvírætt gerð vesturenda klausturkirkjunnar.

Af hverju tveir stöplar? Kapítulainnsigli Þingeyraklausturs er vel þekkt af teikningu sem Árni Magnússon lét gera og birt er í *Sigilla Islandica*.<sup>32</sup> Myndir á varðveittum innsiglium frá Þingeyrum frá þessum tíma sýna gotneska kirkju með tvo turna, þótt ýmislegt ósamræmi sé annars í þeim. Ef Þingeyrainnsigli og keimlík teikning af kirkju inni í upphafsstaf einum í Flateyjarbók, sem borinn hefur verið saman við myndirnar á innsigilunum, gefa raunsanna mynd af útliti kirkjunnar, sem mér þykir ekki ósennilegt,

31 *DI* III, 184–86; 185.

32 Magnús Már Lárusson og Jónas Kristjánsson, ritstj. *Sigilla Islandica I* (Reykjavík: Handritastofnun Íslands, 1965–67), 179. Mörg innsigli frá Þingeyrum með umfjöllun Árna eru á síðum 163–221 og á sex þeirra má sjá mjög litlar kirkjur í sama stíl, þótt erfitt sé vegna smæðarinnar að greina nákvæma gerð þeirra. Ýmsir hafa velt því fyrir sér hvort innsigilmyndirnar eigi að sýna raunverulegt útlit klausturkirkjunnar en Guðrún Harðardóttir vinnur að doktorsrannsókn á kapítulainnsiglium þar sem þetta er metið. Forathugun á íslenskum klausturinnsiglium er að finna í grein Guðrúnar, „Myndefni íslenskra klaustur-innsigla“, *Íslensk klausturmenning á miðöldum*, ritstj. Haraldur Bernharðsson (Reykjavík: Miðaldastofa Háskóla Íslands, 2016), 201–25. Þar á síðum 220–22 eru leidd rök að því að innsigli bróðurklaustursins á Munkaþverá gæti hafa tekið mið af útliti klausturkirkjunnar þar eftir bruna á staðnum 1429.

þótt efast hafi verið um það, hefur kirkjan verið búin tveimur stöplum eða klukknaúsum í vesturendanum.<sup>33</sup>

Flest bendir því til að endalok klausturkirkjunnar á Þingeyrum hafi borið til árið 1695 þegar þessi forna og tilkomumikla kirkja, sem hafði að líkindum prýtt Þingeyraklaustur í ríflega fimm hundruð og sextíu ár, var tekin niður af Lárusi nokkrum Gottrup, dönskum umboðsmanni konungs, sem lét byggja aðra, „hverja hann og að velli alsendis aleinn berhendur hefur uppbyggja látið“, eins og hann svo borginmannlega kemst að orði í nýrri úttekt Þingeyraklausturs frá árinu 1704. Þótt gamla klausturkirkjan hafi þarfnast viðgerða var hún samkvæmt úttektinni 1684 síður en svo ónýt eða að hruni komin og hefði væntanlega mátt gera við hana. Sennilega hefur Lárusi Gottrup einfaldlega ekki líkað miðaldasvipurinn á gömlu klausturkirkjunni. Hann var framkvæmdasamur maður og nýju kirkjuna hefur hann byggt úr kóngsins timbri, ef marka má orð dóttursonar hans Ólafs Gíslasonar í óprentuðum endurminningum hans, a.m.k. segir í úttekt þeirrar kirkju frá 1704 að timbrið hafi verið nýlegt og á nokkrum stöðum í lýsingunni eru nefnd „Gullandsborð“ sem að sögn Páls Vídalíns var innflutt gæðatimbur frá Gotlandi.<sup>34</sup> Að vísu viðurkennir Gottrup í úttekt

- 33 Bent hefur verið á líkindi við kirkjuteikningu í upphafsstaf á bl. 69v í Flateyjarbók, GKS 1005 fol. en erfiðara er að tengja þá mynd beint við Þingeyrarkirkju þótt handritið geti hafa verið skrifað þar. Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Ormur ber heyið eða ... Skandinavische Schriftlandschaften“. *Vánbok till Jürg Glauser*, ritstj. Klaus Müller-Wille, Kate Heslop, Anna Katharina Richter, Lukas Rösli, Beiträge zur nordischen Philologie 59 (Tübingen: Narr Francke Attempto Verlag, 2017), 146–49, ásamt tilvísunum í fyrri skrif um efnið. Hægt er einnig að túlka stöpul sem fristandandi einingu. Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrum*, 98–99. Guðrún Harðardóttir, *Stöpull Páls biskups Jónsonar*, 9–17, telur að orðnotkun í heimildum bendi sterklega til þess að á miðöldum hafi orðið „stöpull“ samsvarað nokkurn veginn nútímanotkun orðsins kirkjuturn. Guðrún ræður þetta meðal annars af leiðbeiningum um húsavirðingar í Lbs 63 4to (frá 1678) sem prentaðar eru hjá Guðbrandi Jónssyni, *Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal: Lýsing íslenzkra miðaldakirkna*. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju 5:6 (Reykjavík: Gutenberg, 1919–29), 111–12, en þar er rætt um „kirkjur sem storar eru. so sem klaustrum hæfer. edur þo nockud minne sieu. þegar stopullinn er vj. vij eda viij al(n)a har og Bitinn vij eda viij alna langur. og sie smjidad af nyum vidum og sie þiliad i hvolf og golf og med tueimur þockum i Ræfur og veggi. allt af trie smjidad“. Ekki er þó ljóst hvað af þessum leiðbeiningum megi ráða um stöpla klausturkirkna annað en að talað er um einn stöpul aðeins; ekki er tekið fram að hann sé fristandandi og hæðin er áætluð sex til átta álnir, sem er töluvert minna en hæð framkirkju Þingeyraklausturskirkju samkvæmt úttektinni 1684 („á hæð 13 álnir 3 kvartel“).
- 34 Sigfús Blöndal fann handrit Ólafs Gíslasonar á Konungsbókhöðu í Kaupmannahöfn með æviminningum hans á dönsku og þýddi á íslensku kaflann um Þingeyrar, sem honum þótti sérlega áhugaverður, og gaf hann út með inngangi og skýringum. Ólafur Gíslason,



sinni að einhverjir stafir og annað timbur hafi verið endurnýtt úr klausturkirkjunni en sem slík var hún rifin árið 1695. Gottrupskirkja var tæplega fjórtán metrar að lengd („hverrar lengd er 24 ál.“; þ.e. 13,75 metrar) og þar með ríflega fjórum metrum styttri en gamla klausturkirkjan og einfaldari smíð og óvandaðri, þrátt fyrir dreissugt turnhýsi sem reis upp úr mæninum merkt kónginum og með veðurhana á hárrí stöng. Smíðurinn var danskur, þótt hann hefði íslenskan aðstoðarmann, líklega Odd Árnason, og hefur ekki þekkt íslenska veðrun, auk þess sem nýju kirkjunni var illa viðhaldið af eftirmönnum Gottrups.<sup>35</sup> Eftir rúmlega öld var hún gerónýt og þurfti að rífa hana. Árið 1804 fékk Björn Ólafsson Ólsen umboð fyrir Þingeyraklaustri og keypti hann jörðina af dönskum stjórnvöldum árið 1812. Þá voru Þingeyrar í niðurníðslu og kirkja Gottrups orðin hrörleg. Lét Björn byggja litla torfkirkju í hennar stað að hætti fátækra Íslendinga. Var sú torfkirkja áreiðanlega byggð á grunni hinna eldri og stærri kirkna.<sup>36</sup>

## Altari, dýrlingalíkneski og ýmsir munir í klausturkirkjunni<sup>37</sup>

Besta heimildin um gerð hinnar fornu kirkjubyggingar á Þingeyrum er því samkvæmt ofansögðu úttekt hennar árið 1684, auk þess sem yfirstandandi fornleifarannsóknir leiða á hverju ári í ljós nýja og ómetanlega þekkingu

„Lýsingar á Þingeyraklaustri á fyrri hluta 18. Aldar“, útg., þýð. og höfundur inngangs Sigfús Blöndal. *Ársrit Hins íslenska fræðafélags* 1916, 56–68. Handrit Ólafs, NKS 1692 fol., ætti að vera enn á Konungsbókhöfðu. Vardandi „Gullandsborð“, sjá texta úttektarinnar 1704 hér að neðan.

35 Guðrún Harðardóttir hefur borið kennsl á aðstoðarsmiðinn. Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þór Magnússon og Gunnar Bollason, „Þingeyrakirkja“, *Kirkjur Íslands VIII. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svinavatnskirkja, Undirfellskirkja, Þingeyrakirkja*, ritstj. Margrét Hallgrímsdóttir, Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands o.fl., 2006), 263–314; 267.

36 Guðrún Harðardóttir o.fl., „Þingeyrakirkja“, 268.

37 Rétt er að nefna að í þessum hluta greinarinnar styðst ég við ýms heimildir, s.s. Guðbrand Jónsson, *Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal*, Gunnar F. Guðmundsson o.fl. *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, og Fredrik B. Wallem, „De islandske kirkers udstyr i middelalderen.“ *Aarsberetning for norske oldtidsminnesmerkere bevaring*. Årsberetning 66 (1910). Höfuðheimild mín í þessum hluta greinarinnar er þó hin ágæta grein Guðbjargar Kristjánsdóttur, „Messuföng og kirkjulist: Búnaður kirkna í kapólskum sið“. *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*, ritstj. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2004), 246–59, og hef ég stundum tekið orðalag hennar óbreytt upp og fléttað inn í lýsingu mína á Þingeyraklausturskirkju.

um staðinn. Til viðbótar höfum við svo þær brotakenndu upplýsingar sem draga má saman úr fornbréfum, sögum og annálum. En ríkasta skjalaheimildin um Þingeyraklausturskirkju er áður nefnt *Sigurðarregistur* frá 1525 sem geymir inventar yfir lausagóss klaustursins þótt það virðist í raun ekki ná út fyrir kirkjuna sjálfa.<sup>38</sup> Nánast ekkert er talið í öðrum húsum en kirkjunni. Ef *Sigurðarregistur* er lesið í ljósi úttektarinnar 1684 má leika sér að því að koma gripum inventarsins fyrir í kirkju úttektarinnar. Gengur það vandræðalaust og sýnir að samræmis gætir í þessum tveimur höfuðheimildum um hina fornu klausturkirkju.

Auk háaltaris í innri kórnum voru á kaþólskri tíð fjögur minni altari í krossörmum Þingeyrakirkju, sem byggðir voru út úr útbrotum miðkórsins, kölluð „úttalari“ sem kemur heim og saman við staðsetningu þeirra. Úttölturinn voru helguð Krosstrénu, heilögum Benedikt (klaustrið var undir Benediktsreglu) og heilögum Ólafi (verndardýrningi Niðarósserkibiskupsdæmis). Ekki er sagt í *Sigurðarregistri* hverjum fjórða úttalarið var helgað en líklegt er að það hafi verið Maríualtari. Maríudýrkun var eitt af undirstöðuatriðum klausturlifnaðarins. Sex Maríumessur voru haldnar hátíðlegar á ári hverju (1. febrúar, 25. mars, 15. ágúst, 8. september, 21. nóvember og 8. desember) og var jómfrú María verndari fleiri kirkna en nokkur önnur helg persóna. Í *Sigurðarregistri* eru talin þrjú Maríulíkneski í kirkjunni á Þingeyrum, tvö þeirra úr alabastri. Í bróðurklaustrinu á Þverá, Munkaþverá, var Maríualtari og Önnualtari í svonefndri Önnustúku kirkjunnar. Anna var móðir Maríu. Maríualtarið í báðum kirkjum hefur verið norðanmegin, þ.e. kvennamegin. Sennilegast var Benediktsaltarið í Þingeyrakirkju í sömu stúku. Á brún Benediktsaltarisins voru níu blásmeltir og gylltir silfurskildir („ix. silfurskilder. blásmellter og gyllter“) af svipuðu tagi og í háltari kirkjunnar og minna þeir á skildina á silkiskrauti einnar Maríustyttu kirkjunnar. Ólafsaltarið hefur verið sunnanmegin, karlamegin, ásamt krossaltarinu. Framan á krossaltarinu og Ólafsaltarinu voru bríkur („brik á krossalltare. og á olafsalltare aunnur“). Samtals voru tveir tugir dýrtingalíkneskja í Þingeyrakirkju samkvæmt *Sigurðarregistri*. Auk áður nefndra Maríulíkneskja voru þrjú lík-

38 *DI IX*, 312–14. Elsti hlutinn af *Sigurðarregistri*, sem hér um ræðir, geymir máldaga Hóladómkirkju þegar Jón biskup Arason tók við embætti, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land. *Sigurðarregistur* er til í frumriti á skinni og varðveitt í Biskupaskjalasafninu á Þjóðskjalasafni. Það er ritað með hendi séra Sigurðar Jónssonar á Grenjadarstað (d. 1595) sonar Jóns biskups Arasonar og við hann kennt.

neski af Heilagri þrenningu, Kristi og Jóhannesi skírara, eitt af Pétri, tvö Pálslíkneski, eitt af Jóhannesi postula og guðspjallamanni, annað af heilögum Andrésí og Jakobi. Tvö Ólafslíkneski voru í kirkjunni, annað þeirra úr alabastri. Þarna voru og líkneski Jóns Hólabiskups og heilags Benedikts, auk líkneskja af Maríu Magdalenu, Katrínu, Klöru og heilagri Zitu frá Lucca á Ítalíu.<sup>39</sup> Öll líkneskin hafa verið fjarlægð úr kirkjunni eftir siðaskiptin því þau eru hvergi nefnd í úttektinni 1684.

Ölturinn fimm í klausturkirkjunni voru skreytt klæðum, útsaumuðum brúnum með málmskjöldum en einnig hefur verið eitthvað af dúkum yfir líkneskjum (tveir glitaðir, þ.e. skrautlegir, dúkar yfir líkneskjum eru nefndir í *Sigurðarregistri*). Í kirkjunni hafa verið bekkir, stólar og púlt undir fólk og bækur, og klútar, púðar og sessur til þess að hlífa og auka á helgi gripanna. Eftirfarandi messuklæði og lausamunir eru taldir upp í *Sigurðarregistri*: átta messuklæði, fimm góð og allfær, og þrjú „léttari“ (þ.e. síður góð); fimmtán höklar fyrir munka og aðra, átta góðir og sjö síður góðir; fimm sloppar, níu „kantarakápur“ (þ.e. ermalausar messukápur, oft hlýjar og góðar til notkunar í kulda og útivið) og fjórar „dalmatíkur“ (þ.e. höklar fyrir djákna) og þrjár höklar fyrir súbdjákna (kallaðir *subtilum*). Í kirkjunni voru einnig þrjár baglar og ein ábótahúfa samkvæmt *Sigurðarregistri*. Klæðafjöldinn segir kannski eitthvað um fjölda munka og klerka sem tóku þátt í messunni jafnvel þótt meira hafi verið til af messuklæðum en nota þurfti hverju sinni.

Þá var sérstakur páskaútbúnaður, stólpi undir páskakerti og páskablað. Einnig tvær burðarstíkur undir kerti og tíu koparstíkur (sumar brotnar), einnig undir kerti, væntanlega á ölturum. Kerti var látið loga á altarinu við messugjörð og við gjörbreytinguna var einnig kveikt á svokölluðu upphaldskerti til að söfnuðurinn sæi sem best hið helgaða brauð þegar presturinn hóf það upp í messunni. Upphaldsstíkur frá Grundarkirkju í Eyjafirði eru varðveittar í Þjóðminjasafni Dana, þær eru með undnum leggjum og járnbroddum sem kertin voru fest á. Ljós voru einnig tendruð við aðrar kirkjulegar athafnir, skírn, útför, vígslur og á kirkju-

39 Margaret Cormack, *The Saints in Iceland: Their Veneration from the Conversion to 1400*. Subsidia Hagiographica 78 (Bruxelles: Société des Bollandistes, 1994), gefur besta yfirlitið yfir dýrlingalíkneski í íslenskum miðaldakirkjum en nær aðeins til 1400 og því ekki til *Sigurðarregisturs*. Þeir sem telja að klausturkirkjan á Þingeyrum hafi verið helguð heilögum Nikulási hljóta að sakna líkneskis af honum. Verður sú tileinkun að teljast ósönnuð í ljósi þess að svo lítið þarna inni minnti á Nikulás.

hátíðum, einkum kyndilmessu, hreinsunardegi Maríu meyjar 2. febrúar. Á Þorláksmessu, 23. desember, voru einnig notuð ljós enda var það öðrum þræði hátíð vetrarsólstöðu og hækkandi sólar eins og fram kemur í Þorlákstíðum á latínu í AM 241 a II fol. (frá síðari hluta 14. aldar). Við fyrstu Þorláksmessuna árið 1199 segir í *Þorláks sögu* að logað hafi á hundrað kertum í Skálholtsdómkirkju. Við vígslu skírnavatnsins á páskavökunni dýfði prestur logandi kerti ofan í vatnið. Einnig voru sett ljós fyrir framan dýrlingamyndir. Oft eru nefndar í máldögum standstikur á ölturum eða á gólfi nálægt altari. Góð birta hefur verið nauðsynleg svo að sæist til að lesa guðspjallið og pistlana og syngja texta en steindir gluggar hafa einnig getað skapað litbrigði ljóss í kirkjunni. Ljósahjálmar úr tré eða málm, oftast með fimm til sjö kertapípum, og kertagrindur úr járn með nokkrum pípum komu til sögunnar á 14. öld. Gluggarnir fimm á klausturkirkjunni sem lýst er í úttektinni 1684 (þeir hafa væntanlega einnig verið á miðaldarkirkjunni) hafa varla verið mjög stórir, þótt stærðin sé ekki þekkt, og í henni hefur mögulega verið hálförökkur á sumrin og rökkur eða myrkur í skammdeginu. Í elstu kirkjumáldögum er stundum kveðið á um að lýsa skuli kirkjur frá síðsumri/hausti og fram yfir páska. Ljósið minnir á nærveru Krists í sakramentinu. Ljósið hefur einnig verið vegvísir fyrir ferðamenn. Reykelsisker, glóðaker, voru til í flestum kirkjum, og hefur einnig verið í Þingeyrakirkju þótt ekkert slíkt sé nefnt í *Sigurðarregistri*. Kerinu var sveiflað fram og aftur við messuna eftir ákveðnum reglum. Reykelsið fyllti kirkjuna sætum ilmi Guðs og rak burt hið illa en reykurinn var tákn bænanna sem sendar voru til himna. En hér ber þess að gæta að erfitt er að fullyrða að tiltekinn gripur hafi verið í kirkjunni ef hann er ekki talinn í máldaga eða úttekt hennar. Upptalning gripa í *Sigurðarregistri* virðist þó vera gloppótt.

*Pulpitu* með dyrastöfum og hvelfingum í lofti en svölum ofan á og upphækkaður pallur með tveimur þrepum og fjalagólfi aðskildi innri kórinn frá kórnum og framkirkjunni því inn að altarinu mátti enginn óvígður koma og kórskilin mörkuðu skiptinguna milli lærðra og leikra í kirkjunni. Háaltarið var í innri kór kirkjunnar. Á föstunni var sums staðar hengt föstutjald fyrir kórinn til að hylja háaltarið fyrir söfnuðinum. Þörfin fyrir aðskilnað hefur einnig verið til staðar í klausturkirkju eins og þeirri á Þingeyrum því þótt munkarnir hafi notað kirkjuna meira en aðrir hafa verið fjölmargir leikmenn meðal staðarmanna, gestir og alþýða á bæjunum

í kring. Messan fór fram við háaltarið sem hefur líklega verið úr tré þótt aðeins fjórir altarissteinar hafi verið í kirkjunni 1525 en fimm ölturu. Bendir þetta til að eitt altarið hafi á einhvern annan hátt uppfyllt þá kröfu að vera steinaltari sem var ófrávíkjanleg regla. Mögulegt er að altarissteinn hafi verið innbyggður í eitt af ölturunum sem þá hefur breytt því í steinaltari í einhverri mynd en hin ölturinn haft lausa steina. Stundum voru einnig hólfr í ölturum fyrir helga dóma og sömuleiðis í altarissteinum fyrir mjög smáa helga dóma.

Yfir háaltarinu á Þingeyrum árið 1525 var alabastursaltarisbrík („brík með alabastrum yfer háaltari“), talin ensk og frá 15. öld og er hún enn að hluta varðveitt í steinkirkjunni sem nú stendur á Þingeyrum. Á svona töflum voru gjarnan vængjahurðir með útskornum líkneskjum eins og í aðalbríkinni. Vængjabríkur voru opnaðar á kirkjulegum hátíðum en hafðar lokaðar hversdagslega og voru þá aðeins málaðar helgimyndir á bakhlið vængjanna til sýnis. Alabastursbríkin á Þingeyrum er nefnd í úttektinni 1684 en er þá þegar brotin sums staðar: „Altarisbrík af alabastri, í sumum stöðum brákuð“.<sup>40</sup> Alabastursbríkur voru ekki óalgengar á Íslandi á síðmiðöldum. Mariubrík frá Hítardal er í Þjóðminjasafni, talin gerð í Nottingham um 1450 (Þjms. 3617–3622). Til er á Þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn önnur alabastursbrík frá Munkaþverárklostri, ensk frá um 1425.<sup>41</sup> Reynistaðaklausturskirkja átti einnig enska alabastursbrík sem nú er á Þjóðminjasafni (Þjms. 1064).<sup>42</sup> Hvað var fyrir ofan altarið áður en bríkin á Þingeyrum var sett upp í kirkjunni á 15. öld er ekki vitað, ef til vill ekki annað en koparkrossarnir þrír sem þar voru einnig samkvæmt *Sigurðarregistri*.

Í kór Þingeyraklausturskirkju var einnig gamalt hvítt silfurskrín undir helgan dóm eða dóma. Ekki er sagt í *Sigurðarregistri* hvaða helgur dómur var í skrininu. Oft voru helgidómaskrín húslaga en stundum tók form þeirra mið af þeim líkamshluta dýrlingsins (t.d. framhandlegg eða höfði)

40 Búið er að fjarlægja allt nema krossfestingarmyndina og þá myndhluta sem gátu staðið áfram í lúterskum sið. Mögulega voru þessir hlutar eyðilagðir í siðaskiptunum. Margaret Cormack, “Voru helgimyndir eyðilagðar á Íslandi? Athugun á varðveislu dýrlingamynda fyrsta áratuginn eftir siðaskipti.” *Ábrif Lúthers. Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, 243–60; 246.

41 Steinunn Kristjánsdóttir, *Leitin að klaustrunum*, mynd 42.

42 Bera Nordal, „Skrá um enskar alabastursmyndir sem varðveist hafa á Íslandi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1985 (1986), 85–128.

sem í skríninu lá. Helgiskrín þetta hefur væntanlega verið hægra megin í kórnum en mátt færa það fram í kirkjuskipið við sérstök tækifæri svo leikmenn kæmst nær því. Dýrtingar voru álitnir milligöngum milli Guðs og manna og mikilvægt að komast sem næst heilögum dómum þeirra til þess að auka möguleika sóknarbarnsins á bænheyrn. Þá voru fjórir aðrir krossar („pínslarmörk“ ) í kirkjunni, einn standkross með undirstöðum og þrjár aðrir, sem ekki er lýst nánar, mögulega þeir sömu og héngu fyrir ofan háaltarið sem þá eru tvítaldir. Átrúnaður var á einstökum krossum á Íslandi, mest undir lok miðalda á krossinum á Kaldaðarnesi í Flóa. Þangað streymdi margmenni úr sveitum sunnanlands á krossmessunum vor og haust, 3. maí og 14. september, til líknar og áheita. Krossinn sá stóð í kór og gafst mikið fé til kirkjunnar í þessum heitgöngum. Kaldaðarnes var ferjustaður yfir Ölfusá og ferðamenn því ósjaldan í lífsháska. Dýrkun krossins hélt áfram eftir siðaskiptin og varð til þess að Gissur Einarsson Skálholtsbiskup bannaði hana í bréfi 1547.<sup>43</sup>

Framan á háaltarinu í Þingeyraklausturskirkju var einnig samkvæmt máldaganum 1525 „tabulum“, þ.e. skreytt tafla eða fyrirbrík, eins konar altarisbrík fyrir framan altarið. Á háaltarinu sjálfu var klæði/altarisdúkur, sennilega úr hvítu líni og með útsaumi, sem og „saurdúkur“ (þ.e. hvítur hlífðardúkur) sem líklega náði vel niður fyrir mitt altarið til beggja hliða. Neðst framan á altarinu var „brún“ (þ.e. bakki/borði) sem prýddur var nítján „silfurskioldum forgylltum og onnur með nockurum koparskioldum brakudum“, segir í *Sigurðarregistri*. Sama brún virðist hafa enst allavega fram til 1684 en í úttektinni þá hefur skjöldunum fækkað í fimmtán („Altaresbrun med 15 skioldum, og einum brotnum, af giltu silfre“). Altarisbrún frá Skálholtskirkju af svipaðri gerð er enn varðveitt á Þjóðminjasafni (Þjms. 1145). Svona brúnir voru í dómkirkjunum og öðrum stærri kirkjum og var hátíðarbúnaður háaltarisins í Þingeyrakirkju. Kirkjan átti einnig hversdagslegt háaltarisklæði og hversdagslega brún.

Hápunktur og helgasta stund messunnar var gjörbreytingin, eins og áður sagði, þegar brauðið og vínið umbreyttist í líkama og blóð Krists. Áður en altarisgangan fór fram áttu kirkjugestir að friðmælast hver við annan með friðarkossi og var hann staðfesting þess að söfnuðurinn sættist við Guð og náungann. Á 13. öld var farið að nota paxspjöld (einnig nefnd paxblöð), presturinn kyssti þetta spjald fyrstur en síðan var það látið ganga

meðal kirkjugesta um leið og sagt var *Pax vobiscum!* (Friður sé með yður!). Paxspjalda er fyrst getið í íslenskum máldögum á 14. öld en þau hafa ber-sýnilega verið orðin algeng hér á síðmiðöldum. Þau voru úr málm, smelti, tönn og tré og jafnvel er talað um máluð paxspjöld. Í *Sigurðarregistri* 1525 voru „paxblod. iij.“ í kirkjunni á Þingeyrum. Nokkur íslensk paxspjöld eru enn varðveitt á Þjóðminjasafni.

Annað sem tengdist altarisgöngunni var kaleikur og patína undir messuvín og brauð sem stóð á háaltarinu auk patínudúks eða „corporals“ að breiða undir þessi ílát en átta corporalsdúkar voru í Þingeyrakirkju 1525 ásamt þremur corporalshúsum en það var oftast skrautlega útsaumuð ferhyrnd taska til að geyma í patínudúkinn. Mjög vandað corporalshús er varðveitt frá Skálholti á Þjóðminjasafni (Þjms. 421). Kaleikar og patína eru úr dýrustu málmum. Margir fagrir og dýrmætir kaleikar hafa varðveist frá miðöldum á Íslandi, bæði erlendir og íslenskir. Við umbreytingu brauðsins og vínsins í messunni var hringt lítilli bjöllu, kórþjöllu eða sanctus-bjöllu, til að boða komu Krists. Í máldögum eru slíkar bjöllur stundum nefndar söngmeyjar. Það var eftir Lateran-þingið 1215 að farið var að hringja smábjöllum um leið og presturinn lyfti upp hinu helgaða brauði og víni við gjörbreytinguna.

Í *Sigurðarregistri* er sagt að í Þingeyrakirkju séu þrjár smábjöllur („þriar smábiöllur“). Eftir messufórnina var einn þriðji oblátunnar sem presturinn hafði helgað geymdur í sérstakri hirslu til reiðu fyrir sjúka og dauðvona milli þess að messað var. Á altarinu 1525 hefur einnig staðið „propiciorium med silfur“ sem var eins konar guðslíkamahús eða huslker. Þetta hefur verið úr silfri en einnig eru þekkt slík skrín úr tönn og smelti. Eftir að farið var að tilbiðja sakramentið eins og helga dóma var hið vígða brauð haft sjáanlegt í sérstöku sýnikeri. Þar var því komið fyrir í hálfmánalagaðri festingu innan í glerhólki. Sýniker þessi voru borin í helgigöngum á dýradergi, fimmtudaginn eftir þrenningarhátíð. Á sumum þeirra héngu smábjöllur sem gáfu frá sér hljóm þegar keríð var borið um og gegndu þannig sama hlutverki og kórþjöllu. Þess á milli var hið helgaða brauð haft til sýnis fyrir söfnuðinn, oft á bak við rimla, annaðhvort á altarinu eða í þar til gerðum skáp sem nefndist sakramentishús.

Í *Sigurðarregistri* eru einnig nefnd „baksturjarn“, „metaskaler med metum“ (þ.e. við með lóðum) og „hialmur med jarn“ sem allt tengist altarisgöngunni. Á undan og eftir messu þvoðu prestar hendur sínar

og við upphaf og í lok messufórnarinnar. Til þess þurfti konnu sem súbdjákni hellti úr yfir hendur prestsins, skál til að taka við vatninu og handklæði. Vatnskönnurnar voru stundum í manns- eða dýralíki og skýrir það nöfnin „vatnskarlar“ eða „vatnsdýr“ í máldögum. Vatn var tákn hreinsunar og útrekstrar hins illa og það var notað til vígslu. Vígða vatnið var í sérstöku keru og í vígslunni var því stökkt á hlutinn sem átti að vígja með sérstökum stökkli. „Sacarium handklæði“, „einn vazketill“, „ij. munnlaugar.“, „vazkallar .ij.“ er nefnt í registrinu 1525 og „járnkarl“, sem gæti verið vatnskanna, en líklega hefur ýmsu verið sleppt sem ekki þótti nógu verðmætt til að nefna þurfti það í *Sigurðarregistri* því máldaginn virðist ekki vera sérlega ítarleg eignaskrá.

### Bókasafn Þingeyraklausturs í háaltari kirkjunnar

Á altarinu í innri kórnum hafa staðið handrit með guðspjöllunum/pistlunum og fleiri bækur, sumar á púltum og púðum. Líklegt er að mörg þessara handrita og annarra bóka, sem vísað er til í kirkjunni, hafi verið framleidd í klaustrinu sjálfu. Í *Sigurðarregistri* er nefndur einn kopar-texti og tveir silfurtextar í Þingeyraklaustri og er þá átt við handrit með guðspjallatexta sem bundin eru inn með málmlegin tréspjöld utanum. Silfurinnbundnu guðspjöllin hafa legið á púðum („ij. textar buner með silfur. og ij. koddar. einn texti með kopar“). Í *Sigurðarregistri* segir jafnframt „J háalltare margar lätinubækr godar og illar“ sem eru mikilvægar upplýsingar sem lesandinn fær um hvar bókasafn klaustursins er staðsett. Má skilja það svo að einhver geymsla hafi verið fyrir bækur í innri kórnum hjá háaltarinu því ekki hafa þær legið í stöflum á altarinu eða verið inni í því. Innri kórin var að gólfleti um 16,08 fm („að lengd vel 7 álnir... , breiddin 7 álnir“ – þ.e. 4,01 m x 4,01 m). Einnig eru nefndir dúkar („dukur á abotaforma. og annar á framistoduforma“) og með þeim það sem dúkarnir liggja á, sem ekki er síður mikilvægt: „ábótaformi“ og „framistöduformi“. Formar voru bekkir og í þeim hefur verið hirsla undir sætunum þar sem hægt var að geyma bækur og annað.<sup>44</sup> Þessi óbeina tilvísun til bekkja í kirkjunni gefur vísbendingu um hve *Sigurðarregistur* er gloppótt. Ef til vill hafa þessir formar staðið í kórnum og kannski í innri kórnum. Þar hafa þá verið stólar, bekkir og kistur sem nota hefur mátt sem bókahirslur. Auk ábótaforma

44 Sjá Fredrik B. Wallem, „De islandske kirkers udstyr i middelalderen“, 228–33.



og frammistöðuforma er nefndur annar „formi“ og „frammistöðustóll með sessu. og .ij. smástólar“, sem allt getur einnig hafa verið í kórnum. Áðurnefnt orðalag *Sigurðarregisturs*, „J háalltare margar lätinubækr godar og illar“, og síðar „þar til hinar og adrar skrædur rotnar og gamlar“, sem líklega á við norrænubækur, bendir til að í innri kórnum, kannski meðfram veggjunum, hafi bókunum verið raðað svo þétt að ærna fyrirhöfn hafi kostað að skoða þær allar og telja þær upp með réttum heitum sínum, fyrirhöfn sem úttektarmenn *Sigurðarregisturs* hafa viljað sparað sér. Strax eftir upptalningu bókanna eru nefndar sex kistur („kistur .vj.“). Röð muna í upptalningunni sannar ekki að bækur hafi verið geymdar í kistunum því einnig var algengt að geyma messuskrúða í kistum en sennilegt er að einhverjar kistnanna sex hafi verið þannig nýttar. Kisturnar virðast þá hafa staðið í háaltarinu í innri kórnum og þar í hafi verið geymdar hinar mörgu lätinubækur og norrænubækur sem registrið vísar til.

Fyrst eru tilgreindar um fjörutíu latneskar kirkjubækur (sumt er óljóst í þessari upptalningu): þrjár *Evangelia* á altarinu (guðspjallabækur, tvær innbundnar með silfurspjöldum og ein með koparspjöldum), þrjár *Graduales* (kórsöngbækur fyrir allt árið), ein *Gradualis* (kórsöngbók eða víxlsöngsbók fyrir allt árið með Davíðssálmum og hymnum), ein *Lectionarium* (fyrir allt árið með hómilíum, þ.e. predikunum), tvær *Hymnarii* (latnesk hymnasöfn), ein *Capitularius* (óvíst: safn réttarákvæða eða rómversk tíðabók, bréfer), ein *ProceSSIONalis* (messubók með textum og tónlist fyrir helgigöngur), sex *Psalterii* (Davíðssálmar með almanaki), tvær *Communes* (kómmons bækur með *Commune Sanctorum*; sennilega sá hluti víxlsöngsbóka og tíðasöngsbóka sem hefur sameiginlegt efni úr ýmsum dýrlingamessum), tvær *Canticum* (söngbækur), tvær *Martyrologia* (tíðasöngbók með efni um píslarvotta), ein Tíðaskipunarbók, ein Reglubók, tvær *Cyriali*, ein *Missalis* (messubók), ein *Obituarium* (ártíðaskrá), þrjár *Graduales* („með sequencium. er með einum kiriall. enn brestur allar feriumessur“), ein *Gradualis* (fyrir allt árið), ein *Sequencialis* (sekvensíubók), tvær *Missales* (gætu verið fleiri, eyða er í handritinu, fyrir allt árið með collectum, guðspjöllum og pistlum), ein *Missale* (með öllum hátíðamessum), ein *Gradualis* (fyrir allt árið með collectum og söng). Erfitt er að vita *hversu* margar hinar „mörgu“ lätinubækur voru í háaltarinu en væntanlega hafa þarna ekki verið færri en fimmtíu til hundrað bækur. Þá eru taldar norrænubækur og sérstaklega tilgreind

ellefu verk: Gregorsdialógar, *Vitae patrum*, Barlaams saga ok Jósaphats, Maríu saga með jarsteinum, Jóns saga baptista, Jóns saga postula, Jóns saga Hólabiskups, Guðmundar saga góða, Þorláks saga, Gregorius saga, Hátíðapredikanir og sunnudagapredikanir.

Um þessi rit flest ef ekki öll gildir að þau eru norrænar þýðingar úr latínu. Sögur biskupanna Þorláks og Jóns áttu uppruna sinn í latínuskrifum Gunnlaugs Leifssonar og annarra og ef Guðmundar saga góða var sú gerð sem nú er nefnd D, þá var uppruni hennar einnig í latneskum texta.<sup>45</sup> Í lok upptalningarinnar á norrænubókum stendur, eins og áður sagði, eftirfarandi: „þar til hinar og adrar skrædur rotnar og gamlar“ – og á það líklega enn við bækur á norrænu, og samsvarar þannig „J háalttari margar látinubækr godar og illar“ sem kom í lok upptalningar kirkjubóka á latínu. Varlega áætlað hefur þetta bókasafn varla talið færri en hundrað latínubækur í allt auk nokkurra tuga norrænubóka þótt engin leið sé að vita fyrir vist tölu bóka í bókasafni Þingeyramunka. Til hliðsjónar má hafa að í Helgafellsklostri voru vel á annað hundrað bækur, flestar latínubækur, en þrjátíu og fimm á norrænu, eins og sjá má á máldaga klaustursins frá 1397.<sup>46</sup> Á Þingeyrum hafa væntanlega síst verið færri bækur en í öðrum klaustrum ef hliðsjón er höfð af aldri og frægð klaustursins fyrir bóklistir.

Þótt kaflinn um kirkjuna á Þingeyrum í *Sigurðarregistri* sé kynntur eins og hann telji bæði upp verðmæti í kirkjunni og klaustrinu („J sama tima eignar og peningar þingeyraklausturs. Jn primis inventarium kirkjunnar og klaustursins“) virðist það sem þar er upptalið allt hafa verið í kirkjunni. Einhverjar bækur hafa líklega einnig verið í öðrum húsum Þingeyraklausturs, eins og lýst er í samsvarandi en nokkuð ítarlegri máldaga Munkaþverárklausturs, en þar í byggingu sem nefnd er „Kapítuli“ voru nokkrar sögur á norrænu.<sup>47</sup> Í kaflanum um Þingeyraklaustur í *Sigurðarregistri* er hins vegar sleppt öllum bókum og munum sem líklegt er að hafi verið í öðrum byggingum en kirkjunni.

45 Sjá yfirlitskafla greinarhöfundar, „Latin Hagiography in Medieval Iceland“. *Hagiographies: Histoire internationale de la littérature hagiographique latine et vernaculaire en Occident des origines à 1550 / Hagiographies: International History of the Latin and Vernacular Hagiographical Literature in the West from Its Origins to 1550*, ritsstj. Monique Gallet. Corpus Christianorum. CCHAG - Hagiographies, vol. 7, 875–950; 936–42. Turnhout: Brepols, 2017.

46 *DI IV*, 165–172; 170–71.

47 *DI IX*, 307.

## Skipulag byggðar á Þingeyraklaustri

Þegar á öndverðri 18. öld hefur ríkt óvissa um staðsetningu klaustursins. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá upphafi aldarinnar segir eftirfarandi um staðarnafn eitt í heimalandi Þingeyraklausturs, Trum(b)saler: „Segja so munnmæli að hjer hafi klaustrið í öndverðu staðið. Engin vita menn rök til þess, og ekki sýna tóftaleifarnar til þess líkindi, því þær eru bæði færri og smærri en klaustri sambjóði.“<sup>48</sup> Á þessum tíma hélt Daninn Lárus Gottrup Þingeyraklaustur og er væntanlega til þess vísað hvað heimafólk hans hafði fyrir satt um staðsetningu hins forna klausturs. Árið 1776 var einnig minningin um gömlu klausturkirkjuna týnd, sem þó virðist hafa staðið fram til 1695, þegar Gottrup lét rífa hana. Þá skrifaði Halldór Vídalín eftirfarandi athugasemd *pro memoria* um þá kirkju: „Um byggingu á Þingeyraklausturskirkju fyrir lögmanns Gottrups tíð hef ég ekkert heyrt né skriflegt séð, því þykir mér líklegt hún hafi verið almennileg torfkirkja svo sem flestar hér í landi.“<sup>49</sup> Svo virðist sem þekkingin á byggingarsögu staðarins hafi glatast þegar á 18. öld.

Eins og þegar hefur komið fram eru elstu heimildir um byggðina á Þingeyrum úttektirnar frá 1684 og 1704 sem ekki hafa áður verið gefnar út. Fyrir neðan verður gerð grein fyrir þessum úttektum skjalfræðilega en hér er meiningin að fjalla með aðeins almennari hætti um þekkingu á klausturbyggðinni. Markmið úttektanna var að leggja grunninn að verðmati einstakra bygginga en ekki að lýsa skipulagi staðarins og staðsetningu húsanna. Aðeins á örfáum stöðum er minnst á innbyrðis afstöðu bygginga eða heildarskipulag Þingeyraklausturs og þá helst í úttekt Gottrups frá 1704. Rétt er að hafa í huga að tungumálið er takmarkaður miðill til að lýsa útliti hluta. Til þess er bert mannsaugað miklu hæfara og mannsheilinn sem leikur sér að því á örskotsstund að greina mynstur og útlínur þess sem augað skynjar. Þetta vissu fornir stílfræðingar mætavel sem klifuðu gjarnan á því að erfiðasta grein ritlistarinnar væri staðarlýsingin eða myndlýsingin (*ecphrasis*). Því er ekki við því að búast að úttektirnar 1684 eða 1704 veiti svo haldgóðar upplýsingar um Þingeyraklaustur að nægi til þess að teikna nákvæmlega upp skipulag byggðar á svæðinu. Til þess væru hvers kyns uppdrættir og teikningar mun betri en af þeim eru því miður

48 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1926), 250–51.

49 Þjóðskjalasafn. Skjalasafn umboðanna. Úttektir Þingeyraklaustursjarða 1776, skjal VII-2.

engir til eldri en frá miðri 19. öld þegar ásýnd staðarins hafði gjörbreyst frá því sem áður var. Úttektirnar á Þingeyraklaustri lýsa viðum húsa og byggingarlagi og gefa upp málín á flestu þessu timbri í álnum svo líklega gæti kunnáttusamur teiknari dregið upp myndir af einstökum húsum. Slíkar myndir eru þó haldlitlar ef maður vill ákvarða innbýrðis afstöðu húsanna og skipulag klaustursvæðisins. Að því sögðu má engu að síður ráða í skipulag staðarins í grófum dráttum einkum ef jafnframt er tekið mið af þeim fornleifarannsóknnum sem standa yfir þessi árin og hafa gert það mögulegt að staðsetja kirkjuna.

Fyrst skal nefna að umhverfis kirkjuna eða nálægt henni árið 1704 var stór kirkjugarður sem í úttektinni er sagður vera að ummáli 298 ½ al. en umreiknað í metra er það um hundrað sjötíu og einn metri. Garðurinn var myndaður af stæðilegum torfveggjum mannhæðar háum. Flatarmál þessa kirkjugarðs hefur verið í kringum tvö þúsund fermetrar eða um það bil fjórtán sinnum gólfplötur kirkjunnar sjálfrar. Á kirkjugarðinum vestanverðum framan við kirkjudyrnar virðist hafa verið klukknaport með súðþaki árið 1684 en í úttektinni 1704 virðist komið klukknaðhús við kirkjuna þótt inngangurinn í garðinn sé líklega enn á sama stað. Annað port var á suðurhluta kirkjugarðsins sem tengdi hann beint við „Íslenska bæinn“, eins og hann er kallaður í úttektinni 1704, til aðgreiningar frá „Danska húsinu“ (sem í síðari úttektum Þingeyraklausturs er stundum nefnt Norska húsið) en það stóð austan við „Íslenska bæinn“.

Danska húsið sem byggt var af Lárusi Gottrup var bindingsverkshús „listað og bikað með krossbinding og mó“. Það hafði skorstein byggðan úr múrsteinum („múrgrjóti“), frárennsli í röri og auðvitað turn á þakinu með veðurhana í stíl hins danska umboðsmanns. „Íslenski bærinn“ var hins vegar torfbær og gangabær með „ferköntuðu hlaði af hnöttóttu grjóti, vel þétt og skikkanlega niðurlögðu, og með sandi sléttu og jöfnuðu“ í miðri húsapyrpingunni.<sup>50</sup> Þetta er að vísu lýsing úr úttektinni 1704, en þar sem mörg húsanna umhverfis þetta ferkantaða hlað hafa sömu eða

50 Í fornleifarannsókn árið 2015 fannst hleðsla sem líkist steinhlaði á aðeins 45 cm dýpi þar sem nú er talið að kirkjan hafi staðið. Vegna dýptarinnar og staðsetningarinnar getur þetta tæplega verið steinhlað Íslenska bæjarins sem nefnt er í úttekt Gottrups árið 1704. Helst má ætla að hér sé um að ræða endurnýtingu hlaðsins í tengslum við byggingu torfkirkjunnar í byrjun 19. aldar. En um þetta er samt allt óvíst; Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir. *Kortlagning klaustura á Íslandi: Þingeyrar*. Vettvangsskýrsla VIII (2015), 10. Netútgáfa: [https://notendur.hi.is/~sjk/THING\\_2015.pdf](https://notendur.hi.is/~sjk/THING_2015.pdf)

svipuð nöfn í báðum úttektum (s.s. Karldyr, Andyri, Göng, Stóriskáli, Prestaskáli, Borðhús, Stórabaðstofa, Búr, Eldhús, Ofnshús, Langabúr, Port) virðist mega álykta að þessi húsaþyrping hafi verið það sem eftir stóð af klausturhúsunum.

Torvelt er að vita nákvæmlega hver húsanna voru leifar frá klaustur-tímanum. Í úttektinni 1684 vekur samt athygli lesandans hús sem nefnt er „Prestaskálinn“ og er sagt með „sjö sængum, þar í tvær lokrekkjur með fóðruðum skörum. Húsið vænt og víða sterkt, þó tilgengið og gamalt.“ Aðeins einn prestur var á Þingeyrum eftir siðaskiptin og með honum djákni. Annað hús kallað „Stórabaðstofa“ fær þá umsögn árið 1684 að þar sé „raftviður forn í rjáfri“. Í úttektum þessum, þótt gamlar séu, heita þó engin húsanna „Capítuli“, „Conventa“ eða „Clastrum“ sem allt eru heiti tengd klausturbyggingum á Íslandi. Ég tel þó sennilegast að skipulag klausturhúsanna hafi verið áþekkt því sem ráða má af úttektunum 1684 og 1704, þ.e. að til forna hafi kirkjan staðið norðan við önnur klausturhús<sup>51</sup> en sunnan við hana hafi verið skipað klausturbyggingunum umhverfis ferkantað hlað. Aðrar byggingar, fjós, fjárhús, hesthús, fálkahús, hlaða, skemmur, smiðjur, brunnhús og þess háttar – alls telja byggingarnar á fimmta tug í úttektinni 1684, og nálægt því jafn margar eru þær í úttekt Gottrups – hafi staðið norðan, austan eða sunnan við þetta svæði sem lík-lega hefur með öllu þakið um hektara lands.

51 Staðsetning klausturkirkjunnar og Gottrupskirkju er nú þekkt af gröfum tveggja klausturhaldara sem grafnir voru inni í henni. Kista sem fannst við fornleifarannsóknir á Þingeyrum á vegum Steinunnar Kristjánsdóttur fornleifafræðings sumarið 2021 er með góðum rökum talin tilheyra Jóni Þorleifssyni klausturhaldara 1677/1678–82 og önnur nálægt henni er merkt Oddi Stefánssyni, sem jafnframt var klausturhaldari á Þingeyrum 1783–1803. Í fyrri kistunni var húfa, leifar af bók og signethringur úr gulli með skjaldamerki Eggerts Hannessonar riddara en Jón var í móðurætt afkomandi Eggerts. Hefð var fyrir því að grafa fyrirfólk inni í kirkjunni, oft nálægt altarinu, og má nota það til þess að ákvarða staðsetningu kirkjunnar sem lýst er í úttektinni 1684 og Gottrupskirkju, en þær hafa verið byggðar á sama stað. Móðir Gottrups, Mette Nielsdóttir, sem var 58 ára, lést ári eftir komuna til Þingeyra, 16. október 1685. Var hún „grafin þar í kórnum fyrir altarinu“ samkvæmt Vallaannál (*Annálar 1400–1800 I* [1922–27], 405). Þetta var í gömlu klausturkirkjunni því Gottrupskirkja var fyrst byggð áratug síðar. Og samkvæmt sama annál er Gottrup sjálfur, sem lést á Þingeyrum mánaðamótin febrúar–mars árið 1721, „grafinn norðanvert í kórnum þar að kirkjunni 8. Martii, laugardag annan langaföstu, með virðulegri og vel aflestri útför í margra góðra manna viðurvist“ (*Annálar 1400–1800 I* [1922–27], 518). Gottrupskirkja var samsé reist á sama stað og gamla klausturkirkjan og er hún jafnbreidd henni þótt hún hafi verið nokkrum metrum styttri.

## Skjalfræðileg greinargerð fyrir úttektunum

Úttektin 1684 er í Skjalasafni umboðanna á Þjóðskjalasafni, þar geymd í öskju sem merkt er „Þingeyraklaustur VII, 2“ ásamt fleiri úttektum, vísitásium, uppskriftum máldaga og fleiru þess háttar. Talning og verðmat á lauseyri Þingeyraklausturs var gerð 22. ágúst 1684 (1v-2r). Kirkjan var tekin út mánuði síðar, 21. september 1684 (2r-3r). Dagsetningar þessar miðast við gamla stíl. Lýsing annars húsakosts á Þingeyrum var gerð næstu daga á undan og eftir (3r-4v). Tilefni úttektarinnar 1684 var afhending Þingeyraklausturs Lárusi Gottrup eftir dauða Jóns Þorleifssonar klausturhaldara í lok febrúar eða byrjun mars árið 1682.<sup>52</sup> Árið 1662 hafði faðir Jóns, Þorleifur Kortsson, orðið lögmaður norðan og vestan, og árið eftir tók hann Þingeyraklaustur. Jón sonur hans fékk Þingeyraklaustursumboð 1677 eða 1678 fyrir tilstilli föður síns en dó í embætti 26 ára. Í úttektinni er nefndur „einn kertahjálmur í Miðkórnum með níu liljum, vænn og vel umvendaður“ sem er sagður gjöf Þorleifs Kortssonar og konu hans Ingibjargar Jónsdóttur til kirkjunnar á Þingeyrum „í minning þess blessaða manns Jóns sáluga Þorleifssonar“ (2v). Á blaði 4v er vísað til ástands Fiskaskemmunnar „þá Hr. Þorleifur við tók“. Af því virðist mega ráða að sá „fyrri reikningsskapur“, sem nefndur er á blaði 2v, sé frá þeim tíma er Þorleifur Kortsson kom að Þingeyrum 1663. Sú úttekt hefur ekki fundist. Giska má á að engin úttekt hafi verið gerð á Þingeyraklaustri þegar Jón Þorleifsson tók við umboðinu um 1677/1678. Slíkar úttektir voru reikningsskil gamals umboðshaldara gagnvart nýjum sem hafa þá sennilega ekki þótt nauðsynleg þegar svo skyldir aðilar áttu í hlut.

Úttektarmennirnir 1684 eru nafngreindir og votta skjalið með undirskriftum sínum. Alþingisskrifariinn Árni Geirsson afritaði frumskjalið skömmu síðar og dagsetti uppskrift sína í Snóksdal 6. nóvember 1684. Úttektinni hefur fylgt kvittunarbréf á dönsku frá Lárusi Gottrup til Þorleifs Kortssonar, dagsett 1. júní 1685, til staðfestingar greiðslu hans við afhendingu Þingeyraumboðs. Umboðsmenn áttu að varðveita eigur staðarins óskertar og greiddu uppbót/ábót fyrir rýrnun þeirra. Nítján árum

52 *Annálar 1400–1800* II (1927–32), 459 (*Kjósaramáll* við 1682): „Deyði Jón Þorleifsson á Þingeyrum, er það klaustur hafði fest að föður sínum lifandi.“ Í athugasemd neðanmáls skrifar Hannes Þorsteinsson: „Í isl. ártíðarskrám bls. 194, 217 er Jón talinn látinn 25. febr. 1682, en 4. marz í Vallaannál (I, 393), og eru hvortveggi góðar heimildir, þótt ekki beri saman um dánardaginn, en dánarárið er með vissu 1682.“

síðar þótti afrit Árna Geirssonar (d. 1695) orðið „lasið“ og sums staðar ef til vill erfitt aflestrar (sbr. orðalagið „eftir því næst úrráðið og aðkomist verður“). Eftir því var þá gert nýtt afrit að Geirröðareyri, 30. júní 1703, og var afritarinn Guðmundur Þorleifsson „riki“, bróðir Jóns klausturhaldara. Guðmundur hefur að því er virðist einnig verið viðstaddur úttektargjörðina 1684 enda eru á einum stað hafðar eftir honum upplýsingar um kúgildi á jörðum klaustursins (1r). Afrit Guðmundar er á fimm blöðum og einum seðli sem geymir afrit af kvittun Lárusar. Frumritið og afrit Árna Geirssonar eru nú talin glötuð en afrit Guðmundar er varðveitt í Skjalasafni umboðanna, í þeirri öskju sem áður getur, auk annars afrits á tíu blöðum frá hendi óþekktks skrifara er virðist gert eftir afriti Guðmundar. Nafnlausu afritið hefur nokkuð lakari texta en setur efnið stundum fram með skýrari hætti. Textinn að neðan byggir á afriti Guðmundar Þorleifssonar en við aflestur og frágang var höfð hliðsjón af hinu afritinu og sums staðar til hagræðis líkt eftir framsetningu þess.

Giska má á að Guðmundur Þorleifsson hafi gert afrit sitt fyrir Árna Magnússon og Pál Vidalín þegar þeir unnu að Jarðarbók yfir Ísland.<sup>53</sup> Þeir hafi komist að því að hann átti frumritið frá föður sínum og beðið hann um afrit fyrir skjalasafn jarðarbókarinnar. Varðveisla úttektarinnar 1684 er þá enn eitt dæmið af óteljandi um afrek þessara manna á sviði skjalavarðveislu.

Úttektin 1704, sem efnt hefur verið til seint í marsmánuði það ár, er sannarlega gerð vegna beiðni frá Árna og Páli sem unnu að jarðarbókinni sem erindrekar konungs. Henni fylgir ekki verðmat á húsunum ólíkt úttektinni 1684 sem var liður í fjármálauppgjöri milli gamals og nýs umboðsmanns klaustursins. Skjalið er sýnilega frumskjal með varðveittum innsiglium matsmanna að undanskildu einu innsigli sem rifnað hefur af. Matsmennirnir eru heimamenn á Þingeyrum eða menn að öðru leyti tengdir klausturhaldaranum Lárusi Gottrup lögmanni norðan og vestan á Íslandi. Sýslumaðurinn Jens Spendrup (1680–1735) hafði fengist við kaupmennsku á Íslandi.<sup>54</sup> Árið 1704 var hann ungur og líklega skjólstaðingur Gottrups lögmanns. Sigurður Einarsson (um 1672–1748) var lögsagnari Gottrups í Húnavatnsþingi til 1704.<sup>55</sup> Andrés Þorsteinsson

53 Sbr. *Annálar 1400–1800 I* (1922–27), 678 (Annáll Páls Vidalíns við 1703).

54 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 V* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1952); III (1950), 17.

55 *Íslenzkar æviskrár IV*, 216.

var vinnumaður á Þingeyrum, sagður 29 ára í Manntalinu 1703.<sup>56</sup> Jón Helgason er í sama manntali sagður ráðsmaður á Þingeyrum, 44 ára að aldri. Af undirskriftum þeirra sést að þeir eru óvanir skriftum. Heldur æfðari er hönd Hans Andersen sem í Manntalinu er kallaður „farver fra Danmark“, 31 árs að aldri. Þátttaka hans í úttektinni skýrir án efa hve vandlega er greint frá hvað er málað og með hverju. Andreas Johansen er ekki að finna í Manntalinu né annars staðar og getur hafa verið nýkominn til Þingeyraklausturs. Af nafninu að dæma hefur hann ekki verið íslenskur.

Í Skjalasafni umboðanna er einnig að finna *Inventarium* yfir Þingeyraklaustur, samantekið og undirskrifað af Lárusi Gottrup sjálfum, dagsett 10. júní 1704. Það er sagt gert fyrir erindreka konungs, Árna Magnússon og Pál Vídalín, að beiðni landfógetans Kristófers Heidemans. Rithöndin á báðum skjölum virðist vera sú sama. Þótt skriftin líkist rithönd lögmannsins sjálfs í undirskrift hans er málið á því skjali svo danskt að ólíklegt má teljast að Gottrup sjálfur sé skrifari úttektarinnar, sem er á óbjagaðri og villulausri íslensku. Líklegra virðist að einhver Íslendingur, heimamaður á Þingeyrum, hafi skrifað úttektina. Skriftin er vel æfð, skýr og stafsetningin sjálfri sér samkvæm. Af þeim tæplega fjörutíu sálum sem skráðar eru til heimilis að Þingeyraklaustri í Manntalinu 1703, flest íslenskt vinnufólk, virðist klausturpresturinn Þorvarður Pétursson (um 1675–1707) líklegastur til að hafa verið skrifari lögmannsins. Hann er sagður hafa *Studii Camers* á loftinu í syðri enda Stóra skála. Sr. Þorvarður kom að Þingeyrum 1702 og kvæntist árið eftir danskri þjónustustúlku frá Kaupmannahöfn sem var í þjónustu Gottrupshjónanna. Hann dó í bólusóttinni sem gekk yfir landið á árunum 1707–1709.<sup>57</sup>

Fyrsta blað úttektarinnar er dekkra en hin og hefur líklega legið efst í skjalabunka og hlífðarlaust. Skjalið er annars vel varðveitt og auðlesíð í heild sinni. Þó hefur brotnað úr pappírnum í kjölinn á nokkrum stöðum og þar vantar á stöku stað bókstafi, þótt yfirleitt megi ráða í hvað vanti með nokkurri vissu. Blaðsíðutali er bætt við textann í hornklofum (t.d. svo: [3r]). Stafsetning og greinarmerkjasetning eru færð til nútímahorfs til að auðvelda lesturinn en áhugaverðar orðmyndir varðveittar. Farið er með heiti einstakra húsa og húshluta sem nöfn og þau skrifuð með stórum

56 *Manntal á Íslandi árið 1703, tekið að tillutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín, ásamt Manntali 1729 í þrem sýslum* (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1924–47), 262–63.

57 *Íslenskar aviskrár* V, 256.



upphafsstaf en skáletruð þar sem þau koma fyrst fyrir. Viðbætur orða eða orðhluta eru innan oddklofa (<...>).

## Úttekt Þingeyraklausturs 1684

Þjóðskjalasafn. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustur VII, 2  
[fimm blöð í arkarbroti, einn seðill].

[1r]

ANNO 1684, þann 22. ágúst, að Þingeyraklaustri í Vatnsdal vorum vér undirskrifaðir menn, nefndir af göfugum fyrrum lögmanni Þorleifi Kortsyni, ásamt velöktuðum Lauritz Christianssyni Gottrup Þingeyraklausturs forvaltara að meta og álíta eftirskrifaða klaustursins *inventarii* peninga.

### Í fyrstu heima afhent.

1. Kýr svartskjöldótt, ung og veltennt	gild
2. Svört, lágtent	gild
3. Svört, kinnótt með dregna tönn	10 vetra
4. Svartdröfnótt, ung	gild
5. Úrótt, roskin og væn	10 vetra
6. Rauðhelsótt, væn	10 vetra
7. Rauðkinnótt, ung	gild
8. Hvítdröfnótt	þrevetur
9. Svartskjöldótt, að öðrum kálfi	gild
10. Rauðskjöldótt, ung	gild
11. Svarthelsótt, ung	gild
12. Rauðkrúnótt, ung	gild
13. Svartskjöldótt	gild
14. Svört, væn, roskin	gild
15. Hvít, rauðdröfnótt, ung	gild

### Item ásauður heima afhentur

Ær	tvevetra	22	
	þrevetra	28	
	4 vetra	50	
	gamlar	19	<i>Summa</i> 119

## Í Hnausum afhentar kýr

1. Rauðskjöldótt, gild	6 vetra
2. Rauðhelsótt, gild	7 vetra
3. Rauð kýr, roskin	– “ –
4. Svört, hornótt, roskin	– “ –
5. Rauðskjöldótt, hyrnd, gild	– “ –
6. Svartskjöldótt, roskin, tímabær	– “ –
7. Svartskjöldótt, gild	– “ –
8. Hvít, rauð á eyrum, gild	– “ –
9. Gráskjöldótt, gild	– “ –
10. Hvít, rauð á eyrum, gild	– “ –
11. Svört kýr, gild	– “ –
12. Rauðhelsótt, gild	– “ –
13. Svartskjöldótt, gild	– “ –
14. Svarthryggjótt	– “ –
15. Rauðfleckótt	5 vetra

## Item þessi ásauður þar

Ær	tvevetra	51	
	þrevetra	27	
	4 vetra	37	<i>Summa</i> 115

Hér að auk tilsegir Guðmundur Þorleifsson, að á núbyggðum eyðijörðum ásamt öðrum lögbýlisjörðum klaustursins núverandi séu kúgildi 31, nefnilega kýr 11 og ásauður 1, sem í heimaklaustursins kúgildatölu afhendast eiga til þeirra uppfyllingar.

## Item í sama sinn hér heima afhentir

	<i>Hundruð / Álnir</i>
Klifberar á 7 hesta, virtir	17 ½
2 hrífur sem Lauritz Hansson meðtekið hefur, item 5 klárur, 4 orf og 1 klaufhamar, 3 nafrar, 1 laðar- stúfur, fánýtur með tveimur götum, 1 skeifnabor, 1 öxi, forn, 1 brithögg, 1 hornasög, 1 trésög með eina tönn úr brotna; allt	32
[1v] Torfskeri, torfljár og páll	14
Kláfur og torfkrókar	8
Torfhríp	12

	Hundruð /Álnir	
Sexæringssegl af vaðmáli og einskeftu, brúkanlegt og bætt		30
5 ljáir, 2 af þeim nýir, 2 brýni sem Lauritz og svo meðtekið hefur; laxanet að lengd vel 13½ faðmur, vel brúkanlegt og fiskheldið, nær 40 möskva djúp 3 færi ný, af þeim 2 dönsk og eitt þýskt		33
½ fjórðungur notgarns		45
Item 20 trog, strokkur einn		70
4 fötur, gagnlegar		18
Smákeröld 10		35
Kerald, tekur undir 2 tunnur, með 5 gjörðum, nýtt		30
Kerald með skyr, meinast taka 4 tunnur		50
Item kerald, tekur undir 2 tunnur, og ein skyrgrind		38
Nýr ketill, vegur 24 merkur		100
Annar gamall og einn lítill, báðir brúkanlegir, vógu til samans 46 merkur, virtir	1	40
Silungavarpa, 10 faðma löng, brúkanleg		[?]
3 borðdúkar af stóra lérefiti, heilir og vel brúkanlegir, fjórði gamall og bættur en þó brúkanlegur, allir tilsamans virtir		26
Ein tveggja potta kanna og 2 merkur könnur, allar gamlar en þó brúkanlegar, 4 tinföt brúkanleg, eitt af þeim nærri nýtt; þetta tin alt til samans að vigt 31 mörk, að verðaurum		80
Ein koparkanna loklaus, að vigt 20 merkur, verðið		30
10 tréskerborð, brúkanleg, og stór trékanna, fín: item 6 tréföt brúkanleg; virt til samans		23
8 hornspænir, allir vel brúkanlegir		6
½ vættar tréreisla með hlekkjum og steinlóði, virt		10
Járnpundari, vel smíðaður með koparlóði		4 ½ ríxdl.
Járnrist nýtanleg með einum fæti af brenndum		4
Ein munnlaug, sterk og heil, stór		10
2 hndr. álnir vaðmáls, með þeim nýju sem Lauritz Hanson meðtekið hefur	5	
Ein uxahúð, vó 26 merkur		20
Laurits Hanson (hefur) meðtekið 3 húðarskinn slæm, ólarreipi á 7 hesta þar ofan á lögð, hörbandsreipi á 6 hesta, öll til samans virt.....		22 ½

Þetta í búi af búsgögnum og *inventario*

Hundruð /Álnir

1 kerald með skyr, meinast taki 3 tunnu(r), fullt undir efstu gjörð; annað með skyr tekur vel 2 tunnur, bæði væn og sterk með sömu fyllingu; þriðja tekur 3 tunnur með skyr, nær undir efstu gjörð, vænlegt, vantar tvær gjarðir; fjórða 4 tunna kerald með skyr, áður í reikning komið og virt, og eiga þessi öll klaustrinu að fylgja.		
Í fremra búi tveggja tunna kerald með skyr, nýtilegt, og á það líka klaustrinu að fylgja. <i>In summa</i> : 12 tunnur skyr, keröldin virt.....	1	15
Fimm tunna kerald klaustrinu afhent, fyrir utan skyrið virt		80
Enn nú tveggja tunnu ker, tóm		15
Item eitt kerald í Borðhúsi með 5 gjörðum, nýtt, tóm, áður virt og afhent; fyrir utan skyrið virt.....		80
Item tveggja tunna kerald, tóm, lekur um einn staf; item í Eldhúsi 2 tunnu keröld tóm og ný, þessi til samans virt....		36
9 Keröld <i>in summa</i>		
Trog 24, flestöll ný, og sorptrog þrjú – áður afhent 20		48
Einn strokkur, gamall og gagnlegur, tvær fötur og eitt fötukerald		30
Drykkjartunna í Eldhúsi, tillátin, og ein tóm brauðtunna, fyrir þrjá háltunnu[2r]stampa, ein skyrgrind, uppgerðakeröld tvö, og eitt stærra og tvær fötur fyrir kerald, óvirt; tveggja fjórðunga ketill með brotnu eyra og brákuðum botni.		
Annar fjögurra fjórðunga ketill, nær nýr; þriðji lítill vel brúkanlegur, allir að vigt hálf vætt; virtir....	1 12 aurar	
Fjórði gamall, bættur, vó 2 fjórðunga, virtur		35
Fjögur málpottabrot óbrúkanleg, óvirt. Eitt afgangalt stokkhró, fullur með smjör, til sagt muni taka 10 vættir, en hvort á vantar eða yfir hefur, er kosin forlíkun, tillátnir nú og fyrri, tíu sauðir af kjötum, item kýrfall, og eitt gamalt minnis horn.		
Rúmföt með klaustrinu úttekin		
Ein fiðursæng með fornu vaðmálsveri		40
Seglléftshægindi með dún		20

	Hundruð /Álnir
Item fornt vaðmálshægindi, lítið með ull; virt	2 fjórð.
Þrjár grasdýnur fornar, þó brúkanlegar, fjórða í Hnausum tillsögð; þrjár rekkjuvoðir nýjar tilláttnar, og sjö fornar, eitt brekán fornt, virt til samans.....	65
Tvennir ullarkambar með járnkembum	12
Hákarlasókn með skinnvað að lengd 40 faðmar (þar til lofað 20 föðmum vaðs)	45
Item tilláttnir einir smiðjubelgir, töng, járnstykki brúkað fyrir steðja, hamar og sleggja með klofnum skalla, sem ei kunnum virða þar ei sáum; einn gamall strokkur, fánýtur, einir ketilkrókar, afhentir; baðstofutjald að lengd álnir 3 kvartel, breidd vel alin, með svartri kross- saums útrenslu; virt.....	10
Stofutjald ofið, að lengd vart 18 álnir, breidd vel alin 3 kvartel; virt	80
Lestatjald gamalt, í sumar tillátið, nú slitið og rifið; vef- staður alfær	15
Kista í stofu, gömul með hespu	10

Item í Hnausum vísað til 10 troga, smárra uppgerðarkeralda tíu og einnar skyrgrindar, fyrir barinn og óbarinn fisk tilláttnar 9 vættir og 1 fjórðungur. Hestar afhentir, *in summa* ungir og miðaldra níu. Item roskinn einn og tíu hross með fjórum folöldum; hey heima á klaustrinu 5 faðmar tilláttnir, meiripartur taða en úthey. Item 4 faðmar með útheyi, tekið fyrir 9½ útheys faðm og tvo töðu faðma sem klaustrinu á að fylgja.

ANNO 1684, þann 21. september, vorum vér eftirskrifaðir menn, tilnefndir af Hans Kongl. Majestets assessor in Commerce Collegio og landfógeta yfir Íslandi Hr. Christofor Heidemann, Jón Sigurðsson, Þorsteinn Benediktsson sýslumenn, Árni Geirsson landskrifari, Guðmundur Jónsson, Jón Jónsson lögréttumenn, Illugi Jörundsson, Sigurður Jónsson og Hákon Jónsson hreppstjórar, að uppskrifa og vúrdera Þingeyraklausturs kirkju, einnig hennar *ornamenta* að yfirlíta, hver til forvaringar meðtók kirkjunnar djákni Páll Jónsson, og svo voru ásigkomin sem eftir fylgir:

1. Einn hökull af bláu flaeli með baldýruðu silkitaui, kross á baki og lista í fyrir. Annar hökull af kamloti (kölluðu) með kross á baki og baldýruðu silkitaui. Þriðji hökull af þrykktu lérefsti með baldýruðum gömlum krossi í bakið, blátt léreftsfóður undir. Fjórði hökull af lérefsti með rauðum krossi á bakið og lista í fyrir, hann með gati en þó brúkanlegur.

2. Rykkilín gamalt, þó vænt og vel brúkanlegt. Í einum stað þarf aðbót. Annað rykkilín gamalt, þó fínt með rauðu flauelsstykki niður við faldinn í bak og fyrir, einnig á ermunum. Þriðja [2v] rykkilín, brúkanlegt þó gamalt. Fjórða nær ónýtt með mörgum bótum. Ítem eitt slitur af blámerkту lérefsti og annað slitur af kórkápu (af dúklérefsti).

3. Altarisbrún með 15 skjöldum, og einum brotnum, af gylltu silfri. Önnur altarisbrún silkidregin með léreftsfóðri. Hin þriðja slitur, saumað, ónýtt. Ein lítil steintafla með léreftsklút ofan yfir. Innsaumað silki í hornin.

4. Einn silfurkaleikur með patínu, gylltur, gamall, þó vænn. Aðrir þrír silfurkaleikar með patínum, allir lappaðir; einn af þeim lekur. Lítið tin-staup þar með fylgjandi.

5. Fjórar koparpípur, ein af þeim lítið löppuð, fimmta með skildi innsett á þil hjá predikunarstól. Einn kertahaldur nýr með tveimur pípum og vel brotnu verki, í kórstaf settur; hann til kirkjunnar lagður í stað hjámbrots og klukku sem í fyrra reikningsskap umgetur.

6. Lítið skírnarfát af leir, tvenn bakstursjárn, önnur með gati, þó brúkanleg. Ein skriðbytta brákuð. Skrúðastokkur gamall og lamalaus að fornu, lítið járnbundinn. Einn rotinn og rifinn grillari, einnig Biblía sem í umbót fyrir norðan er, mjög lasin. Tvær klukkur í klukknaporti, báðar vænar. Fjórar klukkur brotnar og rifnar með höldunum afstokknum. Einn kertahjálmur í Miðkórnum með níu liljum, vænn og vel umvendaður, hvern þau göfugu hjón Hr. Þorleifur Kortsson og Ingibjörg Jónsdóttir gefa kirkjunni í minning þess blessaða manns Jóns sáluga Þorleifssonar. *Klukknaportið* fínt með lítilfjörlegt súðpak með fjórum stöplum, slám og syllum. Virt 60 álnum.

7. *Kirkjan* á hæð 13 álnir 3 kvartel, eins á breidd, 14 álnir og ½ að lengd. Tíu stöplar í framkirkjunni á hæð hver um sig 8 ½ alin, útbrotastöplar tíu, hver um sig á hæð 4 álnir og 3 kvartel. Fimm bitar undir sperrum, fjórar höggsperrur með skambbitum, reisiþil og súð í rjáfri, þrjú langbönd hvers vegar undir mænitróðu, standþil undir efri syllum og neðri, það laslegt á

syðri síðu. Sex bitar í útbrotum undir sperrum, átta höggsperrur, er sitt langband hvers vegar, þar yfir reisipil og súð að utan. Einlægt standpil undir útbrotasyllum, víða laskað, aurslár að sunnanverðu, nýlega í látnar, norðanfram fyrri; í þriðja stafgólfi moskað. Að framanverðu þil efra og neðra með einni slá og einum skambbita löppuðum. Hurð á trévöltum vel umvenduð með skrá og lykli og lítilfjörlegum koparhring; þilið framan víða lasið. Lausar fjalir í gólfi, fánýtar og laus slá. Virt 35 hndr. með grenistoðum sem kirkjuna að utan styðja.

8. *Kórinn* að lengd 10 álnir 1 kvartel, hæðin 11 álnir 3 kvartel, breiddin vel 13 álnir 3 kvartel. Stöplar fjórir hvers vegar, bitar fjórir undir sperrum, þrjár höggsperrur með skambbitum og þrjú langbönd um hvers vegar. Loft með hvelfingum undir, áður kallað *Pulpitu*.<sup>58</sup> Með reisipili á báðum útbrotum, fánýtu. Standpil á millum syllna hífra [þ.e. þaðan frá], laslegt að sunnan, norðan vænlegra. Reisipil í rjáfri og súð að utan, hvort tveggja vænlegt. Tvær litlar stúkur sín hvoru megin með slæmu reisipili og súð utan á. Stöplar og standpil sunnan fram mjög fánýtt en norðan fram nokkuð skárra. Stöplar þar þrír, fánýtir. Virtur 16 hndr.

9. *Innri kór* að lengd vel 7 álnir, hæð 8 álnir, breiddin 7 álnir. Sex stafir undir bitum og sperrum, tvennar höggsperrur og langbönd tvö hvers vegar mænitróða, þil að framan efra og neðra með dróttum og dyrastöfum. Altarið með tveimur gráðum og góðum umbúningi og sæmilegu fjalagólfi. Glergluggar fimm í kór og kirkju, [3r] þrír af þeim laslegir. Kórinn virtur 8 hndr.

Altarisbrík af alabastri, í sumum stöðum brákuð. Predikunarstóll vel sæmlegra umvendaður.

*Summa*, kirkjan að öllu milli gafls og gátta, fráteknum hennar framan-skrifuðum *ornamentis*, að virðingu 58 hundruð og 10 aurar. Hennar uppbót *in summa* 33 hndr.

Til merkis vorar handskriftir í sama stað, ári og mánuði sem fyrr segir:

(Undirskrifuð nöfn)

58 *Pulpitu* (ýmis önnur form eru þekkt í dönsku, s.s. *pulpitur* og *poppeltur*) er dregið af miðaldalatinu *pulpitum* og vísar til skilrúms milli kórs og kirkjuskipsins í miðaldakirkjum með lofti eða svölum. Skilrúmið átti að greina að helgasta hluta kirkjunnar, innri kórinn með háaltarinu, frá rými leikmanna utar í kirkjunni og af svölunum gátu klerkar lesið og sungið fyrir söfnuðinn. Hvelfingarnar hafa verið undir loftsvölunum.

Jón Sigurðsson	Jón Jónsson mpp	Þorsteinn Benediktsson
Árni Geirsson meh		
Illugi Jörundsson eh	Sigurður Jónsson	Jón Eyjólfsson
	meh	Guðmundur Jónsson mpp
		Hákon Jónsson meh

Anno 1684, þann 20. og 22. september, voru af oss fyrrskrifuðum, tilnefndum mönnum Þingeyraklausturs hús sem *Inventarium* (óúttekin) yfir skoðuð, álitin og virt sem eftir fylgir:

1. *Suðurdyr* að framanverðu með sex stöfum undir syllum, fjórum bitum undir sperrum, sitt langband hvers vegar, með reisipili og mænitróðu, dróttum, dyrastöfum, hurð á járnum. Plássíð þar innar frá milli Borðhúss og Langabúrs með raft við mænitróðu og tveimur langböndum á hverja hlið. Virt 80 álnum, uppbót þar til 10 aurar.

2. *Langabúrið* að lengd 27 álnir, breidd 8 álnir, hæðin vel 8 álnir, með átta bitum og átta stöfum undir syllum hvorum megin, tvennum langböndum á hvora síðu, áfellum, mænitróðu og vænum raftvið. Þil með hurðum fyrir báðum stöfnum ofan og neðan bita með dróttum og dyrastöfum. Virt 5 hndr., álagið 15 aurar.

3. *Borðhúsið* að lengd vel 10 álnir, breiddin 5 álnir. Tíu stafir undir syllum, fjórir bitar undir dvergum og hliðásum, fimm vaglar undir mænitróðu. Þil undir bita að framanverðu með dróttum, dyrastöfum og hurð á járnum. Virt 11 álnir, þess uppbót 1 hndr.

4. *Eldhús* vart 18 álnir á lengd, breidd vel 7 álnir, með tólf stöfum undir syllum, hliðásum, vöglum og sex bitum; með standþili, bjórþili og hurð á járnum, dróttum og dyrastöfum. Húsið alt vænt og vel stæðilegt. Önnur hurð fyrir eldhúsdyrum sem inn í bæinn liggja með dróttum og dyrastöfum. Húsið allt virt 5 hndr., uppbót þar til 50 álnir.

5. *Eldiviðarhús* þar innar af, mjög gamalt með tveimur bitum, sex stöfum annars vegar undir syllum, en annars vegar kunnum ei vel til að sjá sökum þrengsla af eldivið. Brúnásar báðum megin með sjö stöfum undir. Raftviður sumpart og máttartré nýtilegt. Hurð fyrir útidyrum, veggir mjög slæmir. Húsið virt 12 aurum, þess uppbót 3 hndr.

6. *Göng þar frá til Eldhúss*, innfallin að öðrum vegg, með syllum, bitum og þremur sperrum, fjórum stöfum. Virt 12 álnum, uppbót 10 álnir. *Göng*



frá Eldhúsi með tíu stöfum undir syllum, fimm bitum, vöglum og mænitróðu, vel stæðileg efra og neðra. Virt 20 álnum, ábótin 10 álnir.<sup>59</sup>

7. *Göng frá Anddyrum til Lönguganga* með sjö stöfum undir syllum, fjórum bitum, dvergum, mænitróðu og sæmilegum raftvið. Virt 10 aura, álag 20 álnir.

8. *Löngugöngin*, þeirra lengd 42 ½ alin, breidd 2 ½ alin, með tuttugu og sex stöfum undir syllum, þrettán bitum, auknum syllum sums staðar, brotnum sperrum og langböndum lítilfjörlegum, raftvið finum víða, þó sums staðar fáreft, fúíð og innbrotið. Veggir fyrir utan einar 10 álnir gamlir og slæmir. Virt 1 hndr., uppbotin 2 hndr.

9. *Búr* að lengd 8 álnir og kvartel, á breidd vel 6 álnir, með sex stöfum og syllum annars vegar, þremur bitum og þremur vöglum, brúnásam, mænitróðu og mjög fúnnum raftvið. Einn biti lamaður með staf undir. Veggir mjög laslegir og gamlir. Húsið virt 50 álnir, þess uppbot 1 hndr., 60 álnir.

10. *Fremrabúr*, þess lengd 14 álnir 3 kvartel, breidd 6 álnir. Tveir stafir undir syllum og veggglægjum með fjórum bitum, [3v] hliðásam, vöglum og mænitróðu. Raftviðurinn sums staðar nýtilegur, víða þó mjög innfallinn, veggir óduganlegir.

11. *Göng* þar fram frá með tveimur stafgólfum, veggglægjum, fjórum stöfum og mænitróðu, nýtilegum raftvið, hurð fyrir á járnum. Til samans virt 15 aurum, uppbotin 2 hndr.

12. *Stórabaðstofa* að lengd 15 álnir, að breidd 6 ½ alin, hæð 6 ½ alin. Sextán stafir undir syllum, fjórir bitar undir sperrum, höggsperrur fjórar. Skammsperrur einar, tvönn langbönd hvorum megin margaukin, raftviður forn í rjáfri, brotin sylla og flestur viður fánýtur. Sinn pallur hvorum megin, hápallur á bita hinn þriðji í einu stafgólfi. Með hurð á járnum, dróttum og dyrastöfum. Húsið *in summa* virt 3 hndr., uppbotin 9 hndr.

13. *Barnahús* að lengd 6 álnir, að breidd 2 ½ alin. Sjö stafir undir syllum, þrjár bitar undir sperrum, sitt langband hvors vegar og mænitróða. Þil í rjáfri, rúm með palli í einu stafgólfi, þar fyrir dyrastafir með drótt, þiljað fremra stafgólf að mestu á báðar síður. Dyrastafir fyrir framan, hurð á járnum með klinku, þrjár fjalir beggja megin dyrastafa. Húsið sterkt og stæðilegt, virt 2 hndr., ábætislaust.

59 Hér eru talin tvönn göng saman, ein stutt (fjórir stafir, tveir bitar) frá Eldiviðarhúsi til Eldhússins og önnur lengri (tíu stafir, 5 bitar) út úr Eldhúsinu (en hvert?). Þau eru verðmetin hver í sínu lagi en bæði talin undir 6. lið.

14. *Húskofi* fyrir framan Stórubaðstofu. Virtur 30 álnum, uppbót 1 hndr.

15. *Göng millum Stórubaðstofu og Nýjubaðstofu* að lengd vel 20 álnir. Með þrettán stöfum, fimm sperrum, sex bitum, langböndum sínu á hvora hlið. Með innföllnum og fánýtum raftvið, sums staðar tilgenginn, með gömlum og geltum veggjum. Virt 35 álnum, uppbótin 1 hndr. 80 álnir.

16. *Nýjubaðstofa* á breidd 6 álnir, lengd 10 ½ alin, á hæð 6 álnir og kvartel. Með afþiljuðu einu stafgólfi. Reisiþil í rjáfri, gamalt og moskað. Standþil allt í kring, utan í einu stafgólfi annars vegar. Með tveimur bitum og sperrum á lofti, tvenn langbönd á hverja síðu, fóðruðum bekk, borði, stólum og forsæti; með tveimur hurðum á járnum. Tveir glergluggar heilir að mestu. Tröppur undir borði og fjalagólf í húsinu, víða að veggjum tilgengið og hrörlegt. Virt 3 hndr., uppbótin 3 hndr.

17. *Hús innar af Baðstofunni* alþiljað með nýjum fjalavið í rjáfri, einum bita á lofti, fjalagólfi og vænni hurð. Að lengd vart 5 álnir, breiddin 3 álnir. Virt 110 álnum.

18. *Norðurdyr frá Baðstofunni* að lengd 11 álnir, breidd 2 álnir og kvartel. Með fimm sperrum, bitum, syllum og þili undir bita og í rjáfrinu, nema nokkuð úr fallið á hurðarbaki við útidyr; þar með þili framan undir og hurð á járnum og önnur fyrir innri dyrum. Virt 110 álnir, uppbótin 50 álnir.

19. *Kjallarahús* þriggja stafgólfa með átta stöfum og fjórum bitum, að viðum og veggjum lasið og lítillfjörlegt; með hurð á járnum, dróttum og skrá og dyrastöfum. Virt 25 álnir, uppbótin 50 álnir.

20. *Stórastofan* að lengd 20 álnir, breidd vel 8 álnir, á hæð vel 8 álnir. Með fjórtán stöfum, undirsettum beggja vegna, sjö bitum og sjö sperrum, þremur langböndum hvorum megin, bjórþili á einum bita. Fyrir innan tvö stafgólf, þil framan undir efra og neðra með dróttum, dyrastöfum og hurð með skrá á járnum. Stofan þiljuð efra og neðra að tveimur stafgólfum fráskildum, þau með raftvið í rjáfri. Item fyrir framan háborðsstæði þiljað undir bita með fjölum og tralverki. Hurð fyrir á járnum. Fóðraðir bekkir umhverfis, háborðið með fóðruðum skörum. Sex borð í stofunni með bekkjum og forsætum að fremsta stafgólfi. Þeir glergluggar, einn af þeim laskaður og sá fjórði brotinn. Stofan virt 8 hndr. Uppbótin 10 hndr.[4r]

21. *Fyrir framan stofudyr*, sem svarar einu stafgólfi, þiljað uppi og niðri með þremur langböndum hvors vegar og langbekk 4 ½ alin. Virt 12 aurum, uppbót 25 álnir.

22. *Klefi út úr stofum* á hurðarbaki, kominn að falli, fylgir stofunni til uppbotar.

23. *Kakalofnsbaðstofa* vart 11 álnir á lengd, breidd 4 álnir og eitt kvartel, 5 álnir, 3 kvartel á hæð. Með fóðruðum bekk, borði og stólum, fjalagólfi og tröppum. Pallur öðrumegin með tveimur skörum, rúmstæði upp af pallinum. Fánýtur kakalofn og tveir glergluggar lasnir og lítilfjörlegir. Hurð fyrir baðstofunni á járnum með klinku, dróttum og tvennum dyrastöfum. Húsið þiljað umhverfis með nokkrum hillum, allt stæðilegt að vorum sjónum. Virt 4 hndr.

24. *Göng frá Kakalofnsbaðstofu* fram að Anddyrum nýlega uppgjörð með nýjum vegg fyrir sunnan fram og sjö stöfum, sjö bitum og sjö sperrum, með fjalvið í rjáfri; með öllu vel stæðileg. Norðan fram í göngunum gamalt þil undir syllu frá klefadyrum og fram um Sængurstofu allt að Anddyrum, sæmilegt. Virt 80 álnum.

25. *Stóriskáli* sjö stafgólfa, vel 20 álna lengdin, 7 álnir og 3 kvartel á breidd, hæðin 7 álnir 3 kvartel. Með átta stöfum hvorum megin undir syllum, átta bitum undir sperrum, þremur langböndum hvers vegar; fjalpak í rjáfri og mænitróðu. Tólf sængur í skálanum alþiljaðar með rúmstokkum, brikum, stöfum og skörum, þar í tvær lokrekkjur og tvö lausarúm innar við. Það stafgölf undir bita og umkring óþiljað. Þil framanundir skálanum, fyrir ofan og neðan bita, með hurð á járnum, dróttum og dyrastöfum. Virtur 15 hndr., en uppbotin 15 aurar fyrir þilbrest í innsta stafgólfi og veggjahrörnun.

26. *Prestaskáli* að lengd  $9\frac{1}{2}$  alin, breidd  $7\frac{1}{2}$  alin, hæðin 7 álnir og 1 kvartel. Með tveimur bitum á lofti og sjö sængum, þar í tvær lokrekkjur með fóðruðum skörum. Húsið vænt og víða sterkt, þó tilgengið og gamalt; með þili framan undir, hurð á járnum og skrá, dróttum og dyrastöfum. Virt 6 hndr., ábotin 2 hndr.

27. *Sængurstofan* að lengd 9 álnir, hæð 6 álnir, breidd 4 álnir 3 kvartel. Með átta stöfum undir syllum, fjórum bitum undir sperrum, tveimur langböndum auknum hvorum megin, fjalpaki, ræfri; standþil og bjórþil fyrir báðum stöfnum. Einnig (með) standþili undir syllum. Önnur sylla mjög tilgengin og einn stafur. Innihúsið með affúnu bitahöfði og þil þar nálægt úr greypingum. Húsið tilgengið, þó oss lítist víða sterkt. Með vænni stafnsæng, fóðradri skör og tröppum ásamt. Þrjár aðrar sængur með stöplum, rúmstokkum, brikum, skörum. Virt 4 hndr., uppbot 15 aurar. Húsið með dróttum, dyrastokkum og hurð á járnum.

28. *Anddyri* með lofti og þremur bitum undir, lengd 5 álnir og  $\frac{1}{2}$ , breidd vel 7 álnir. Með tveimur syllum slæmum, sex stöfum og fánýtu þili að innanverðu undir. Fjalaloft fint á bitum með þremur sperrum og súðþaki fornu, brostið í mæni. Virt efra og neðra 60 álnir, ábótin 80 álnir.

29. *Karldyr* með fremur stuttum bitum, á lengd vart 4 álnir, og tveimur syllum með sömu lengd, fjórum stöfum og standþili, mjög tilgengnu, skammsyllum, aursyllum, fjalagólfi, dróttum, dyrastöfum og hurð á járnum.

30. *Lítið port* þar upp af með einum sængurstokk og bríkum, hvolfi upp úr og tveimur glergluggum, hurð á járnum með skrá og fódruðum stiga, standþili framan undir og súð þar utan yfir ofan að bita með sínum vind-skeiðum. Það virt 2 hndr., uppbót 15 aurar.

31. *Fiskaskemma* að lengd  $9\frac{1}{2}$  alin, breidd 6 álnir 3 kvartel, [4v] hæð 6 álnir 3 kvartel. Tíu stafir undir bitum og syllum, (með) fjórum sperrum undir tveimur langböndum hvors vegar. Mænitróða, þil fyrir framan, ofan og neðan bita, hurð á járnum, dyrastafir, skrá og hespa fyrir húsinu. Bjórþil aftanvert fyrir ofan bita. Virt 1 hndr. 80 álnir. Þetta hús nær að falli komið þá Hr. Þorleifur við tók.

32. *Annað Skemmuhús* að lengd 9 álnir, breidd 5 álnir og 1 kvartel, hæð  $6\frac{1}{2}$  alin. Átta stafir undir syllum, fjórir bitar undir sperrum, tvö langbönd hvors vegar, og mænitróða. Þil fyrir framan, undir bita, fyrir ofan og neðan. Hurð á járnum með dyrastöfum, hring og hespu. Húsið virt 4 hndr.

33. *Reiðingaskemma* að lengd vel 13 álnir, breidd  $5\frac{1}{2}$  alin, hæð 6 álnir kvartel. Tíu stafir undir syllum, fimm bitar undir sperrum, tvö langbönd hvers vegar og mænitróða. Veggir fánýtir með dróttum, dyrastöfum og hurð á járnum. Húsið virt 80 álnum, uppbót þess 80 álnir.

34. *Smiðjuhús* á hlaðinu, reft um einn mæniás og sinn ás, og um ás á hvorri hlið, með gagnlegum rafti, hurð og dyraumbúningi, langhliðarveggjum stæðilegum, stafnalasið. Virt 25 álnum, ábót 10 álnir.

35. Annað hús, kallað *Gamlasmíðja*, með einum bita, mænitróðu og tveimur langböndum; gagnlegt að raftvið, gafhlað annað lasið. Virt 35 álnum.

36. *Traðarhús*, gjört upp að nýju úr slæmu hesthúsi, með bita, hliðásam og mænitróðu, hurð á járnum með dyraumbúningi, vænt að viðum og veggjum. Virt 80 álnir.

37. *Hesthús* fyrir neðan völlinn með einum bita og stall fyrir gafli, hurð fyrir á járnum. Það virt 35 álnum.

38. *Annað [Hest]hús* reft um einn ás með einni stoð, stallur fyrir gafli, stæðilegt að viðum og veggjum með hurð á járnum og þremur dyrastöfum. Virt 35 álnum.

39. *Tuttugu og fjögurra nauta Fjós* með þrettán stoðum alls og alls undir hliðásum veggglægjur beggja vegna og undir þeim sextán stoðir umhverfis. Sjö bitar undir vöglum og mænitróðu. Húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum með hurð á járnum. Virt 3 hndr.

40. *Heyhlaða* þar innar af með sex stoðum undir hliðásum, fánýt og tilgengin að viðum og veggjum, með hurð og dyrastöfum. Virt 80 álnum, uppbót 80 álnir.

41. *Hús fram af Fjósínu* reft um einn ás með tveimur stoðum og sterkum greniraftrið, slæmt að veggjum, með lausri hurð. Virt 35 álnum, uppbótin 20 álnir.

42. *Geldnautafjós* með níu stoðum undir hliðásum og öðrum níu stytum undir veggglægjum. Sex vaglbitar undir mænitróðu. Húsið tilgengið, þó víðast með gagnlegum raftvið, hurð á járnum með dyraumbúningi. Virt 2 hndr., uppbótin 15 aurar.

43. *Stórahesthús* með tveimur bitum á lofti og þremur stoðum undir, dyraumbúningi og hurð á járnum. Virt 100 álnum, uppbót 20 álnir.

44. *Fjárhúsið stærra*. Fjórtán stoðir undir hliðásum; undir fall komið að veggjum og rjáfri. Virt 12 aurum, uppbótin 1 hndr. 5 aurar.

45. *Annað [Fjárhús] minna* með tíu stoðum undir hliðásum margauknum. Virt 100 álnum, þess uppbót 10 aurar.

46. *Brunnhús* reft um einn ás, einn biti með dverg, vænt að viðum og sæmilegt að veggjum. Virt 15 álnum.

Að þetta framan og ofan skrifað svo framfarið hafi vottum <vér> undirskrifaðir á sama ári og mánuði sem fyrr segir.

Að Þingeyrum (Undirskrifuð nöfn)

Jón Sigurðsson,	Hákon Jónsson með eh	Þorsteinn Benediktsson
Jón Eyjólfsson	Sigurður Jónsson meh	Árni Geirsson meh
Illugi Jörundsson eh		Guðmundur Jónsson mpp
		Jón Jónsson mpp

Þetta að vera rétt kópíerað eftir originalnum meðkennir þann 6. nóvember sama árs að Snóksdal,

(Undirskrifað nafn)

Árni Geirsson

[5r]

Að hér framanskrifað á fjórum blöðum viðfestum Þingeyraklausturs inventarii registur, kirkju- og húsaúttekt og uppskrift sé samhljóða þeirri kópíu er hjá mér (með eigin hendi lögþingsskrifarans Árna sáluga Geirssonar) liggur, þó lasin orðin sé, eftir því næst úrráðið og aðkomist varð, kennist undirskrifaður með eigin hendi.

Á Geirröðareyri anno 1703, d. 30. júní,

Guðmundur Þorleifsson

[Á lausu minna blaði með sömu hendi:]

[1v]

Underskreven kendes at have annammet af Hr. lovmand Thorleifur Cortzen, fuldfornøjelig betaling for vis *ábót*, som er pålagt til Tingøre klostets kirke og huses vedligeholdelse, og efter tilnævnte mænds udtægt og vurdering bedrager sig *in alles* efter landets vis 81. hundrede, 45 alen, for hvilke 81 hundrede, 45 alen, så og for en tinkande og 20 alen havkarls vad, som fattes udi klostets *inventario*; i lige måde for klostetsmøret, som udtægten omformelder, er mig fornøjet og afbetalt, hvorfor hermed Hr. lovmand Thorleifur Cortzen tilbørlig kvitteres.

Til vidnesbyrd dette med egen hånd underskrevet Af Tingøre d. 1. juni 1685.

(L.S.) - L. Gottrup

Þetta ofanskrifað er rétt kópía af originalnum, til merkis mitt nafn d. 30. júní anno 1703.

Á Geirröðareyri

Guðmundur Þorleifsson

## Úttekt Þingeyraklausturs 1704

Þjóðskjalasafn. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustur VII, 2B  
[9 blöð í arkarbroti]

[1r]

Anno 1704, þann 26. mars, að Þingeyrum, vorum vér undirskrifaðir menn tilkallaðir og beðnir af eðla herra Lauritz Christianssyni Gottrup lögmanni norðan og vestan á Íslandi að skoða og uppskrifa sem og mæling á að leggja Þingeyraklausturs hús og bygging, hver að svo var á sig komin sem eftir fylgir:

1. *Karldýrnar* að þeim íslensku bæjarhúsum, 8 ál. á hæð, á lengd vel 4 ál., á breidd 4 ál. 1 ½ kvart., með sex stöfum undir syllum og áfellum, þremur bitum undir sperrum, langböndum og mænitróðu. Þiljað að framanverðu allt í aurslá með langsettum fjalvið og utan á lögðum listum ofan yfir hvert mót. Ánegldar með járnsaum. Dýrnar eru að utanverðu með útskornum vindskeiðum, stöng og veðurhana upp af; þetta farvað [þ.e. málað] en þilið með listunum allt vel bikað. Á fremra bjórþili dyranna er vænn glergluggi með velvönduðu og förvuðu dragloki af panelverki. Þessar dyr eru byggðar hið efra, alþiljaðar allt um kring með lofti og bjórþili að innan með skralæstri hurð og förvuðum tröppustiga, item þiljaðar hið neðra á báðar hliðar, með fjalviðargólfi og fóðruðum langbekk annars vegar, samt [þ.e. ásamt] velsterkum dyraumbúningi með stórrí hurð á járnum og annarri minni úrskorinni og á járnum, hver að er með járnloku og sterkum hengjum. Aðalhurðin með hespu og kring að utan og tréloku að innan.

2. *Anddyri* innar af með sömu hæð, að lengd 9 ál. 3 kvart., 5 ál. á breidd, með fjórum stöfum undir syllum og áfellum, tveimur bitum á lofti undir sperrum, með langböndum, mænitróðu og reisifjalviðarrjáfri. Í þessum dyrum er og loft að lengd eins og dýrnar.

3. *Göng frá Anddyrum og til Eldhússdyra* að lengd 29 ál. 2 ½ kvart., á breidd 3 ál. 1 ½ kvart. á hæð 5 ál., með [1v] 26 stöfum undir syllum og áfellum, 9 bitum undir sperrum, langböndum, mænitróðu og fjalviðarupprefti.

4. *Stóriskáli* að lengd 22 ½ al., á breidd 7 ál. 3 ½ kvart., á hæð 7 ál. 3 kvart., með sextán stöfum undir syllum og áfellum, níu bitum undir sperrum, þrennum langböndum, mænitróðu og reisifjalvið í rjáfri, þiljaður af þverslám undir syllur á báðar síður, með standþili og bjórþili að framan-

verðu, dróttum, dyrastöfum og hurð á járnum. Í syðri enda skálans eru tvær stafnsængur og þar fyrir framan eru átta bríkarrúm beggja vegna alfær, með slám og stöfum, þar fyrir framan afþiljaðar lokrekkjur, dyr hvors vegar, önnur með hurð á járnum, þar fyrir framan alfær tvö rúm sitt á hverja síðu, með skörum innar í gegn.

5. Í syðri enda þessa húss [þ.e. Stóraskála] er afþiljað loft yfir hálfu öðru stafgólfi velvandað með bjórþili til beggja stafna, með skrálæstri hurð, glerglugga á austursíðu og tröppustiga með tveimur handrimum [þ.e. handriðum] sinni hvors vegar. Þetta er prestsins Studii Camers.

6. Í nyrðri enda skálans [þ.e. Stóraskála] er afþiljað *Loft* yfir einu stafgólfi er djákninn brúkar, alþiljað með bjórþilum, undir fram og til baka, og skrálæstri hurð á járnum og handarhaldsjárni [þ.e. handfangi úr járn]; í þessu Lofti er og glergluggi á austursíðu og rimastigi fyrir.

7. *Prestaskáli* að lengd eitt stafgólf, á breidd 7 ál. 1 kvart. og á hæð 7 ál. með fjórum stöfum undir syllum og áfellum, tveimur bitum undir sperrum, langböndum tvennum, mænitróðu, alþiljað efra og neðra allt í kring með dróttum, dyrastöfum og hurð á járnum. Í húsinu eru tvö alfær bríkarrúm með tvennum skörum.

8. *Borðhús* þar innar af með sömu hæð og breidd sem það, [2r] skemmra, 9 ½ al. að lengd, með sex stöfum undir syllum og áfellum, þremur bitum undir sperrum, tvennum langböndum, mænitróðu og fjalviðarupprefti, með dróttum dyrastöfum og skrálæstri hurð á járnum.

9. *Stórabaðstofa* að lengd 15 ál. 3 kvart., 7 ál. 1 ½ kvart. á hæð og á breidd 6 ½ al. með þrettán stöfum undir syllum og áfellum, fimm bitum undir sperrum, tvennum langböndum og mænitróðu, alþiljuð í rjáfri og einu stafgólfi á báðar síður af slám. Húsið með dróttum, dyrastöfum og hurð á járnum, með járnkljúkku, hespu og kring að framan. Því húsi fylgja tveir pallar vel sterkir með vanalegum umbúningi öðrum.

10. *Matarbúr* á lengd 16 ál. 1 kvart., á hæð 6 ál., á breidd 7 ál. með tólf stöfum undir syllum og áfellum, þremur bitum undir dvergum og brúnásum, vöglum, skammbitum, mænitróðu, mestanpart af fjalviðarupprefti. Dýrnar hússins eru með tveimur stöfum undir syllum og áfellum, tveimur bitum undir sperrum, mænitróðu og fjalviðarárefti, dyraumbúningi og skrálæstri hurð á járnum með hespu og kring.

11. *Eldhús* að lengd 13 ál. 3 kvart., á breidd 8 ½ alin, á hæð 7 ál. með tíu stöfum undir syllum, fimm bitum, brúnásum, vöglum, dvergum, skamm-



bitum, mænitróðu, vel sterku greniviðarupprefti, dyraumbúningi, skrálæstri hurð á járnum með hespu og kring.

12. *Bakaraofnshús* lítið út af Eldhúsinu með 4 stöfum undir syllum, tveimur bitum, mænitróðu og fjalviðar upprefti.

13. *Langabúr* að lengd 16 ál., á breidd 7 ál., á hæð 7 ½ al. með tólf stöfum undir syllum, sex bitum undir sperrum, tvennum langböndum, mænitróðu og þéttu, samfelldu greniviðarupprefti, dyraumbúningi og hurð á járnum skrálæstri. [2v]

14. *Port* þar fram af með fjórum höfuðstólpum, tveimur höfuðsyllum, áfellum, tvennum sperrum, tveimur lægri stöfum undir neðri syllum, tveimur höfuðbitum og þremur undirbitum, langböndum, mænitróðu og þilviðarupprefti. Fremra stafgólfið Portsins er alþiljað efra og neðra á báðar síður og uppi gegnum með álögðum listum að utanverðu og þremur gluggum með hurð á járnum fyrir hverjum, vel bikað með sterkum dyraumbúningi, hespu og kring, vindskeiðum að sunnanverðu, stöng og veðurhana, förvuðu hvorutveggju. Portsins hæð er eins og Langabúrsins, lengdin 4 ½ al., breiddin 3 ál.

15. *Melskemma* að lengd 10 ál. 1 kvart., að breidd 7 ½ al., á hæð 8 ál. með átta stöfum undir syllum, og áfellum, fjórum bitum undir sperrum, tvennum langböndum, mænitróðu og fjalviðarrjáfur, samfelldu bjórþili á eystri stafni hússins allt að bita, með utan á lögðum listum, förvuðum, útskornum vindskeiðum og veðurhana. Dyrnar fram af húsinu með fjórum stöfum undir syllum, tveimur bitum undir sperrum, mænitróðu og greniviðar upprefti, bjórþili með vel vönduðum vindskeiðum og veðurhana, hvorutveggja förvuðu, dyraumbúningi, hurð á járnum með hespu, kring og hring.<sup>60</sup>

16. *Kvarnarskemma* 8 ½ al. að lengd, á breidd 8 ál., 7 ál. 1 ½ kvart. á hæð með sex stöfum undir syllum, þremur bitum undir sperrum og áfellum, tvennum langböndum, mænitróðu með greniviðarupprefti vel sterku, standþili og bjórþili að framanverðu millum skemmanna. Item dyrnar með þremur stöfum undir syllum, tveimur bitum undir sperrum, mænitróðu og vel þéttu greniviðarupprefti. Yfir dyrunum er bjórþilskorn með förvuðum vindskeiðum og veðurhana, hurð á járnum, hespu og kring og handarhaldsjárni.

60 Velta má fyrir sér hver munurinn sé á „kring“ og „hring“. Kringur er algengara en tvisvar er talað um þykkan *koparbring*. Ef til vill er með kring átt við minni hurðarhring eða handfang.

17. *Ráðsmannsskemma* að lengd 9 ál. 3 kvart., á breidd 8 ál. 2 ½ kvart., á hæð 7 ál. 1 ½ kvart. með sex stöfum [3r] undir syllum, þremur bitum undir sperrum, tvennum langböndum, mænitróðu og sterku greniviðarupprefti. Á vestri stafni hússins er bjórþil fyrir ofan bita með vindskeiðum og veðurhana, hvorutveggja förvuðu. Dyr hússins eru með fjórum dyrastöfum undir syllum, tveimur bitum undir sperrum, mænitróðu og greniviðarupprefti, bjórþili að framanverðu með förvuðum vindskeiðum og sterkum dyraumbúnaði, hurð á járnum með hespu og kring.

Öll þessi framanskriðu bygging er svo niður köntuð að tillíkist með [þ.e. hún fellur að] ferköntuðu hlaði af hnöttóttu grjóti, vel þétt og skikkanlega niðurlögðu og með sandi sléttu og jöfnuðu en að utanverðu er Port með tveimur sterkum stólpum og yfirtré samt sterklegri vængjahurð, á hæð 4 al. 3 kvart., eins á breidd, á rammbyggðum járnlömum með kring og loku.<sup>61</sup> Úr fyrrnefndri vængjahurð er úrskorin hurð með vel sterkum járnum, hverja alla hér fyrir skrifaða bygging hefur herra lögmaðurinn að viðum veggjum slétt að grunni uppbyggja látið, svo hún finnst að öllu leyti vönduð og vel sterklega uppbyggð.

Hér fyrir utan upp á þá eystri síðu fyrrskrifaðrar byggingar er eitt *Timburhús uppbyggt með danskri bygging* sem svo er á sig komin að lengd, breidd og hæð sem sérhverju öðru ásigkomulagi er vér fáum næst komist, sem eftir fylgir:

Corpus hússins er að lengd 31 ¼ al., að breidd 11 ½ al., að hæð 10 ½ al. Þetta hús er með bindingsverki og stöfum milli, slegið [þ.e. fyllt] með mó, þiljað allt húsið að utan og listað með móti hvers borðs allt um kring með járnsaum frá höfuðsyllum til aursyllna; rjáfrið er með súðþaki af vænum Gullandsborðum<sup>62</sup> en til gaffhlaða að utanverðu eru settar vindskeiðar með vænum útlenskum vindhönum af úthöggnu járnverki og gylltum [3v] knöppum og veðurvítum. Á syðra bjórþili hússins eru tveir glergluggar með förvuðum panelverksdráttarlokum fyrir en á þeim nyrðra stafni er

61 Þessa úttekt Þingeyraklausturs má bera saman við „Lýsingar á Þingeyraklaustri á fyrri hluta 18. aldar“ í óúttefnum endurminningum sr. Ólafs Gíslasonar á dönsku en hann dvaldist þar í bernsku sinni. Kaflinn um Þingeyrar var þýddur og gefinn út af Sigfúsi Blöndal í *Ársriti Hins íslenska fræðafjelags* 1916, 59–68.

62 Gullandsborð voru innflutt gædatimbur frá Gotlandi í Svíþjóð, segir Páll Vídalín í *Skýringar yfir fornyrði lögbókar þeirrar er Jónsbók kallast*, 209.

gluggi stór með hurð fyrir á járnum og upp yfir þessum glugga í björnum og svo langt inn í húsið sem þénar er byggð ein vinda. Þetta hús er allt um kring ofan og neðan velbrætt og með soðnu biki yfirdregið.

Byggingin að innanverki er svo sundurdeild og afþiljuð sem eftir fylgir:

1. *In primis Stórstofan*, syðstipartur hússins, fimm stafgólf öll innanþiljuð með tré, samfelldum hefluðum borðum, allt frá efsta og til neðsta, með fjórtán stórum glergluggum, þeir allir með velvönduðum körmum og ránum, á járnum og hjörum og „leihna“-tillíkingu.<sup>63</sup> Draglok málað með panelverki er utanfyrir sérhverjum þessara glugga, allt sterklega og veltilsett. Dyrnar að framanverðu af panelverki með dobbelskrá, „teöcher“<sup>64</sup> og vænum útlenskum lömum.

2. Önnur stofa, kölluð *Dagleg stofa*, þar fram af, með panelverki umhverfis frá efsta og til neðsta, prýðilega umvönduð með fjórum glergluggum með körmum, ránum og dráttarlokum fyrir, eins og á syðri stofunni; item einum förvuðum langbekk á vestari síðu, panelverksdyrum og þar á útlenskum lömum með klinku.

3. *Kokkhús* þar næst með þremur stafgólfum, einum glugga, karmi og dráttarloki fyrir af panelverki, það allt og í einu þili fyrir utan gólfið. Þar inni er einn skorsteinn af múrgrjóti, ummúraður upp úr hæð hússins, item rennistokkur [þ.e. frárennslí] úr kokkhúsinu. Fram í stofuna liggja einar dyr, útsnikkaðar með panelverki, hurðin með lömum útlenskum og klinku.

4. Af vestari síðu Kokkhússins er afþiljað *Spidskamers* [þ.e. Broddherbergi] með glerglugga, skrálæstri hurð á útlenskum lömum. [4r]

5. Af austari síðu þeirrar *Daglegu stofu* eru byggð hálfhús með samfastri síðu við aðalhúsið og sömu bygging að utanverðu, listað og bikað með krossbinding og mó, að lengd 10 ál. 3 kvart., á breidd 3 ál. 1 ¼ kvart., á hæð 4 ½ ál., hvert afþiljað er fyrirnefndri stofu og af henni útaukið í þrjú *Kamers* er kölluð eru.

6. *Vetrarstofa* vel og prýðilega umvönduð, öll efra og neðra með olíufarva yfirdregin, samt tveimur stórum glergluggum með uppdráttar panelverks förvuðum lokum fyrir að utanverðu. Húsið er með sama smíðis hurðu á lömum með klinku og handarhallsjárni.

63 Óvíst hvað orðið merkir.

64 Óvíst hvað orðið merkir.

7. Suður af þessari Vetrarstofu er enn afþiljuð stofa, kölluð *Sængurstofa*, hún og að smíði og viðum vel og sómasamlega umvönduð með einum glerglugga og panelverks dráttarloku.

8. Suður af Sængurstofunni er afþiljað hús, kallað *Skrifkontor*, með viðavali og kostulegri bygging, uppgjört með þremur stórum glergluggum með dráttarlokum af panelverki förvuðum. Dyr liggja úr þessum kontor í þá Daglegu stofu með skrálæstri hurð og lömum, ítem eru dyr millum hér-téðra kamersa með skrálæstum hurðum á lömum.

9. Fram af Daglegu stofu er *Forstofa* með þili umhverfis og tveimur hurðum stórum, annarri sem liggur til Kokkhússins en annarri er liggur fram til *Útgangshússins*, hver að er með vænni útlenskri dobbelskrá og lömum.

- Three Humanist Compendia in Icelandic Translation*, ed. by Dario Bullitta and Kirsten Wolf, Bibliotheca Arnarnagæana 54. Copenhagen: Museum Tusulanum Press, forthcoming.

## SECONDARY SOURCES

- Allgemeine Deutsche Biographie*, 56 vols. Leipzig: Verlag Duncker & Humboldt, 1875–1912.
- Baron, Frank. “Which Faustus Died at Staufen? History and Legend in the *Zimmersche Chronik*.” *German Studies Review* 6 (1983): 85–94.
- Garrison, James D. *Pietas from Virgil to Dryden*. University Park: Pennsylvania State University Press, 1992.
- Guðrún Ingólfssdóttir. “Í hverri bók er mannsandi”: *Handritasýrður – bókmennning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld*. *Studia Islandica: Íslensk fræði* 62. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2011.
- Herolt, Johann. *Miracles of the Blessed Virgin Mary*, trans. by C. C. Swinton Bland. London: Routledge, 1928.
- Lebourgeois, Anne-Élyse. “Le Promptuarium Exemplorum de Martin le Polonais, O.P. (†1278). Édition critique et commentaire.” *Diplome d’Archiviste Paléographe diss., Ecole nationale des Chartes, Paris*, 2002.
- Margrét Eggertsdóttir. “From Reformation to Enlightenment.” *History of Icelandic Literature*, ed. by Daisy L. Neijmann. *Histories of Scandinavian Literature* 5. London: University of Nebraska Press, 2006, 174–250.
- Münkler, Marina. *Narrative Ambiguität: die Faustbücher des 16. bis 18. Jahrhunderts*. *Historische Semantik* 15. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2011.
- Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, 6 vols. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1976.
- Schade, Heidemarie. “Andreas Hondorffs *Promptuarium exemplorum*.” *Volkserzähl-*

*ung und Reformation: Ein Handbuch zur Tradierung und Funktion von Erzählstoffen und Erzählliteratur im Protestantismus*, ed. by Wolfgang Brückner. Berlin: Erich Schmidt Verlag, 1974, 646–703.

Schenda, Rudolf. “Die deutsche Prodigiensammlungen des 16. und 17. Jahrhunderts.” *Arkiv für Geschichte des Buchwesens* 4 (1962): 637–710.

Soergel, Philip M. *Miracles and the Protestant Imagination: The Evangelical Wonder Book in Reformation Germany*. Oxford Studies in Historical Theology. Oxford: Oxford University Press, 2012.

Oftestad, Bernt Torvild. “Harmonia Evangelica. Die Evangelienharmonie von Martin Chemnitz – theologische Ziele mit methodologische Voraussetzungen.” *Studia Theologica* 45 (1991): 57–74.

## ÁGRIP

Varðveisla mótmælendadæma í íslenskri þýðingu

**Efnisorð:** *Nokkrar eftirtakanligar smáhistoriur*, Andreas Hondorff, *Promptuarium exemplorum*, húmanískt safnrít, lútherskar sagnir, íslenskar bókmenntir, Ólafur Jónsson í Arney

Í þessari grein er stafrétt útgáfa af *Nokkrum eftirtakanligum smáhistoríum samantindum til fróðleiks 1783*, íslenskri þýðingu á köflum eftir Andreas Hondorff í *Promptuarium exemplorum* („Repository of exempla“). Verkið er varðveitt í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, JS 405. 8vo (25r–256r), pappírshandriti skrifuðu á milli 1780 og 1791 af Ólafi bónda Jónssyni í Arney (um 1722–1800). *Promptuarium* var afar vinsælt safn af undrum, sögusögnum, dæmisögum og þjóðsögum frá fornöld, síðfornöld, miðöldum og endurreisnartímanum raðað eftir boðorðunum tíu. Safnið naut mikilla vinsælda meðal lútherskra sem höfðu áhuga á vísu sem sótt er í ritninguna, söguna og náttúruna, og dreifðist víða í Evrópu á bæði þýsku og latínu. Þessi rannsókn sýnir að Ólafur Jónsson hafi að öllum líkindum þýtt hluta af endurröðuðum latneskum texta *Promptuariums* sem Philip Lonicer (1532–1599) gaf út árið 1575 undir heitinu *Theatrum historicum*.

## SUMMARY

A Repository of Protestant Exempla in Icelandic Translation

**Keywords:** *Nokkrar eftirtakanligar smáhistoriur*, Andreas Hondorff, *Promptuarium exemplorum*, Humanist compendia, Lutheran exempla, Icelandic literature, Ólafur Jónsson í Arney

This article offers a first critical edition of *Nokkrar eftirtakanligar smáhistoriur samantindar til fróðleiks 1783*, an Icelandic translation of sections of Andreas

Hondorff's *Promptuarium exemplorum* ("Repository of exempla"), which survives as Item 10 of Reykjavík, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, JS 405 8vo (fols 25r–25r–56r), a paper codex written between 1780 and 1791 by the farmer Ólafur Jónsson í Arney (c. 1722–1800). The *Promptuarium* was a highly popular compendium gathering wonders, agades, parables, and legends from antiquity, late antiquity, the Middle Ages, and the Renaissance arranged according to the Ten Commandments. It found an ever-expanding audience among Lutherans interested in wisdom drawn from Scriptures, history, and the natural world and circulated widely in Europe in both German and Latin. The present study demonstrates that in all likelihood Ólafur Jónsson translated sections of the rearranged Latin text of the *Promptuarium* published by Philip Lonicer (1532–1599) in 1575 under the title *Theatrum historicum*.

*Dario Bullitta*  
*Dipartimento di Studi Umanistici*  
*University of Turin*  
*dario.bullitta@unito.it*  
*Via Sant' Ottavio 50*  
*10124 Torino, Italy*

*Kirsten Wolf*  
*Department of German, Nordic and Slavic*  
*University of Wisconsin—Madison*  
*kirstenwolf@wisc.edu*  
*1370 Van Hise Hall*  
*1220 Linden Drive*  
*Madison, WI 53706, USA*



## JÓN ÁRNASON OG GRÍSHILDUR GÓÐA

*Um breytingar ritstjórans á frásögn konu af annarri konu*

MARGIR ÍSLENDINGAR hafa lesið eða heyrt þjóðsöguna af Gríshildi góðu sem kom fyrst út á prenti árið 1864 í 2. bindi þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar (1819–88).<sup>1</sup> Elsta heimildin um þjóðsöguna er þó líklega listi úr fórum séra Friðriks Eggerz (1802–94), prests í Dölunum, yfir ævintýri en þar er söguhetjan nefnd Hildur þolinmóða.<sup>2</sup> Sagan tilheyrir þeirri tegund þjóðsagna sem Ruth B. Bottigheimer kallar „rise fairy tales“ þar sem söguhetjan rís úr neðri stéttum upp í forréttindastétt<sup>3</sup> og í tilfelli Gríshildar er hún verðlaunuð í sögulok fyrir þolinmæði sína gagnvart þeim þrautum sem á hana eru lagðar. Elsta þekkt frásögnin af persónunni er þó ekki í formi þjóðsögu þótt líklegt sé að þar hafi höfundurinn Giovanni Boccaccio (1313–75) unnið með sagnaminni sem hann þekkti fyrir. Í síðari tíma rannsóknnum hefur þessi ákveðna samsetning þjóðsagnaminna enda fengið heitið „Griselda“ eftir aðalpersónu Boccaccios og númerið 887 í yfirlitsverkum um alþjóðlegar þjóðsagnagerðir.<sup>4</sup>

- 1 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. Safnað hefir Jón Árnason*. II, ritstj. Jón Árnason (Leipzig: J.C. Hinrichs, 1864), 414–17.
- 2 „Sagan af Hildi þolin móðu og þeirri sem helt á líósínu kongsins“ (Lbs 989 4to, 76r, sótt 4. ágúst 2022, <https://handrit.is/manuscript/view/is/Lbs04-0939/151?iabr=on#page/75v/mode/2up>). Það sem á eftir fer í handritinu er illlæsilegt og óljóst hvort eigi við sömu sögu eða aðra. (Einar Ól. Sveinsson, *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten mit einer einleitenden Untersuchung* (Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica, 1929), 133.
- 3 Ruth B. Bottigheimer, *Fairy Tales. A New History* (Albany, New York: State University of New York Press, 2009), 11–13.
- 4 Sjá t.d. Hans-Jörg Uther, *The Types of International Folktales. A Classification and Bibliography. Based on the System of Antti Aarne and Stith Thompson. Part I: Animal Tales, Tales of Magic, Religious Tales, and Realistic Tales, with an Introduction*, ritstj. Sabine Dinslage, Sigrid Fahrman, Christine Goldberg & Gudrun Schwibbe (Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica, 2004), 511–12; Stith Thompson, *Motif-Index of Folk-Literature. A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books and Local Legends. Revised and Enlarged Edition. Volume Three. F-H* (Kaupmannahöfn: Rosenkilde & Bagger, 1956), 415; og

Söguna af Griseldu er að finna í *Tíðægru* (*Decamerone*) sem Boccaccio skrifaði á ítölsku um 1350. *Tíðægra* er rammafrásögn af tíu manns, sjö aðalskonum og þremur ungum herra mönnum, sem flýja pláguna 1348 í Flórens og fara í sjálfskipaða sóttkví á herrasetri. Þar skiptast þau á að segja hvert öðru sögur, tíu sögur á dag í tíu daga. Hundradasta sagan, og sú síðasta, fjallar um Gualtieri markgreifa í Saluzzo sem kvænist fátæku þorpsstúlkunni Griseldu og lætur svo reyna á fullkomna hlýðni hennar við sig, fyrst með því að láta hana halda að börn þeirra tvö hafi verið borin út, síðan með skilnaði og loks með því að fela henni umsjón brúðkaupsveislu fyrir hann og unga brúði hans af aðalsættum, sem reynist þá dóttir þeirra. Í *Tíðægru* er það Díoneó, spaugarinn í hópnum, sem segir söguna og út frá athugasemdum hans í frásögninni er lesandanum frjálst að túlka söguna sem hálfgerð grín og gagnrýni, bæði á grimmilega hegðun eiginmannsins og fullkomna auðsveipni Griseldu. Sú túlkun er aftur á móti ekki uppi á teningnum í þeirri gerð sögunnar sem í raun varð upphafið að vinsældum hennar í Evrópu.

Francesco Petrarca (1304–74), annar frumkvöðull húanismans og endurreisnarinnar, varð svo hugfanginn af sögunni hjá Boccaccio að hann þýddi hana og endurskrifaði á latínu árið 1373. Þar breytti hann nafni kvenpersónunnar í *Griseldis* og setti söguna fram sem allegoríu, táknsögu, þar sem hlýðni hennar við eiginmanninn væri hliðstæð hlýðni mannsins við Guð.<sup>5</sup> Þannig dreifðist sagan vítt og breytt og til Íslands kom hún flókna leið, eins og Halldór Hermannsson fjallaði um í *The Story of Griselda in Iceland*,<sup>6</sup> bæði gegnum skriflegar þýðingar úr dönsku<sup>7</sup> en þó, að því er

sérstaklega um íslenskt samhengi þjóðsögunnar í skrá Einars Ól. Sveinssonar (*Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, 132–33).

- 5 Franciscus Petrarca, „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoribus ad Johannem Bocacium de Certaldo,” Ursula Hess, *Heinrich Steinböwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer frühhumanistischen Prosanovelle* (München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975), 238.
- 6 Halldór Hermannsson, *The Story of Griselda in Iceland*, *Islandica VII* (Ithaca: Cornell University Library, 1914).
- 7 Ítarlega grunnnumfjöllun um allar danskar gerðir sögunnar má finna í Richard Jakob Paulli, “Indledning. *Griseldis*,” *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*, ritstj. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli, *Danske Folkebøger VIII* (Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920), XXXI–LIX; Paulli, “Tekstkritik og Kommentar,” *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*, 143–204; og Paulli, “Haandskriftbeskrivelse og Bibliografi,” *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*, 205–50. Auk þess má benda á umfjöllun í Leif Söndergaard, „Folkebogens fascination – Griseldis gennem 400 år,” *Griseldis-temaet gennem tiden*, ritstj.

Halldór taldi, fyrst munnlega í lok 16. eða upphafi 17. aldar, líklega úr hol-lensku en þó hugsanlega úr frönsku.<sup>8</sup> Sagan virðist hafa notið talsverðra vinsælda á landinu allt fram á 20. öldina, enda hafa rannsóknir<sup>9</sup> sýnt fram

Leif Søndergaard, *Mindre Skrifter* Nr. 9 (Odense: Laboratorium for Folkesproglige Middelalderstudier, Odense Universitet, 1992), 41–60.

- 8 Halldór rökstuddi þetta fyrst og fremst með nafni markgreifans sem í elstu íslensku gerðunum er Gótýr, Gautýr eða Góvetýr, sbr. Gautier í hollensku og Gaultier í frönsku, en ekki Valtari eða Volter eins og þeim gerðum sem augljóslega eiga rætur í þýsk/dönsku gerðunum (Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, viii). Hubert Seelow benti þó á í yfirlitsverki sínu um íslenskar gerðir þýskra, og þá oft um leið danskra, *almúgabóka* (þ. Volksbücher, da. Folkebøger) að frekari samanburðarrannsókna á hollenskum gerðum og elstu íslensku gerðum sögunnar væri þörf til að staðfesta þessa ályktun (Hubert Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989), 121–22). Það er þó ekki efni þessarar greinar.
- 9 Halldór Hermannsson varð fyrstur til að rannsaka almennt íslenskar gerðir Gríshildar-sögunnar (Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, 1914) og þar fjallaði hann um ellefu gerðir sögunnar, þar á meðal þjóðsöguna eins og Jón Arnason hafði gefið hana út 1864 („Sagan af Gríshildi góðu,” *Íslenskar þjóðsögur og afintýri* II). Áður höfðu tvær þýskar þýðingar á þjóðsögunni verið gefnar út með fræðilegum athugasemdum. Annars vegar var um að ræða þýðingu Theodors Möbius, („Das isländische Märchen,” þýð. Theodor Möbius, Reinhold Köhler, „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen,” *Archiv für Litteraturgeschichte* I, ritstj. Richard Gosche (Leipzig: B.G. Teubner, 1870), 420–24) sem birtist í grein Reinholds Köhlers þegar árið 1870 (Reinhold Köhler, „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen“ *Archiv für Litteraturgeschichte* I, 409–27. Grein Köhlers ásamt þýðingu Möbius var endurútfegin árið 1900 í *Kleinere Schriften von Reinhold Köhler* II, ritstj. Johannes Bolte (Weimar: E. Felber, 1900), 534–55 (þýðingin á bls. 546–50) og tekin til umfjöllunar hjá Adeline Ritterhaus (Ritterhaus, *Die neuisländischen Volksmärchen. Ein Beitrag zur vergleichenden Märchenforschung* (Halle: [Niemeyer], 1902), 231–32). Hins vegar var það þýðing og inngangur Heinrichs von Lenk (Heinrich von Lenk zu Burgheim und Gansheim (ritstj.), *Griseldis auf Island* ([Vínarborg]: [Án útgefanda], [1900 eða 1901])).

Á síðustu öld hefur smám saman bæst við niðurstöður Halldórs. Árið 1953 birti Margaret Schlauch stutta grein þar sem hún kynnti til sögunnar lausamálsgerð varðveitta í tveimur handritum í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi (Margaret Schlauch, „Griselda in Iceland: A Supplement,” *Speculum. A Journal of Medieval Studies* XXVIII (1953): 363–70). Stuttu síðar, árið 1958 kom svo önnur gerð þjóðsögunnar út („Sagan af Gríshildi góðu,” Íslenskar þjóðsögur og ævintýri V, safnað af Jóni Árnasyni, ritstj. Árni Böðvarsson & Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókautgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1958), 28–29), og er hún annað aðalumfangfjöllunarefnið í þessari grein.

Árið 1989 birti Hubert Seelow næstu stóru rannsóknina á Gríshildarsögunni á Íslandi, þar sem hann benti á þrjár áður óþekktar lausamálsgerðir (Hubert Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, 117–32). Rannsóknir greinarhöfundar fyrir Cand. Mag.-verkefni frá Kaupmannahafnarháskóla (Reynir Þór (Tór) Eggertsson, *Mátte jeg dø for dig, mit unge blod! En transmissionsteoretisk undersøgelse af Griseldis i danske og islandske overleveringer*. Cand.Mag.-ritgerð, Kaupmannahafnarháskóli, 2004) afhjúpuðu loks tvennar rímur, annars vegar *Rímur séra Jóns Hjaltalíns um Valtir/Waltara bertoga og Gressilú frá 1816*, og hins vegar *Frásöguna Raunir Gríshildar (þolinmóðu)* frá 1890, eftir Andrés

á tilvist átján íslenskra gerða, í bundnu máli og lausu, sem varðveittar eru í 52 handritum,<sup>10</sup> fyrir utan ritstýrðar prentaðar gerðir upp úr handritum.<sup>11</sup> Hér<sup>12</sup> verður sjónum beint að tveimur þessara átján gerða, þjóðsögum sem gefnar voru út 1864 og 1958, innbyrðis tengsl og mismunur þeirra á milli rannsökuð, bæði í ljósi kenninga um þjóðsögur almennt og einstaka sagnamenn, og grein gerð fyrir áhrifum þeirra á síðari verk.

## Þjóðsögurnar tvær – eða var hún bara ein?

Við fyrstu sýn virðist þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar sem gefið var út 1954–61 innihalda tvær þjóðsögur um Gríshildi góðu. Sú fyrri var, eins og áður sagði, fyrst gefin út árið 1864 en hin síðari ekki fyrr en safnið var gefið út að nýju, og þá í 5. bindi árið 1958. Halldór Hermannsson þekkti aðeins til þeirrar þjóðsögu sem birtist 1864 og allar niðurstöður hans um hana, þróun og tengsl við aðrar gerðir Gríshildarsögunnar verður að skoða í því ljósi. Hubert Seelow hefur enda benti á að samhengið sé öllu flóknara.<sup>13</sup>

Jón Árnason vann útgáfu sína 1864 út frá frásögn sem talið er að Ragnhildur Guðmundsdóttir (1836/7–1921) hafi skrifað niður.<sup>14</sup> Hann

Hákonarson. Finnur Sigmundsson hafði reyndar áður nefnt tilvist þeirra síðari en að varðveislan væri óþekkt (Finnur Sigmundsson, *Rímnatal I* (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), 177, og *Rímnatal II* (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), 8). Rannsókn greinarhöfundar leiddi í ljós að rímurnar eru varðveittar í einu handriti, uppskrift eftir eiginhandarriti skáldsins, sem byggði verkið á þjóðsögunni frá 1864.

Nítjándi gerðin er hugsanlega til en skv. Finni á Gunnar Ólafsson að hafa kveðið um Gríshildi en þær rímur virðast, að minnsta kosti hingað til, ekki hafa varðveist (Finnur, *Rímnatal I*, 177).

- 10 Þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar, Lbs 533 4to, inniheldur þær tvær gerðir sem fjallað verður um í þessari grein, frásögn Ragnhildar Guðmundsdóttur (á blöðum 176r–78r) og uppkast Jóns Árnasonar fyrir útgáfuna (220r–23r) þannig að handritatextarnir um Gríshildi eru í raun 53.
- 11 Hér á ég við þjóðsagnagerðirnar tvær, prentaðar fyrst 1864 og 1958 og endurprentaðar nokkrum sinnum, rímur Magnúsar Jónssonar á Laugum, prentaðar 1910 (Magnús Jónsson, *Rímur af Gríshildi góðu: eptir gömlu handriti* (Reykjavík: Skúli Thoroddssen, 1910)), fjórar gerðir sem Halldór birti auk þjóðsögunnar í *The Story of Griselda in Iceland* (1914) og frásögnina sem Margaret Schlauch birti árið 1953. Að auki má nefna óútgefnar rafrænar uppskriftir greinarhöfundar úr handritum sem sumar fylgdu Cand.Mag.-ritgerð hans í fylgiskjólum.
- 12 Greinin byggir að hluta til á Cand.Mag.-ritgerð greinarhöfundar, 'Mátte jeg dø for dig, mit unge blod!' *En transmissionsteoretisk undersøgelse af Griseldis i danske og islandske overleveringer*, frá 2004, en þó fremur á síðari rannsóknunum.
- 13 Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*, 124–25.
- 14 Sjá Lbs 533 4to, blöð 176r–78r. Eins og Aðalheiður Guðmundsdóttir („Karlar og kerlingar:

gerði þó ýmsar breytingar á frásögninni og lengdi hana talsvert, eins og sést af uppkastinu sem hann skrifaði fyrir útgáfuna.<sup>15</sup> Í raun bjó hann til nýja gerð sem svo hafði áhrif út frá sér, t.a.m. á rímnaskaldið Andrés Hákonarson á Hóli í Önundarfirði (1817–97) sem orti *Frásöguna Raunir Gríshildar (þolinmóðu)* árið 1890 eftir þjóðsögugerð Jóns. Sú gerð sem Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út 1958 byggir aftur á móti beinlínis á texta Ragnhildar eins og hann er í handritinu. Ég tel rétt að líta á handritstexta Ragnhildar sem *frumtexta* þjóðsögunnar, að svo miklu leyti sem hægt er að nota það orð, og gerð Jóns sem síðari tíma breyttan texta, þótt hann hafi fyrr komið út á prenti, og mun ég því fjalla um textana í þeirri röð.

## Frásögn Ragnhildar Guðmundsdóttur

Ragnhildur Guðmundsdóttir er talin skrásetjari<sup>16</sup> sögunnar í sagnakveri því „úr Dölunum“, sem nú er varðveitt sem bls. 315–96 (bl. 161r–201v) í þjóðsagnahandritinu Lbs 533 4to, og hugsanlega var hún sjálf heimildar- maður sumra eða allra þeirra sagna sem raktar eru til hennar í safni Jóns Árnasonar.<sup>17</sup> Hvort það var í raun Ragnhildur sem skræði Gríshildarsöguna og hvort það var eftir eigin minni eða frásögn einhvers annars skiptir þó kannske ekki öllu máli fyrir þessa rannsókn heldur hitt, að þar birtist sagan í ákveðinni mynd þar sem viðhorf sagnamanns og/eða skrásetjara koma

Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar.“ *Kreddur: vefrit um þjóðfræði*, 2013: 10–11) hefur bent á eru engar upplýsingar í handritinu um uppruna frásagnarinnar en í útgáfu Jóns er hún rakin til Ragnhildar, og sagan nefnd í upptalningu á sögum sem Ragnhildur kann (Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, „Skýringar og athugasemdir“, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason II*, ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1954), 579, sjá einnig athugasemdir Árna og Bjarna við skrifara handritsins Lbs 533 4to, „líklega Ragnhildur Guðmundsdóttir, síðast í Keflavík (315–96)“ í lokabindi safnsins (Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, „Handrit og heimildarmenn“, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason VI*, ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1961), 54).

15 Uppkast Jóns er að finna í sama handriti, Lbs 533 4to, á blöðum 220r–23r.

16 Í umsögn um handritið á vefnum *Handrit.is* („Lbs 533 4to“, *Handrit.is*, skrásetjari Sigríður H. Jörundsdóttir, sótt 21. janúar 2022 <https://handrit.is/en/manuscript/view/is/Lbs04-0533>) er skrásetjari þjóðsögunnar sagður Finnur Þorsteinsson (f. 1818) en það stenst ekki samanburð á rithönd þessara texta við aðra sem vitað er með vissu að hann hafi skrifað.

17 Aðalheiður, „Karlar og kerlingar: Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar,“ 10–12.

fram<sup>18</sup> og til verður nýtt samhengi, bæði við aðrar gerðir Griseldusögunnar og íslenskan sagnaarf.

Frásögn Ragnhildar hefst á orðunum: „Kóngur er nefndur Artus.“ Þannig er sagan strax tengd sagnahefðinni um Artúr konung og riddara hans, en hann er oft kallaður Artus í íslenskum fornsögum. Í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar er að finna sögu sem virðist eiga rætur í þeirri sagnahefð, „Söguna af Artus konungi grimma“.<sup>19</sup>

Eftir upphafskynninguna eru ástæður hjúskaparstöðu kóngsins, sem er ókvæntur, útskýrðar með þessum orðum:

Hann var ætíð seinn á sér og vildi draga alla hluti sem lengst því hann var ætíð tvísýnn og óafgjörðu[r].<sup>20</sup>

Þessi óákveðni kóngsins er í talsverðri mótsögn við þá mynd sem birtist í *Tíðagru* Boccaccios í íslenskri þýðingu Erlings E. Halldórssonar. Þar segir sögumaðurinn Dioneó að ástæður eiginkonuleysis markgreifans séu einfaldlega þær að

[a]ldrei datt honum í hug að kvænast eða koma upp fjölskyldu

enda

eyddi [hann] tíma sínum mestanpart við að veiða, bæði fugla og spendýr.<sup>21</sup>

Má segja að markgreifinn hjá Boccaccio lifi áhyggjulausu lífi þess unga aðalmanns sem hann er en hann er kynntur til sögunnar sem „un giovane“<sup>22</sup> (ungur maður).<sup>23</sup> Í þjóðsögu Ragnhildar er kóngurinn aftur á móti nokkuð roskinn:

18 Sjá umfjöllun Rósu Þorsteinsdóttur um rannsóknir á rússnesku sagnafólki (Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011), 31–32).

19 „Sagan af Artus konungi grimma“, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 254–57.

20 „Sagan af Grishildi góðu“, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 28. Ég vitna hér í prentuðu útgáfuna sem er nákvæm uppskrift handritsins.

21 Giovanni Boccaccio, *Tíðagra*, þýð. Erlingur E. Halldórsson (Reykjavík: Mál og menning, 1999), 686.

22 Giovanni Boccaccio, „Griselda“, *Letterature italiana*, [1350], sótt 22. janúar 2022, <https://letteritaliana.weebly.com/griselda.html>.

23 Í íslensku *Tíðagru*þýðingunni er ekki minnst á aldur hans (Boccaccio, *Tíðagra*, 686). Þýðingin hér að ofan, eins og allar þýðingar á tilvitnunum úr öðrum tungumálum eru greinarhöfundar, nema annað sé tekið fram.

Var hann nú orðinn sextugur að aldri<sup>24</sup>

sem þýðir að hann hlýtur að vera um áttætt í sögulok,<sup>25</sup> þótt ekki sé minnst aftur á aldur hans í þjóðsögunni. Það rímar við kenningar Max Lüthi um að hetjur þjóðsagna eldist ekki og að þjóðsögur skorti raunverulega tímavidd, þótt ákveðinn árafjöldi geti liðið eins og í *Þyrnirós*<sup>26</sup> og börn geti orðið fullorðin, eins og gerist hér í þjóðsögunni um Gríshildi góðu.

Hár aldur kóngsins hér er að auki í anda riddarasögugerðar sem Halldór Hermannsson gaf út 1914 þar sem hann er

á sjötugasta ári síns aldurs, þá saga þessi byrjaðist.<sup>27</sup>

Þótt um tíu ára aldursmunur sé á kónginum í þjóðsögunni og riddarasögunni hljóta báðir að teljast gamlir í þjóðsagnaskilningi og hugsanlegt að þær byggji á sama grunni.

Í sögu Ragnhildar er biðilsför kóngsins lýst svo:

Einn dag lét hann söðla handa sér hest sinn og annan með kvenreiðtygjum svo dýrðlegan sem hugsast mátti ... [og] hesta handa tólf sveinum og tólf meyjum ... [og h]onum fylgdu þrjátíu hermenn. (28)

Hér vekur talan tólf athygli en hún er nokkuð algeng í þjóðsögum, sér í lagi þegar kemur að hópastærð<sup>28</sup> auk þess sem lærisveinar Jesú Krists voru jú tólf.

Stuttlega er nefnt að meyjarnar hugsu „hver fyrir sig hver mesta fegurð bæri til að brúka fallega hestinn“ en ekki er minnst á vonbrigði þeirra þegar ljóst er að engin þeirra fær að ríða honum. Í „kotbæ einum“ finnur kóngur Gríshildi, dóttur fátæks svínahirðis, sem

átti á daginn að hirða svín föður síns og þann litla kotbæ með öllu því er gjöra þurfti, því faðir hennar lá í kör og móðir hennar var vesöl líka.<sup>29</sup>

24 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

25 Miðað við að hún fæðir fyrsta barn þeirra ári eftir brúðkaupið og svo tvö önnur, hvert á eftir öðru, og eftir skilnaðinn líða svo 16 ár áður en fjölskyldan er sameinuð.

26 Max Lüthi, *The European Folktale: form and nature*, þýð. John D. Niles (Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press), 19.

27 „Sagan af Gríshildi góðu,“ Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, 24.

28 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28. 29 Lüthi, *The European Folktale*, 32–33.

29 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

Í hefðbundnum Griseldusögum utan Íslands er móðir hennar ekki nefnd til sögunnar og þegar markgreifinn biður um hönd Griseldu eru viðbrögð föðurins við bónorðinu oftast undrun og hræðsla, þótt svarið sé iðulega jákvætt.<sup>30</sup> Hér í þjóðsögunni bregst svínahirðirinn aftur á móti fremur illa við, telur bónorðið „spott“ en kerling svarar að það sé „þó virðingar-skarnið!“

Karl og kóngur kýta um hrið og segist

kóngur þá eiga so mikið ráð að hann tæki dóttur þeirra ef hann ætlaði sér,

og þegar Gríshildur kemur inn,

tók Artus hana á kné sér og kyssti hana. (28)

Karlinn bregst ókvæða við og ekki batnar það þegar dóttirin, sem hann telur „einka-ellistoð“ sína, er færð „í fagran skruða“ og kynnt fyrir föru-neyti kóns.

Enn eitt atriðið í frásögn Ragnildar sem sker sig úr í samanburði við Griselduhefðina er lýsingin á viðbrögðum hirðarinnar við þessari upphefð Gríshildar: „var fúll svipur yfir allri fylgdinni.“ Þessi óánægja fær þó ekki frekari umfjöllun í frásögninni en þegar kóngur rekur Gríshildi aftur heim

sagði karlinn faðir hennar að sona hefði þetta legið í huga sínum.

30 Boccaccio nefnir viðbrögð hans ekki (Boccaccio, *Tidagra*, 688), hjá Petrarcha er gamli maðurinn „stupefactus“ (undrandi) og „obriguit (stjarfur), en svarar „[n]ichil ... atu velle debeo aut nolle, nisi quod placitum tibi sit, qui dominus meus es“ (ekkert ætti ég að vilja og engu hafna, nema sé það þinn vilji, þú sem ert minn herra, Petrarcha, „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoris ad Johannem Bocacium de Certaldo,“ 192), og í dönsku almúgabókinni frá 1592 eru viðbrögðin svipuð og hjá Petrarcha: „Den fattige gamle Mand forskrack / hand bleff saa forfærit at hand i lang tiid icke kunde suare / Dog paa det siste met stor suck oc retzle suarede hand til disse ord oc sagde: Herre / aldrig skal ieg andet ville end du vilt / oc dig behager / Helst fordi / du est min alder kærste Herre“ (gamli fátæki maðurinn varð hræddur, hann varð svo dauðskelkaður að hann gat ekki svarað í langan tíma. Þó að lokum svaraði hann þessum orðum með þungu andvarpi og hræðslu og sagði: Herra, aldrei mun ég annað vilja en þú vilt og þér hentar, mest þar sem þú ert minn allra kærasti herra, *Griseldís. Tuende deylige oc Nyttelige Historier at læse. Den Første om Griseldís. Den Anden om en Docters Daatter aff Bononia / Aff huilcke Historier alle ærlige Quinder maa begribe gode lærdom / oc besynderlige at haffue gaat taalmodighed* (Lübeck: Affwerus Krøger, 1592), 6r, sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n20/mode/2up>).



Ári eftir brúðkaupið byrjar Artus kóngur að sannreyna hlýðni Gríshildar sem hann hefur þó aldrei krafist hér í þjóðsögunni. Hún færir fyrst mjög frítt meybarn

og er það lá í reifum í kjöltu hennar kom einn konungsþjón og tók barnið og sýndist henni hann drepa það og í burtu fara.

Síðar færir hún tvö sveinbörn „og sami maður tók öll.“<sup>31</sup> Gríshildur eignast sem sé þrjú börn í stað tveggja hjá Boccaccio og Petrarca. Eins og Axel Olrik benti á er þrítekningin eitt af lögmálum þjóðsagna,<sup>32</sup> og því ekki óeðlilegt að Gríshildur eignist hér þrjú börn.

Samkvæmt Griselduhefðinni eru viðbrögð persónunnar við barnsmissinum ætíð þau sömu, hún sýnir engin svipbrigði en biður þess að þau verði ekki „að fæðu fyrir dýr eða fugla“.<sup>33</sup> Í þjóðsögu Ragnhildar eru viðbrögð hennar á annan hátt, eins og kemur fram í svari þjónsins þegar Artus spurði „hvurnin hún bæri sig við barnamissirinn“:

í fyrsta sinn hefði hún brugðið litum, orðið eldrjóð við annað, en grátið sárt við það þriðja.<sup>34</sup>

Gríshildur Ragnhildar sýnir sem sé alltaf sorgarviðbrögð og þau verða meiri eftir því sem missirinn eykst. Þetta er í samræmi við kenningu Olriks um „stigende række“ (stigmögnun) sem einnig er nátengd þrítekningarlögmálinu:

Når folkedigtningen har sådan forkærlighed for gentagelsen, synes det navnlig at have sin årsag i at den mangler midler til at udmale den enkelte situation tilstrækkelig fyldig; kun gennem gentagelsen når den til at give en forestilling om hvor væsentligt et moment det pågældende er.<sup>35</sup>

(Dálæti munnmælaskáldskapar á endurtekningunni virðist eiga rætur í því að hann skorti áhöld til að lýsa einstökum atburði fyllilega;

31 Sama rit, 28..

32 Axel Olrik, „Episke love i folkedigtningen“, *Danske studier*, 1908, 81.

33 Boccaccio, *Tidægra*, 689–90.

34 „Sagan af Gríshildi góðu“, *Íslenzkar þjóðsögur og avintýri* V, 28.

35 Olrik, „Episke love i folkedigtningen“, 82–83.

einungis með endurtekningu næst að skapa mynd af því hversu afgerandi atburðurinn er).

Kóngur hættir þó ekki prófunum, heldur lætur sem hann viti ekkert um hvarf barnanna og spyr Gríshildi hvar þau séu, og þegar

hún féll honum um háls og kyssti fætur hans og sagði að hans bezt þénari hefði fyrir sínum augum myrt þau og burtu farið [...]agði Artus að hún kæmi ekki oftar fyrir sín augu.<sup>36</sup>

Þetta er talsvert öðruvísi<sup>37</sup> en hjá Boccaccio þar sem skilnaðurinn er fyrst „mörgum árum“ eftir fæðingu dótturinnar og ekki refsing fyrir dauða barnanna, heldur segist markgreifinn þar ætla að giftast annarri eiginkonu, „miklu samboðnari“ sinni stétt.<sup>38</sup> Út frá kenningu Lüthis um tímaleysi í þjóðsögum<sup>39</sup> skiptir þó í raun engu máli fyrir frásögnina hvort skilnaðurinn verði rétt eftir barnamissinn eða rétt fyrir endurkomu barnanna, heldur er það einungis röð atburðanna sem þarf að vera rétt.

Sextán<sup>40</sup> árum eftir skilnaðinn í þjóðsögu Ragnhildar „gerir Artus ströng boð til Gríshildar“, hann ætli að kvænast kóngsdóttur og hún skuli þjóna honum og brúði hans „til sængur og komst hún ekki undan þessu.“

Tötrum klædd heldur Gríshildur til hallar og þegar brúðhjónin ganga til sængur

36 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 28–29.

37 Fleiri íslenskar gerðir hafa skilnaðinn strax eftir sonarmissinn, t.d. rímur Eggerts Jónssonar (1. ríma, vísur 61–67, sjá Eggert, *Tvær Ríjmur af Grísjillá*, í handritinu AM 132 I 8vo, bl. 4r–v).

38 Boccaccio, *Tidægra*, 690–91.

39 Lüthi, *The European Folktale*, 19.

40 Í latnesku gerð Petrarca líða tólf ár frá fæðingu dótturinnar að skilnaðinum (Petrarca, „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoris ad Johannem Bocacium de Certaldo,“ 208), og þannig er það í þýskri þýðingu Steinhöwels (Heinrich Steinhöwel, „Griseldis,“ Ursula Hess, *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'*, 209) og flestum dönsku almúgabókunum (t.d. *Griseldis*, 1592, 13v, sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n36/mode/2up>). Talan sextán virðist þó upprunnin í danskri útgáfu sögunnar frá síðari hluta 18. aldar (t.d. *Historie om en fattig Bondedaatter, navnlig Griselde, fra en liden Bye i Valland, som Herr Marggrev Volter tog til Ægte, og hvorledes hun af ham maatte udstaae mange store og haarde Fristelser, hvilke hun dog alle med største Taalmodighbed overvandt* [án ártals]: 17). Sjö varðveittar danskar útgáfur innihalda töluna sextán, fimm án ártals, og svo tvær frá annars vegar 1799 og hins vegar 1819.

vill Artus ekki annað ljós hafa en Gríshildur haldi á litlum stubbi sem rétt sé dauður.

Hún horfir á kóng, mjög stirðan, fara upp í og þegar hann segir að ljósið sé að deyja

er sagt að kviknað hafi á gómum hennar og hún hafi þá sagt: „Sárt brenna fingurnir, en sárara brennur hjartað.“<sup>41</sup>

Þessi orð Gríshildar sem hún segir hér óspurð er, að því er greinarhöfundur veit, hvergi að finna í Gríseldufrásögnum, íslenskum eða evrópskum, annars staðar en í þjóðsögu Ragnhildar og í kjölfarið ögn umorðuð í útgáfu Jóns og svo rímum Andrésar. Betur verður vikið að þeim og senunni í heild sinni í sérkafla síðar í greininni.

Kóngur svarar þessum orðum Gríshildar:

„Ég er nú að sýna góðlyndi og þolinmæði þína. Þetta er þín og mín eigin dóttir.“

Þessi orð kónigs má skilja sem hann sjálfur þekki – og hafi jafnvel alltaf þekkt – góðlyndi hennar og þolinmæði, og að raunir hennar séu einungis til að sýna öðrum – og hugsanlega henni sjálfri – fram á að hún hafi þessar dyggðir til að bera, en eins og áður sagði krafðist hann aldrei að Gríshildur sýndi honum fulla hlýðni, eins og í hefðbundnum Gríseldusögum.

Synir þeirra, sem ásamt dótturinni „voru alin upp í öðru landi“, eru líka komnir til hallarinnar og „verður nú gleði mikil“ og sagði kóngurinn:

„Hvur mundi þetta hafa getað? Og gef ég henni nú það nafn að hún heiti Gríshildur góða.“<sup>42</sup>

Það er því kóngurinn sem ákveður viðurnefni konu sinnar.

Eins og sést er frásögn Ragnhildar stutt og án mikilla málalenginga, Artus kóngur er óákveðinn persónuleiki, þrátt fyrir nokkuð háan aldur sinn, en tekur svo af skarið eftir ítrekaða áeggjan ráðgjafa sinna. Hann tekur Gríshildi fyrir eiginkonu þvert gegn vilja föður hennar, eignast með

41 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* V, 29.

42 Sama rit.

henni þrjú börn sem öll eru tekin af henni, refsar henni með skilnaði en sækir hana svo aftur sextán árum síðar til að reyna hollustu hennar í síðasta sinni. Þrátt fyrir að sýna miklar tilfinningar, samanborið við hina hefðbundnu Giletu-persónu, stenst Gríshildur öll próf og fær viðurnefnið *góða* en ekki þolinmóða, eins og hefð er fyrir. Snúum okkur þá að gerð Jóns Árnasonar og þeim breytingum sem hann gerði á frásögn Ragnhildar fyrir útgáfuna 1864.

## Ritstýrð útgáfa Jóns Árnasonar og breytingar hans

Þýski háskólaprófessorinn Konrad Maurer (1823–1902) var einn ötulasti bakhjarl Jóns Árnasonar og þjóðsagnaútgáfu hans og kom meðal annars á samningum við útgefendurna í Leipzig. Í aðdraganda útgáfunnar skrifuðust þeir reglulega á og í bréfum Jóns koma fram ýmsar vangaveltur um útgáfumálin. Í einu bréfi, frá 17. september 1859, veltir hann fyrir sér hvort og hvernig skyldi gefa frásagnirnar út þannig að þær kæmu til að mynda ekki illa við eftirlifandi ættingja sögupersóna eða móðguðu heimildarmenn og að þar gæti verið erfitt „að synda laglega milli skers og báru“. Í því samhengi nefnir hann hvernig söguefnið er kynnt í sænsku þjóðsagnasafni, danskri þýðingu Grimmsævintýra og enskri þýðingu á ýmsum sögum úr sænsku, dönsku og þýsku.<sup>43</sup>

Af orðum Jóns í bréfinu má ætla að hann hafi viljað sýna fólki nærgætni en að sama skapi gerði hann sér ljóst að hann gæti og mætti laga það til sem honum þætti nauðsynlegt. Með samanburði á frásögn sagnakonunnar og skrásetjarans Ragnhildar og útgefnum texta ritstjórans Jóns á Gríshildarsögunni næst þannig fram mynd af þeim breytingum sem hann gerði. Gegnum greiningu og túlkun á þessum breytingum afhjúpast svo annars vegar viðhorf einstaklingsins Jóns, og hugsanlega samtíma hans, og hins vegar endurspeglar breytingarnar þekkingu ritstjórans á íslenskum og evrópskum bókmennta- og sagnaarfi. Á sama tíma myndast með ritstýrðri útgáfu Jóns á frásögn Ragnhildar enn nýtt sagnasamhengi. Það sést þegar í upphafi sögunnar sem Jón lætur hefjast svo:

Einu sinni var kóngur í ríki sínu og átti hvorki konu né börn.<sup>44</sup>

43 Jón Árnason, *Úr förum Jóns Árnasonar. Sendibréf. Fyrra bindi*, ritstj. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950), 142.

44 „Sagan af Gríshildi göðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og afintýri* II, 415.

Hér er kóngurinn nafnlaus og aldur hans er ekki nefndur. Ástæður þess að Jón velur að fjarlægja nafn kóngsins eru ókunnar en leiða má líkum að því að hann hafi ekki viljað tengja söguna sagnahefðinni um Artúr konung. Með þessu nafnleysi kóngsins og upphafsfrasanum sem fjölmörg ævintýri í safni Jóns hefjast á „einu sinni var kóngur í ríki sínu“, verður frásögnin auk þess líkari hefðbundnum ævintýrum.

Eyðir kóngur jafnan umræðum vildarmanna sinna um „að hann ætti eingan réttborinn ríkis erfingja“ en Jón útskýrir ekki áhugaleysi hans á hjónabandi. Sá dagur rennur þó upp að hann lætur

söðla tuttugu hesta, tíu handa karlmönnum og tíu handa konum,

Útgáfa Jóns á Þjóðsögunni kom út 1864, eða rúmum fjörtíu árum áður en Axel Olrik gaf út grein sína um lögmál þjóðsagna, „Episke love i folkedigtningen“ (1908). Því væri erfitt að halda því fram að Jón hafi meðvitað brotið lögmál sem síðari tíma fræðimaður sýndi fram á. Jón gerir þó ákveðnar breytingar á þjóðsögunni sem draga úr eðlisuppbyggingu hennar og tilvitnunin hér að ofan inniheldur dæmi um það. Samkvæmt þjóðsöguhefðum eru hópar iðulega skipaðir þremur, sjö eða tólf manns,<sup>45</sup> en hér hefur Jón breytt því í tíu karla og tíu konur. Hugsanlega var það alþjóðlega metrakerfið sem byggir á grunntölunni tíu og ruddi sér til rúms á 19. öld sem hafði áhrif á Jón hér. Það er að minnst kosti athyglisvert að hann valdi að nota ekki töluna tólf eins og í frásögn Ragnhildar.

Jón gerir mun meira úr áhuga hirðmeyjanna á hestinum sem lagður er logagylltum kvensöðli:

Fóru þá hirðmeyjar kóngs að tala um það, hver þeirra mundi nú njóta þeirrar upphafar að fá að ríða í gullna söðlinum, og vildu allar verða fyrir því, og þóktist hver um sig vera þess maklegust. En þetta fór öðru vísi, en þær ætluðu ...<sup>46</sup>

Hér lætur Jón hirðmeyjarnar metast opinskátt um það hver sé þess verðugust að ríða hrossinu og svo ýjar hann að vonbrigðum þeirra án þess þó að nefna þau berum orðum. Þessi breyting Jóns, frá þögulli von kvennanna um að verða fyrir valinu í frásögn Ragnhildar í háværan meting, breytir persónuleikum þeirra umtalsvert og er hugsanlega

45 Lüthi, *The European Folktale*, 32–33.

46 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* II, 415.

eitt mýmargra dæma um þá kvenfyrirlitningu sem margir karlkyns þjóðsagnasafnarar og -ritstjórar gerðu sig seka um, þar sem þeir gerðu markvisst lítið úr kvenpersónunum, drógu úr jákvæðum eiginleikum þeirra, sér í lagi sjálfstæði, völdum og styrk, og ýttu þannig undir neikvæð viðhorf til kvenna og stúlkna almennt. Þessar breytingar eru þáttur í því sem Jack Zipes, sem rannsakað hefur elstu gerðir Rauðhettusögunnar, kallar siðvæðingarferli („civilizing process“) þjóðsagnanna í prentuðum útgáfum fyrir börn af efri borgarastétt þar sem vald karlpersóna eykst á kostnað kvenpersóna.<sup>47</sup> Við sjáum fleiri dæmi um þennan kynjahalla síðar í greininni.

Ferðalagi hópsins að „húsabæ einum“ er lýst með nokkuð fleiri orðum en í frásögn Ragnhildar þar sem hann

47 Jack Zipes, *The Trials and Tribulations of Little Red Riding Hood. Versions of the Tale in Socio-cultural Context* (Lundúnir: Heinemann, 1983), 13. Zipes bendir á dæmi um þetta í ævintýrum Charles Perraults (1628–1703) frá 1697, þar sem hann gerir m.a. Rauðhettupersónuna, sem í frönskum munnmælasögum hafði verið „ákveðin, hugrökk og klók“ bóndastúlka („forthright, brave, and shrewd“ „peasant girl“, sama rit, 9) sem „platar úlfinn með klókindum og bjargar sér sjálf, án hjálpar frá ömmu, veiðimanni eða föður“ („shrewdly outwits the wolf and saves herself. No help from granny, hunter, or father!“, sama rit, 7) „fallega, ofdekraða, auðtrúa og ósjálfbjarga“ („pretty, spoiled, gullible, and helpless“, sama rit, 9). Í Þýskalandi gerðu Grimms-bræðurnir sambærilegar breytingar á þjóðsögnum sem þeir gáfu út á 19. öld. Í yfirlitgrein um feminískar þjóðsagnarannsóknir vitnar Donald Haase m.a. til rannsókna Ruth. B. Bottigheimer sem „sýndi í greinaröð frá 1980 til 1985 fram á hvernig ritstjórnaraðgerðir bræðranna – þar á meðal þeim sem virðast einfaldar orðalagsbreytingar – veiktu kvenpersónur sem [í niðurskrifuðum munnmælasögum] voru sterkar, gerðu valdamiklar konur djöfullegar, bættu við karllægu sjónarhorni í sögum þar sem konur vöktu máls á óánægju sinni, og gerðu kvenhetjur valdalausar með því að gera þær mállausar“ („In a series of articles from 1980 to 1985, Bottigheimer demonstrated how the Grimms’ editorial interventions – including their apparently simple lexical revisions – weakened once-strong female characters, demonized female power, imposed a male perspective on stories voicing women’s discontents, and rendered heroines powerless by depriving them of speech.“ Donald Haase, „Feminist Fairy-Tale Scholarship,“ *Fairy Tales and Feminism. New Approaches*, ritstj. Donald Haase (Detroit: Wayne State University Press, 2004), 11).

Í íslensku samhengi má annars vegar nefna rannsókn Baldurs Hafstaðs á því hvernig sífjaspell og kynferðisleg misnotkun gagnvart dætrum af hálfu feðra hvarf þegar Öskubuska og aðrar þjóðsögur með sama minni voru prentaðar; í eldri gerðum Öskubuskusagnanna voru það ekki eingöngu stjúpán og stjúpusturnar sem beittu söguhetjuna ofbeldi, heldur einnig faðirinn, með sífjaspelli (Baldur Hafstað, „Mjaðveig og Öskubuska“, *Hrafnahing* 2 (2005): 20). Hins vegar sýndi rannsókn Aðalheiðar Guðmundsdóttur á mismunandi gerðum *Úlfhams sögu* hvernig rímnaskáldið og fræðamaðurinn Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–79) dró úr hlutverki sterkra kvenna í rímnagerð sinni (B-gerð) en jók að sama skapi hlut karlanna (Aðalheiður Guðmundsdóttir, „Inngangur,“ *Úlfhams saga*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001), cxxiii–vi).

reið lengi dags að ekki talaði hann [kóngurinn] við neinn og enginn þorði á hann að yrða.<sup>48</sup>

Í gerð Jóns

vissi [enginn], hvert kóngur ætlaði og einginn vildi spyrja hann þess. Þegar reiðfólkið kom nokkuð frá borginni, sá það, að kóngur stefndi út á skóg. Reið það svo leingi og réð kóngur ferðinni<sup>49</sup>

Þangað til þau koma á áfangastað. Tónninn breytist talsvert þegar „enginn þorði á hann að yrða“ er skipt út fyrir „einginn vildi spyrja hann þess“. Hjá Ragnhildi var samferðafólkið greinilega hrætt við að tala við kóng að fyrra bragði en hjá Jóni kemur hvergi fram að ekki hafi verið rætt við kónginn um annað, þótt hirðfólkið hafi ekki viljað spyrja hvert ferðinni væri heitið.

Hjá Ragnhildi gekk kóngur beint inn og hitti svínahirðinn en hér kemur Gríshildur sjálf „óvenju frið og fögur“ til dyra þegar kóngur bankar. Þannig lætur Jón hana kynna sjálfa sig og foreldra sína til sögunnar sem svar við spurningum kóningsins.

Framkoma kóningsins er öll mun formlegri í gerð Jóns. Hjá Ragnhildi gekk hann beint inn og segir að Gríshildur „skuli verða sín eiginkona“<sup>50</sup> en hjá Jóni segist hann „hafa erindi við“ foreldra hennar og

heilsaði þeim karli og kerlingu, og sagðist vera kominn þess erindis að biðja dóttur þeirra.

Karl bregst illa við og spáir því að

víst mundi hann [kóngur] finna aðrar konur, sem honum fyndist sèr meira jafnræði í annarstaðar, ... mundi honum innan skamms þykja lítið til hennar koma og líklega reka hana frá sèr með skömm.<sup>51</sup>

Hjá Ragnhildi var það fyrst eftir á, við heimkomu Gríshildar eftir skilnaðinn, að karlinn sagði

að sona hefði þetta legið í huga sínum ...<sup>52</sup>

48 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

49 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, 415.

50 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

51 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, 415.

52 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

Jón lætur kóng sýna meiri biðlund en í frásögn Ragnhildar og það er ekki fyrr en eftir þessi neikvæðu viðbrögð karlsins að

[k]óngur firtist þessum ummælum karls, og læzt mundi hafa vald til að taka dóttur hans að honum fornspurðum.<sup>53</sup>

Mestar breytingar telur greinarhöfundur Jón þó gera á hlutverki kerlingar í þessum samskiptum. Hvorki Boccaccio né Petrarcha minntust á móðurina og hún var næsta ósýnileg í frásögn Ragnhildar en hér fær hún það hlutverk að blíðka kóng og miðla málum:

Kerling var öll auðunnari, og vildi mýkja málin fyrir karlinn, og bað kóng að erfa ekki ummæli manns síns, því hann væri armæddur af elliburðum, sem legðust svo þúngt á hann og gætti þess vegna ekki ávalt að stýra túngu sinni.

Hún reynir líka að friða eiginmanninn, bað að hann tæki

öllum málum kóns vel og blíðlega

enda

væri það [þeim] til vegs og sóma, ef kóngur ætti dóttur þeirra,

jafnvel þótt það yrði bara í skamma stund, og loks

[f]ór þá svo fyrir umtölur kerlingar að þau karl föstnuðu kóngi Gríshildi.<sup>54</sup>

Einhver gætu undrast þessa nýbreytni Jóns, að stækka svona hlutverk móðurinnar, og talið það í mótsögn við þá tilhneigingu sem fjallað var um hér að framan, að draga úr gildi kvenpersóna. Á hinn bóginn má einmitt líta á framlag móðurinnar til þess að koma á hjónabandi milli Gríshildar og kónsins sem hluta af því siðvæðingarferli þjóðsagnanna, sem Zipes benti á, þar sem valdefling karla af efri stéttum er aðalatriðið.

Gríshildur sjálf beið utandyra á meðan þessu fór fram og fær fyrst að vita hvað til standi þegar kóngur segir henni að

53 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og afintýri* II, 415.

54 Sama rit.

55 Sama rit.



stíga á bak hestinum með gylta söðlinum.

Ragnhildur minntist ekki á viðbrögð hennar við bónorðinu en hér

datt ofan yfir Gríshildi og þókti þessu heldur fljótráðið.

Kóngur setur henni þá afarkosti,

ef hún vildi ekki fara með góðu, mundi hann láta hafa hana burtu með sér með valdi.

Það er ljóst að Gríshildi var þetta þungbært þegar hún „kvaddi foreldra sína grátandi,“ en eftir brúðkaupið „tókust [þó] með þeim góðar ástir.“<sup>55</sup> Enn og aftur sér lesandinn að kóngur hafði rétt fyrir sér og vald hans því styrkt í frásögninni.

Eins og áður kom fram brást hirðfólkið hjá Ragnhildi fremur illa við fyrirhuguðu brúðkaupi („var full svipur yfir allri fylgdinni“) en svo er ekki minnst aftur á neina óánægju með ráðahaginn.<sup>56</sup> Jón gerir meira úr þessu og eftir brúðkaupið undu

[h]irðmenn kóngs ... því illa, að hann hafði tekið sér drottningu af svo lágum stigum, og reyndu til með öllu móti að spilla kóngi við hana.

Þetta olli því að „kóngur varð fálátari við drottningu“ sem útskýrt er með því að „enda var hann einrænn í lund.“<sup>57</sup> Þannig má segja að Jón undirbúi jarðveginn fyrir það sem koma skal í frásögninni, og útskýri óbeint ástæður þess að kóngur lætur fjarlægja börnin, og geri á sama tíma minna úr þeirri mannvönsku sem kóngur sýnir konu sinni og börnum.

Hjá Jóni eignast Gríshildur einungis tvö börn, dóttur og son. Það að Jón brjóti þannig, ómeðvitað, þrítekningarlögmál þjóðsagna, sem minnst var á hér áður, bendir til þess að hann hafi þekkt til tveggja barna hefðarinnar í Griselðusögunum og valið að fylgja henni.

Við fæðingu dótturinnar segir kóngur að Gríshildur skuli „gæta þess [barnsins] vel.“ Þegar hann svo skipar einum af

55 Sama rit, 415–16.

56 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

57 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* II, 416.

vildismönnum sínum ... að taka frá henni barnið

á hann einnig að

gá að, hvort henni bregði nokkuð.

Nauðugur fer maðurinn og tekur barnið gegn vilja móðurinnar sem biður „hann að láta barnið vera,“ en hún bregst við þeim orðum hans

að kóngur hefði boðið sér að taka það

með því að gráta hástöfum. Barnið er síðan sent í fóstur hjá frænda kóngs „eða föðurbróður.“ Ári síðar fæðir Gríshildur son en allan þann tíma

þorði [hún] ekki að kvarta um þessa meðferð við kóng, enda spurði hann aldrei eptir barninu ...

Stuttu eftir fæðinguna lætur kóngur taka soninn og bætir sögumaður þar við

[e]n svo illa sem drottning barst af áður eptir dótturmissinn, undi hún þó enn ver sonarmissinum, og grèt sáran, þegar hann var borinn burtu.<sup>58</sup>

Í frásögn Ragnhildar sáum við að sorg Gríshildar jókst stigvaxandi við barnamissinn, frá dótturinni til sonanna tveggja. Þrítækningin og stigmögnun sorgarinnar byggðu upp ljósa mynd af því sem Olrik kallaði afgerandi atburð („et væsentligt moment“),<sup>59</sup> sem hér er barnsmisur. Það eru því fremur endurtekin og ítrekuð áföll móðurinnar sem ollu þessum auknu sorgarviðbrögðum en kyn barnanna. Í útgáfu Jóns er aftur á móti augljóslega um kynjamun að ræða, þar sem sonur er meira virði en dóttir. Engin eldri íslensku gerðanna sem varðveittar eru inniheldur neitt þessu líkt, en í þremur þeirra er þó tekið fram að Gríshildarpersónan andvarpi mæðilega eða stynji þungan þegar eiginmaðurinn segir henni frá ákvörðun sinni að láta drepa soninn, eins og dótturina,<sup>60</sup> en hvergi er þó ýjað að því

58 Sama rit.

59 Olrik, „Episke love i folkedigtningen“, 83.

60 Hún „andvarpar mæðilega“ („Æfintýr af einum hertoga, er kallast Valtari,“ Halldór, *The Story of Griselda in Iceland*, 10). „[Þ]úgangur [hún] Stundi“ í rímum Jóns Hjaltalíns, rímu 3, vísu 49 (Jón, *Rímur um Valtir/Waltara hertoga og Gressilu*, sjá t.d. handritið Lbs 2901 8vo, bl. 10v), sem byggir á fyrrnefndu Æfintýri, og það gerir hún einnig í riddarasögu Magnúsar

að það sé tilhugsunin um sonarmissinn sem auki sorgina. Með þessari athugasemd, sem virðist nýbreytni hjá Jóni og hugsanlega enn eitt dæmi um kvenfyrirlitninguna sem minnst var á hér að ofan, eyðir hann um leið stigmögnuninni út úr þjóðsögunni.

Stuttu eftir hvarf sonarins vill kóngur fá að sjá börnin og lætur sem hann viti ekkert um hvarf þeirra. Viðbrögðum Gríshildar við þessari ósk hans er lýst svo:

Við það ýfðust enn upp harmar hennar, svo hún flóði öll í tárur og sagði að börnin hefðu verið tekin frá sèr eptir hans undirlagi, svo hún gæti ekki sýnt honum þau, og mætti hann bezt vita, hvað um þau væri orðið.

Kóngur bregst „reiður“ við þessum tilsvörum, sakar hana um morð og lygar og skipar henni

hamslaus af bræði ... að snauta burtu og koma aldrei fyrir augu sín optar, sagði að hún hefði unnið til þess að hún væri drepin.<sup>61</sup>

Þannig teiknar sögumaður Jóns smám saman mynd af vondum og duttlungafulllum kóngi sem móðgast þegar bónorðið er ekki samþykkt tafarlaust, verður reiður þegar kona hans segir honum sannleikann um hvarf barnanna og loks „hamslaus af bræði“ þegar hann rekur hana á brott. Þrátt fyrir þessa neikvæðu mynd af kónginum verða völd hans yfir lífi hennar og barnanna skýrari og afdráttarlausari í samræmi við áður nefnda valdeflingu karlpersóna á kostnað kvenpersóna.

Eins og hjá Ragnhildi dvelur Gríshildur í foreldrahúsum í sextán ár áður en kóngur sendir menn til að biðja hana um að

vera forgångskona með matreiðslu í brúðkaupi sínu, sem hann ætlaði að halda sama daginn.

Bæði hún og foreldrar hennar eru treg til að hlýða þessari bón en hún lét sig þó hafa það og

þókti henni fara það af milli snild og skörúngskap ...

í Tjaldanesi (Magnús Jónsson (í Tjaldanesi), *Sagan af Gríshildi Drottningu hinni þolinmóðu*, sjá t.d. handritið Lbs 1494 4to, bl. 206v).

61 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og æfintýri* II, 416.

Líkt og í frásögn Ragnhildar lætur kóngur Gríshildi fylgja brúðhjúnonum til hvílu að kvöldi brúðkaupsdagsins og lýsa þeim með litlu *kertisskari* meðan þau háttu. Þegar skarið var

svo brunnið, að það logaði á berum gómunum

spyr kóngur „hvort hún brenni sig ekki.“ Hér verður staðhæfing hennar, ögn breytt frá fyrri þjóðsögunni:

„Sárt brenna gómarnir, en sárar brennur hjartað“

að svari við spurningu og hjá Jóni fellir hún líka tár um leið. Þá loks „þoldi kóngur ekki leingur að horfa á hana,“ segir henni sannleikann um börn þeirra tvö og biður hana „með mörgum orðum fyrirgefningar.“<sup>62</sup> Líkt og hjá Ragnhildi er það svo kóngurinn sem gefur Gríshildi nýja viðurnefnið, *góða*.

Frásögn Jóns er eins og sést lengri og að mestu ítarlegri en frásögn Ragnhildar og lýsingarnar hjá honum á orðum, gerðum og viðbrögðum persónanna gefa fyllri mynd af persónuleikum þeirra. Þannig birtist Gríshildur skýrar sem fórnarlamb illsku kóngsins, píslarvottur sem er þvinguð í hjónaband, reynir að stöðva hvarf dótturinnar með orðum, hrakin á brott fyrir að segja sannleikann, reynir að neita bóninni um að þjóna fyrrverandi eiginmanni og nýrri brúði hans á brúðkaupsdaginn og -nóttina. Aldrei dylur persónan tilfinningar sínar heldur grætur hún þegar hún kveður foreldra sína, þegar börnin eru tekin af henni og þegar hún er rekin úr höllinni. Þó stenst hún próf eiginmannsins. Gríshildur sýnir ekki einungis þolinmæði, sem er hennar helsta dyggð, heldur einnig góðlyndi sem aukinheldur er nefnt fyrst og fær enn aukið vægi sem viðurnefni. Í frásögn Ragnhildar segir kóngur einfaldlega að hann sé

að sýna góðlyndi og þolinmæði<sup>63</sup>

hennar. Eins og áður var bent á má skilja þessi orð kóngs á þá lund að hann sjálfur þekki þessar dyggðir hennar og sé með raunum hennar einungis að gera öðrum þær ljósar. Aftur á móti velur Jón að breyta og auka við orð kóngs:

62 Sama rit, 417.

63 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og avintýri* V, 29.

Eg hefi nú reynt góðlyndi þitt og þolinmæði til hlítar með öllu því, sem fram við þig hefir komið ...<sup>64</sup>

Jón sýnir hér með notkuninni á sagnorðinu *reyna* að breytingar hans byggja að einhverju leyti á þekkingu hans á annarri eða öðrum gerðum Gríseldusögunnar, íslenskum eða erlendum, t.d. segist markgreifinn vera að „forsøge“ (reyna) hana og/eða „friste“ (freista) hennar í elstu dönsku gerðum sögunnar<sup>65</sup> en í yngri gerðum eru nafnorðin „prøve“ (próf) og „prøvelse“ (hugraun) og/eða sagnorðið „prøve“ (reyna) notuð.<sup>66</sup>

Þær breytingar sem Jón gerir á frásögninni eins og Ragnhildur skrifaði hana niður má skipta í þrjá aðalflokka. Í fyrsta lagi bætir hann við þar sem frásögn hennar er heldur stuttaraleg. Þá lagar hann að Gríselduhefðinni sumar þær breytingar sem orðið hafa í munnmælum, t.a.m. barnafjöldann úr þremur börnum í tvö og fjarlægir hugsanleg tengsl við aðrar sagnahefðir þegar hann gerir kónginn nafnlausan. Í þriðja lagi virðist hann undir áhrifum frá tíðarandanum þegar hann eykur áhrif og völd kóningsins og annarra karlpersóna á kostnað kvenpersónanna. Samanlagt gera breytingar Jóns raddir ráðandi samfélagsafla, s.s. aðalsins og karla almennt, sýnilegri. Jón bjó í raun til nýja gerð sögunnar og líta verður á hana sem sjálfstæðan texta, óháðan frásögn Ragnhildar, ekki síst í ljósi áhrifa hans á rímnaskáldið Andrés Hákonarson sem fjallað verður um í næsta kafla.

## Rímur Andrésar Hákonarsonar

Andrés Hákonarson á Hóli í Önundarfirði var þekkt rímnaskáld<sup>67</sup> en rímur hans þrjár um Gríshildi frá 1890 voru þó, eins og áður kom fram í

64 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og afintýri II*, 417.

65 Sjá t.d. *Griseldis*, 1592, 9v og 11v, sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n26/mode/2up>, og <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/page/n30/mode/2up>.

66 Sjá t.d. *En meget mærkvædig Historie om Grysælde, en fattig Bondepige, født i en liden Landsbye i Italien, som Markgræve Wolder tog tilægte; samt hvorledes han i Ægtestanden paa det haardeste prøvede hendes Dyd, men hvilket alt hun dog med største Taalmodighed udholdt* (Kaupmannahöfn: [Johan Rudolph Thiele], [án ártals, en kom út milli 1797 og 1808]), 1, 11, 14 og 23; og *Historie om den fattige Bondepige Griseldis, som blev valgt til Ægtefelle af Markgreve Walther; hendes Prøvelser, Lidelser og tro Kjærlighed* (Kaupmannahöfn: I. Behrend's Enke, 1847), 1, 13, 16 og 19.

67 Finnur, *Rímnatal II*, 8.

neðanmálsgrein 9, að mestu óþekktar í Gríshildarfræðunum fram að Cand. Mag.-ritgerð greinarhöfundar frá árinu 2004. Rímurnar virðast einungis varðveittar í einu handriti, Lbs 4407 8vo, afriti af eiginhandarriti skáldsins. Titillinn í handritinu er *Frásagann / Raunir Gríshildar (þolinmóðu)* og fylgdi rafræn uppskrift greinarhöfundar á rímunum sem fylgiskjal með ritgerðinni.

Rímur Andrésar byggja á þjóðsagnaútgáfu Jóns Árnasonar og fylgja frásögninni þar nokkuð vel, t.a.m. er þar að finna aukna sorg Gríshildar við sonarmissinn:

Sína dóttir, svo sem þótti að missa,  
hálfu | midur mæt sig þar,  
missir viður sveinsinns | þar.<sup>68</sup>

Þetta er annars eina íslenska gerð Gríshildarsögunnar sem inniheldur þennan kynjamun, auk þjóðsögu Jóns. Þrátt fyrir að fylgja þeim texta vel bætir Andrés nokkrum smáatriðum við, t.d. gagnrýnir sögumaður kónginn með þessum orðum í mansöng þriðju rímu:

enn sjóli sá  
sem seigi eg frá,  
sízt var góður mað|-ur.<sup>69</sup>

Í næstu erindum heldur gagnrýnin á framferði kóngs við konu sína áfram.<sup>70</sup> Í þjóðsögunum var áherslan á góðlyndi Gríshildar en í titli rímnanna er hún á þolinmæði hennar sem þannig fær á ný aukið vægi. Andrés breytir þó í raun aldrei söguþræðinum. Aftur á móti gefur hann konungi nafnið *Guðvarður* í upphafi frásagnarinnar sem hann staðsetur í Garðaríki.<sup>71</sup> Andrés setur söguna sem sé í norrænt sagnasamhengi og tengir hana norrænum svæðum í því sem nú er hluti Rússlands og Úkraínu, í kringum Kænugarð, án þess þó að gera meira úr því síðar í frásögninni.

68 Andrés, *Frásagan Raunir Gríshildar (þolinmóðu)*, 1890, 2. ríma, 59. erindi (Lbs 4407 8vo, bls. 15).

69 Sama rit, 3. ríma, 6. erindi, 3.–4. lína (sama handrit, bls. 20).

70 Sama rit, 3. ríma, 7. –15. erindi (sama handrit, bls. 20–21).

71 „hjet Goðv-|=arður hauður sá, hjellt í Garðaríki.“ (Sama rit, 1. ríma, 16. erindi, 3.–4. lína (sama handrit, bls. 2).

## Sárt brenna gómarnir – áhrif á síðari bókmenntaverk

Að lokum skal vikið aftur að orðum Gríshildar við brúðarsæng kóngs og dóttur þeirra sem í texta Ragnhildar hljómar svo:

„Sárt brenna fingurnir, en sárara brennur hjartað.“<sup>72</sup>

en eftir breytingu Jóns:

„Sárt brenna gómarnir, en sárara brennur hjartað.“<sup>73</sup>

Eins og áður sagði þekkir greinarhöfundur ekki til þess að aðrar Gríseldu-frásagnir, íslenskar eða evrópskar, innihaldi þessa upphrópun og óljóst er hvernig hún hefur komist inn í íslensku þjóðsöguna. Hugsanlega er hún viðbót Ragnhildar sjálfrar en út frá breytingu Jóns á orðunum er hugsanlegt að hann hafi annað hvort þekkt til þessara orða Gríshildar í munnlegri geymd þjóðsögunnar eða aðra mynd málsháttarins.

Senan sjálf þar sem Gríshildur þarf að halda á kerti við brúðarsæng eiginmanns síns er þó ekki íslensk uppfinning. Svipaða lýsingu er til að mynda að finna í latneskri frásögn danska miðaldafræðimannsins Saxós (Saxo Grammaticus) af afrekum Dana, *Gesta Danorum*,<sup>74</sup> eins og Reinhold Köhler benti á í umfjöllun sinni um þjóðsögu Jóns árið 1870. Köhler benti að auki á gríska þjóðsögu þar sem konungsdóttir þóttist vera heyrnar- og mállaus í þrjú ár eftir að prins nam hana að heiman; hún kemur loks upp um sig þegar hún heldur á brennandi kerti yfir brúðarsæng prinsins og annarrar brúðar.<sup>75</sup> Þá nefnir Axel Olrik í grein sinni um lögmál þjóðsagna söguna um „pigen der skal bære brudelys ved sin husbonds bryllup med heksedatteren“ (stúlkuna sem heldur á brúðarkerti við brúðkaup eiginmanns síns með nornardótturinni).<sup>76</sup>

Upphrópun svipaða orðum Gríshildar er þó ekki að finna í neinu þessara dæma og gegnum íslensku þjóðsöguna urðu þau að íslenskum

72 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* V, 29.

73 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenskar þjóðsögur og ávintýri* II, 417.

74 Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum. Danmarks Historien. Bind I*, ritstj. latneska textans Karsten Friis-Jensen, dönsk þýð. Peter Zeeberg (Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab og Gads, 2005), 458–59).

75 Köhler, „Die Gríseldis-Novelle als Volksmärchen,“ 425–27.

76 Olrik, „Episke love i folkedigtningen,“ 72.

málshætti sem öðlaðist sjálfstætt líf<sup>77</sup> og íslenskar skáldkonur hafa vísað til þeirra og þjóðsögunnar í verkum sínum, t.d. Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, 1881–1946) í ljóði sínu *Rokkhljóð*:

»Brunnið er kertið, Gríshildur – þú gómana skalt ljá!  
 »Gómar brenna sáran«, hún mælir þá,  
 »en sárar brennur hjartað af sorg og þrá«.  
 Gríshildur hin góða hafði gengið þrautaskeið;  
 sigrað hafði dygðin sorgir og neyð.  
 Lýsti kong og drotningu hamingjusól heið.<sup>78</sup>

Sams konar tilvitnun til Gríshildar og brenndra góma hennar og hjarta er að finna í fyrsta bindi *Dalalífs* Guðrúnar frá Lundi (1887–1975) frá 1946<sup>79</sup> og árið 1958 kom út þriðja bókin í bókaflokki Ragnheiðar Jónsdóttur (1895–1967) um Þóru frá Hvammi en titill hennar er *Sárt brenna gómarnir*.<sup>80</sup> Málshátturinn virðist því einna helst höfða til kvenna og endurspeгла þeirra reynsluheim.

## Niðurlag

Undir safnmarkinu Lbs 533 4to má finna fjölda handskrifaðra þjóðsagna og ævintýra, bæði með rithöndum ýmissa þjóðsagnasafnara og svo vinnu-pappíra Jóns Árnasonar sjálfs þar sem hann bjó textana til útgáfu. Þar á meðal er annars vegar „Sagan af Gríshildi góðu“ eins og Ragnhildur Guðmundsdóttir skráði hana og hins vegar endurskoðuð gerð Jóns sem gefin var út í 2. bindi þjóðsagnasafns hans árið 1864. Frumgerð Ragnhildar birtist ekki almenningi fyrr en við endurútgáfu safnsins á 6. áratug síðustu aldar, í 5. bindi árið 1958. Það varð því gerð Jóns sem lagði grunninn að útbreiðslu þjóðsögunnar meðal almennings og fræðimanna. Eins og sjá má af tilvitnunum um brenndu gómana í ljóði Huldu og skáldsögum Guðrúnar frá Lundi og Ragnheiðar Jónsdóttur hér að ofan er ljóst að einnig þar er vitnað til gerðar Jóns, sem að auki lagði grunninn að Gríshildarrímum Andrésar Hákonarsonar.

77 Jón G. Friðjónsson, *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir* (Reykjavík, Forlagið, 2014), 147.

78 Hulda, „Rokkhljóð“, Óðinn 8, 12, 1913, 94.

79 Guðrún frá Lundi, *Dalalíf 1. Ástir og alvara*, 2. útg. (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982 (1946)), 519–20.

80 Ragnheiður Jónsdóttir, *Sárt brenna gómarnir* (Reykjavík: Helgafell, 1958).



Samanburður á textum Ragnhildar og Jóns sýnir ekki einungis hvernig Jón lengdi frásögnina heldur gerði afgerandi breytingar á henni. Tilgangurinn með sumum þessarar breytinga virðist að færa söguna nær gerðum Boccaccios og Petrarca, t.a.m. fækkun barnanna úr þremur hjá Ragnhildi í tvö og þegar Jón lét kóng segja að hann hafi „reynt góðlyndi [hennar] og þolinmæði“<sup>81</sup> en ekki bara *sýnt* þessar dyggðir hennar eins og hjá Ragnhildi.<sup>82</sup> Aðrar breytingar hans virðast endurspeglar karlrembu- tíðarandann hjá Þjóðsagnasöfnunum 19. aldar, þar sem sonarmissirinn snertir Gríshildi „enn ver“ en dótturmissirinn og hirðmeyjaskarinn í upphafi biðils- fararinnar fór að metast opinskátt um það hver þeirra yrði valin í fegursta söðulinn, í stað þess að hugsa það bara hver fyrir sig eins og hjá Ragnhildi. Í sama anda má líta það hvernig Jón feugar kynninguna á kónginum í upphafi sögunnar þannig að hinn sextugi, óákveðni Artus með frestunaráráttuna hjá Ragnhildi verður nafnlaus, á óráðum aldri og áhugaleysi hans á hjónabandi látið óútskýrt. Meira að segja er sú mynd sem síðar birtist af vondum og duttlungafullum kóngi hjá Jóni í samræmi við valdeflingu karlpersóna á kostnað kvenpersóna í Þjóðsagnaútgáfum þess tíma.

Í báðum gerðum Þjóðsögunnar koma báðir foreldrar Gríshildar við sögu en í evrópsku hefðinni er ekki minnst á móðurina. Þá eru viðbrögð föðurins við bónorðinu mun neikvæðari í íslensku Þjóðsögunum en annars tíðkast. Hlutverk móðurinnar er aftur á móti að miðla málum og taka mál- stað kóningsins, og gerði Jón mikið úr hennar þætti þar.

Í Griseldusögum Boccaccios og Petrarca er óánægja hirðarinnar og almennings með hjúskap markgreifans og bóndadótturinnar einungis uppspuni markgreifans en í báðum íslensku Þjóðsögunum er slík gremja nefnd. Hjá Ragnhildi var þetta einungis „fúll svipur yfir allri fylgdinni“<sup>83</sup> þegar Gríshildur var færð í brúðarskrúðann en hjá Jóni hélt óánægjan áfram eftir brúðkaupið og tókst hirðmönnum meira að segja „að spilla kóngi við hana.“<sup>84</sup>

Að síðustu skal vikið að viðbrögðum Gríshildar við raunum sínum í íslensku Þjóðsögunum. Hjá Boccaccio og í evrópsku hefðinni eru við- brögð hennar alltaf eins; án svipbrigða biður hún þess að þau verði ekki

81 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar Þjóðsögur og æfintýri* II, 417.

82 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar Þjóðsögur og æfintýri* V, 29.

83 Sama rit, 28–29.

84 „Sagan af Gríshildi góðu,“ *Íslenzkar Þjóðsögur og æfintýri* II, 416.

„að fæðu fyrir dýr eða fugla“,<sup>85</sup> en í þeim íslensku sýnir hún svo sannarlega sorgarviðbrögð við barnamissinum. Hjá Ragnhildi bregður hún fyrst litum, verður svo eldrjóð og loks grét hún sárt þegar þriðja barnið var tekið af henni<sup>86</sup> en hjá Jóni grætur hún þegar hástöfum þegar fyrra barnið, dóttirin, er tekin, þótt hún hafi grátið enn meira við sonarmissinn.<sup>87</sup> Það er þó ekki eingöngu við barnamissinn sem íslenska þjóðsagna-Grishildur sýnir viðbrögð, það gerir hún líka við skilnaðinn og eins þegar hún þjónar kóngi og nýrri brúði hans á brúðkaupsnóttina og segir „Sárt brenna fingurnir/gómarnir, en sárara brennur hjartað“<sup>88</sup> auk þess sem hún grætur hjá Jóni af því tilefni. Þrátt fyrir að sýna miklar tilfinningar í báðum þjóðsagnagerðunum stenst Grishildur þó öll próf kóngsins sem gefur henni viðurnefnið *góða* en ekki þolinmóða eins og hefð er fyrir.

## HEIMILDIR

### HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík*

AM 132 I 8vo. Óþekktur skrifari, 17. öld.

*Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*

Lbs 533 4to. Margar rithendur, m.a. Jóns Árnasonar (1819–88) og Ragnhildar Guðmundsdóttur (1836/7–1921), 1850–65.

Lbs 989 4to. Tveir óþekktir skrifarar, úr dánarbúi séra Friðriks Eggerz (1802–94), 1795–1830.

Lbs 1494 4to. Skrifari Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922), 1888.

Lbs 1506 4to. Skrifari Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922), 1893.

Lbs 2325 4to. Skrifari Sighvatur Grímsson *Borgfirðingur* (1840–1930), 1893.

Lbs 248 8vo. Óþekktur skrifari, um 1750.

Lbs 2901 8vo. Óþekktur skrifari, 19. öld.

Lbs 3841 8vo. Skrifari Guðmundur Jóhannesson í Skáleyjum (1838–93), 1871.

Lbs 4407 8vo. Óþekktur skrifari, eftir 1890.

*Böðvar Kvaran (einkasafn)*

BK 5 4to. Skrifari Magnús Jónsson í Tjaldanesi (1835–1922), 1914.

85 Boccaccio, *Tidagra*, 689–90.

86 „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 28.

87 „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* II, 416.

88 „fingurnir“ í „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* V, 29, og „gómarnir“ í „Sagan af Grishildi góðu,“ *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* II, 417.

## ÚTGÁFUR

- Andrés Hákonarson. *Frásagan Raunir Gríshildar (pólinmóðu)*. 1890. Varðveitt í handritinu Reykjavík, Landsbókasafn Íslands Lbs 4407 8vo.
- Boccaccio, Giovanni. „Griselda.“ *Letterature italiana*. [1350]. Sótt 22. janúar 2022 af <https://letteritaliana.weebly.com/griselda.html>.
- Boccaccio, Giovanni. *Tíðagra*. Þýð. Erlingur E. Halldórsson. Reykjavík: Mál og menning, 1999.
- „Das isländische Märchen.“ Þýð. Theodor Möbius. Reinhold Köhler. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Archiv für Litteraturgeschichte I*, ritstj. Richard Gosche. Leipzig: B.G. Teubner, 1870, 420–24.
- „Das isländische Märchen.“ Þýð. Theodor Möbius. Reinhold Köhler. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Kleinere Schriften von Reinhold Köhler II*, ritstj. Johannes Bolte. Weimar: E. Felber, 1900, 545–50.
- En meget mærkverdíg Historie om Gryselde, en fattig Bondepige, født i en liden Landsbye i Italien, som Markgrave Wolder tog tilægte; samt hvorledes han i Ægtestanden paa det haardeste prøvede hendes Dyd, men hvilket alt hun dog med største Taalmodighed udholdt*. Kaupmannahöfn: [Johan Rudolph Thiele], [án ártals, en kom út milli 1797 og 1808].
- Eggert Jónsson. *Tuær Ríjmur af Grisjilláá*. 17. öld. Varðveittar í handritinu Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, AM 132 I 8vo, 1r–9r.
- Griseldis. Tuende deylige oc Nyttelige Historier at læse. Den Første om Griseldis. Den Anden om en Docters Daatter aff Bononia / Aff huilcke Historier alle ærlige Quinder maa begribe gode lærdom / oc besynderlige at haffue gaat taalmodighed*. Lübeck: Affwerus Krøger, 1592. Sótt 4. ágúst 2022, <https://archive.org/details/den-kbd-pil-130018148987-001/mode/2up>.
- Guðrún frá Lundi. *Dalalíf 1. Ástir og alvara*. 2. útg. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982 (1946).
- Historie om den fattige Bondepige Griseldis, som blev valgt til Ægtefælle af Markgreve Walther; hendes Prøvelser, Lidelser og tro Kjærlighed*. Kaupmannahöfn: I. Behrend's Enke, 1847.
- Historie om en fattig Bondedaatter, navnlig Griselde, fra en liden Bye i Valland, som Herr Marggrev Volter tog til Ægte, og hvorledes hun af ham maatte udstaae mange store og haarde Fristelser; hvilke hun dog alle med største Taalmodighed overvandt*. [“Trykt i dette Aar”]. [Án ártals]: [Án útgefanda].
- Hulda. „Rokkhjóð.“ *Óðinn* 8, 12 (1913), 94.
- Jón Árnason. *Sagan af Gríshildi góðu*. Varðveitt í handritinu Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 533 4to, bl. 220r–23r.
- Jón Árnason og Guðbrandur Vigfússon (útg.). *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. Safnað hefir Jón Árnason*. II, Leipzig: J.C. Hinrichs, 1864.
- Jón Hjaltalín. *Rímur um Valtir/Waltara hertoga og Gressílu*. 1816. Varðveittar í handritunum Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 2325 4to, Lbs 4472 4to, Lbs 248 8vo, Lbs 2901 8vo og Lbs 3841 8vo.

- Magnús Jónsson (á Laugum). *Rímur af Gríshildi góðu: eptir gömlu handriti*. Reykjavík: Skúli Thoroddssen, 1910.
- Magnús Jónsson (í Tjaldanesi). *Sagan af Gríshildi Drottningu hinni þolinmóðu*. 1888. Varðveitt í handritunum Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 1494 to, bls. 377–456, og Lbs 1506 4to, bls. 503–82, auk handrits Reykjavík, Böðvar Kvaran (einkasafn), BK 5 4to, bls. 595–674.
- Petrarca, Franciscus. „Francisci Petrarce, Poete Laureati, de Insigni Obedientia et Fide Uxoris ad Johannem Bocacium de Certaldo.“ Ursula Hess. *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer früh-humanistischen Prosanovelle*. München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975, 173–74 og 176–238 (einungis á bls. með sléttum tölum).
- Ragnheiður Jónsdóttir. *Sárt brenna gómarnir*. Reykjavík: Helgafell, 1958.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir. *Sagan af Gríshildi góðu*. Varðveitt í handritinu Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, Lbs 533 4to, bl. 176r–8r.
- „Sagan af Artus konungi grimma,“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri V*. Safnað af Jóni Árnasyni. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1958, 254–57.
- „Sagan af Gríshildi góðu.“ Útg. Halldór Hermannsson. *The Story of Griselda in Iceland*. Islandica VII. Ithaca.: Cornell University Library, 1914, 24–45.
- „Sagan af Gríshildi góðu.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Safnað hefir Jón Árnason. II. Ritstj. Jón Árnason og Guðbrandur Vigfússon. Leipzig: J.C. Hinrichs, 1864, 414–17.
- „Sagan af Gríshildi góðu.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri V*. Safnað af Jóni Árnasyni. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1958, 28–29.
- Saxo Grammaticus. *Gesta Danorum. Danmarkshistorien*. Bind I. Útg. latneska textans Karsten Friis-Jensen, dönsk þýð. Peter Zeeberg. Kaupmannahöfn: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab og Gads, 2005.
- Steinhöwel, Heinrich. „Griseldis.“ Ritstj. Ursula Hess. *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer frühhumanistischen Prosanovelle*. München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975, 177–237 (einungis á bls. með oddatölum).
- von Lenk zu Burgheim und Gansheim, Heinrich (ritstj.). *Griseldis auf Island*. Þýð. Heinrich von Lenk zu Burgheim und Gansheim. [Vínarborg]: [Án útgefanda], [1900 eða 1901].
- „Æfintýr af einum hertoga, er kallast Valtari.“ Útg. Halldór Hermannsson. *The Story of Griselda in Iceland*. Islandica VII. Ithaca: Cornell University Library, 1914, 7–12.

## FRÆÐIRIT

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. „Inngangur.“ *Úlfhams saga*. Útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001, xiii–cclxxxi.
- – –. „Karlar og kerlingar: Um heimildarmenn ævintýra og tengslanet Jóns Árnasonar.“ *Kreddur: vefrit um þjóðfræði* (<http://kreddur.is/karlar-og-kerlingar/>), 2013. Sá hlekkur virðist óvirkur, en greinina má nú finna á vefnum *Academia.edu*, sótt 21. janúar 2022, [https://www.academia.edu/11937408/Karlar\\_og\\_kerlingar\\_Um\\_heimildarmenn\\_%C3%A6vint%C3%BDra\\_og\\_tengslanet\\_%C3%B3ns\\_%C3%81rnasonar](https://www.academia.edu/11937408/Karlar_og_kerlingar_Um_heimildarmenn_%C3%A6vint%C3%BDra_og_tengslanet_%C3%B3ns_%C3%81rnasonar)
- Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. „Handrit og heimildarmenn.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason VI*. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1961, 43–64.
- – –. „Skýringar og athugasemdir.“ *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason II*. Ritstj. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga & Prentsmiðjan Hólar, 1954, 563–85.
- Baldur Hafstað. „Mjaðveig og Öskubuska.“ *Hrafnabing 2* (2005): 7–27.
- Bottigheimer, Ruth B. *Fairy Tales. A New History*. Albany, New York: State University of New York Press, 2009.
- Einar Ó. Sveinsson. *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten mit einer einleitenden Untersuchung*. Helsinki: Suomalainen Tiedekatemia Academia Scientarium Fennica, 1929.
- Finnur Sigmundsson. *Rímnatal I*. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.
- – –. *Rímnatal II*. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.
- Haase, Donald. „Feminist Fairy-Tale Scholarship.“ *Fairy Tales and Feminism. New Approaches*. Ritstj. Donald Haase. Detroit: Wayne State University Press, 2004, 1–36.
- Halldór Hermannsson. *The Story of Griselda in Iceland*. Islandica VII. Ithaca: Cornell University Library, 1914.
- Hess, Ursula. *Heinrich Steinhöwels 'Griseldis'. Studien zur Text- und Überlieferungsgeschichte einer frühhumanistischen Prosanovelle*. München: C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, 1975.
- Jón Árnason. *Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf. Fyrri bindi*. Útg. Finnur Sigmundsson. Reykjavík: Hlaðbúð, 1950.
- Jón G. Friðjónsson. *Orð að sönnu. Íslenskir málshættir og orðskviðir*. Reykjavík: Forlagið, 2014.
- Köhler, Reinhold. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Archiv für Literaturgeschichte I*. Ritstj. Richard Gosche. Leipzig: B.G. Teubner, 1870, 409–27.
- Köhler, Reinhold. „Die Griseldis-Novelle als Volksmärchen.“ *Kleinere Schriften von Reinhold Köhler II*. Ritstj. Johannes Bolte. Weimar: E. Felber, 1900, 545–50.
- „Lbs 533 4to.“ *Handrit.is*, skrásetjari Sigríður H. Jörundsdóttir. Sótt 21. janúar 2022, <https://handrit.is/en/manuscript/view/is/Lbso4-0533>.

- Lüthi, Max. *The European Folktale: form and nature*. Þýð. John D. Niles. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.
- Olrik, Axel. „Episke love i folkedigtningen.“ *Danske studier* (5. árgangur), 1908, 69–89.
- Paulli, Richard Jakob. „Indledning. *Griseldis*.“ *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*. Útg. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli. Danske Folkebøger VIII. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920, XXXI–LIX.
- – –. „Haandskriftbeskrivelse og Bibliografi.“ *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*. Útg. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli. Danske Folkebøger VIII. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920, 205–50.
- – –. „Tekstkritik og Kommentar.“ *Helena, Griseldis, En Doctors Datter*. Ritstj. J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli. Danske Folkebøger VIII. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, 1920, 143–204.
- Reynir Þór (Tór) Eggertsson. *’Mátte jeg dø for dig, mit unge blod!’ En transmiss-ionsteoretisk undersøgelse af Griseldis i danske og islandske overleveringer*. Cand. Mag.-ritgerð, Kaupmannahafnarháskóli, 2004.
- Ritterhaus, Adeline. *Die neuisländischen Volksmärchen. Ein Beitrag zur vergleichenden Märchenforschung*. Halle: [Niemeyer], 1902, 231–32.
- Rósa Þorsteinsdóttir. *Sagan upp á hvern mann. Átta íslenskir sagnamenn og ávintýrin þeirra*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011.
- Schlauch, Margaret. „Griselda in Iceland: A Supplement.“ *Speculum. A Journal of Medieval Studies* XXVIII (1953): 363–70.
- Seelow, Hubert. *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1989.
- Søndergaard, Leif. „Folkebogens fascination – Griseldis gennem 400 år.“ *Griseldis-temaet gennem tiden*. Ritstj. Leif Søndergaard. Mindre Skrifter Nr. 9. Óðinsvé: Laboratorium for Folkesproglige Middelalderstudier, Odense Universitet, 1992, 41–60.
- Thompson, Stith. *Motif-Index of Folk-Literature. A Classification of Narrative Elements in Folktales, Ballads, Myths, Fables, Mediaeval Romances, Exempla, Fabliaux, Jest-Books and Local Legends. Revised and Enlarged Edition. Volume Three. F-H*. Kaupmannahöfn: Rosenkilde & Bagger, 1956.
- Uther, Hans-Jörg. *The Types of International Folktales. A Classification and Bibliography. Based on the System of Antti Aarne and Stith Thompson. Part I: Animal Tales, Tales of Magic, Religious Tales, and Realistic Tales, with an Introduction*. Ritstj. Sabine Dinslage, Sigrid Fähmann, Christine Goldberg & Gudrun Schwibbe. Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia Academia Scientiarum Fennica, 2004.
- von Lenk zu Burgheim und Gansheim, Heinrich (ritstj.). *Griseldis auf Island*. Þýð. Heinrich von Lenk zu Burgheim und Gansheim. [Vínarborg]: [Án útgefanda], [1900 eða 1901].
- Zipes, Jack. *The Trials and Tribulations of Little Red Riding Hood. Versions of the Tale in Sociocultural Context*. Lundúinir: Heinemann, 1983.

## ÁGRIP

Jón Árnason og Gríshildur góða: Um breytingar ritstjórans á frásögn konu af annarri konu

**Efnisorð:** Þjóðsögur, þjóðfræði, Gríshildar saga, Gríselða, Gríselða, Gríseldis, ritstýrðar útgáfur frumtexta, Boccaccio, Petrarca, Decamerone, Tíðagra, Volksbücher, folkebøger, almuðgákur

Árið 1864 kom íslenska þjóðsagan *Sagan af Gríshildi góðu* í fyrsta sinn út á prenti í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar og Guðbrands Vigfússonar. Þjóðsagan á rætur í *Tíðagru (Decamerone)* Boccaccios frá u.þ.b. 1350 sem Petrarca endursamdi á latínu 1373 þannig að hún náði mikilli útbreiðslu um Evrópu næstu aldirnar. Til Íslands berst sagan í kringum 1600 og nær talsverðum vinsældum, enda eru til a.m.k. átján gerðir sögunnar, bæði í bundnu og lausu máli, varðveittar í 52 handritum, auk þess sem nokkrar hafa verið gefnar út á prenti.

Þegar þjóðsagnasafnið var endurútféið á sjötta áratug síðustu aldar birtust í því tvær Gríshildarþjóðsögur, annars vegar sú frá 1864 og hins vegar styttri, áður óútféin gerð í 5. bindi árið 1958. Við nánari athugun kemur í ljós að báðar byggja á sömu skrásetningu sögunnar, frásögn Ragnhildar Guðmundsdóttur á bl. 176r–78r í þjóðsagnahandriti Jóns, Lbs 533 4to. Útgáfan frá 1864 er í raun endursamning Jóns sjálfs á frásögninni, sem einnig er varðveitt í Lbs 533 4to bl. 220r–23r, en útgáfan frá 1958 er aftur á móti sagan eins og Ragnhildur hafði skrifað hana. Í greininni leitast höfundur við að greina og útskýra þær breytingar sem Jón gerir á sögunni, auk þess að kanna áhrif þjóðsögunnar á síðari bókmenntaverk.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að breytingum Jóns megi skipta í þrjá aðalflokka. Í fyrsta lagi bætir hann við þar sem frásögn Ragnhildar er heldur stuttaraleg. Í öðru lagi breytir hann *til baka* að Boccaccio-/Petrarca-hefðinni sumu því sem aflagast hefur í munnmælum, t.a.m. barnafjölda titilpersónunnar úr þremur börnum í tvö, og fjarlægir hugsanlega tengsl við aðrar sagnahefðir þegar hann gerir kónginn Artus nafnlausan. Í þriðja lagi virðist hann undir svipuðum karlrembúáhrifum og evrópskir kollegar hans þegar hann eykur áhrif og völd kóningsins og annarra karlpersóna á kostnað kvenpersóna. Með breytingum sínum bjó Jón í raun til nýja gerð Gríshildarsögunnar og í rannsóknum á textatengslum og þróun verður því að líta á hana sem sjálfstæðan texta, óháðan frásögn Ragnhildar.

## SUMMARY

Jón Árnason and Gríshildur the good: How the editor changed one woman's narrative about another woman

**Keywords:** Folktales, folklore, Gríselða story, The Patient Gríselða, Gríseldis, text editing, Boccaccio, Petrarch, The Decameron, Volksbücher, folkebøger, chap-books

In 1864, an Icelandic folktale, *Sagan af Grishildi góðu* (the Story of Grishildur the Good) was published in print for the first time, in Jón Árnason and Guðbrandur Vigfússon's folktale collection. The story, a version of the famous story of the Patient Griselda, has its roots in Boccaccio's *Decamerone* from c. 1350, which Petrarch rewrote in Latin in 1373, so that it became widespread in European literary circles during the next centuries. The story reaches Iceland c. 1600 and became relatively popular, as at least 18 different versions of the story exist in Icelandic, both in prose and verse, preserved in 52 manuscripts, in addition to the few that have been published in print.

When the folktale collection was republished in the 1950s, it included two Griselda folktales, the one from 1864, and also, a shorter, previously unpublished tale, which appeared in volume 5 in 1958. Upon a closer inspection, it turns out that both tales go back to the same handwritten tale in Jón Árnason's folktale manuscript, Lbs 533 4to, written by Ragnhildur Guðmundsdóttir (fol. 176r–78r). In fact, the 1864 edition is Jón Árnason's own rewriting of the tale (also preserved in Lbs 533 4to, fol. 220r–23r) while the one from 1958 presents Ragnhildur's *original* version. The article attempts to analyse and explain the changes Jón Árnason makes to Ragnhildur's story, in addition to present the folktale's influence on later literary works.

The main results of the study is that Jón mainly makes three types of changes. Firstly, he embellishes segments where Ragnhildur's narrative is short and without many details. Secondly, he changes *back* to the Boccaccio/Petrarch tradition some details which have been *spoiled* by orality, for instance, by returning the number of Griselda's children from the folktale traditional three, to Boccaccio/Petrarch's *original* two. Jón also removes connections to other narrative traditions, when he makes Ragnhildur's King Artus (Arthur) nameless. Thirdly, Jón seems to be influenced by the same misogyny as his contemporary colleagues in Europe, when he increases the power of the king and other male characters at the cost of female ones. With his changes, Jón actually created a new version of the Griselda story, so further research into the story's intertextuality and development must treat his version as an independent text, different from the one written by Ragnhildur.

Reynir Þór Eggertsson  
 PB 24 (Unionsgatan 40),  
 00014 University of Helsinki  
 reynir.eggertsson@helsinki.fi



## HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík*

AM 123 fol. 10, 11, 17, 18, 20–24, 26,  
28, 30, 32, 34

AM 124 fol. 10–12

AM 127 fol. 12

AM 132 fol. (Möðruvallabók) 9,  
12–15, 18, 20, 22, 23, 25, 27, 29, 31,  
33, 35

AM 158 fol. 7–10, 12, 17, 18, 20–24,  
26, 28, 30, 32, 34

AM 162 D fol. 7, 9, 13, 14, 15, 17, 19–  
24, 26, 28, 30, 32, 34

AM 162 E fol. 8, 9, 13, 16, 17, 23

AM 322 fol. 187

AM 344 fol. 134, 135

AM 351 fol. (Skálholtsbók eldri)  
193

AM 146 4to

AM 309 4to 8–18, 23

AM 406 a I 4to 176

AM 441 4to 18,

AM 554 d 4to 11, 12, 17, 18, 20–23, 25,  
27, 29, 31, 33, 35

AM 564 a 4to (Gervi-Vatnshyrna) 9

AM 614 4to 376

AM 615 f 4to 363, 365, 367, 368, 373,  
376–81, 390, 391, 393

AM 667 I 4to 157

AM 677 VIII 4to 158

AM 727 II 4to 331, 338, 341, 345–  
346

AM 65 a 8vo 331, 337, 340–341

AM 100 8vo 342, 348–358

AM 113 8vo 17

AM 132 I 8vo 456

AM 148 8vo 342

AM 149 8vo 363, 375, 376–79, 381

AM 232 8vo 188

AM 431 12mo 157, 160, 162

AM 433 a 12mo 157

AM 436 12mo 363, 376–79, 381

GKS 1157 fol. 134, 135

GKS 2365 4to 188, 189

GKS 3269a 4to 211

SÁM 157 341

*Den Arnamagnæanske Samling,  
Institut for Nordiske Studier og  
Sprogvidenskab, Københavns Universitet,  
Kaupmannahöfn*

AM 61 fol. 177

AM 544 4to (Hauksbók) 121, 122, 331,  
337–39

AM 617 4to 176

AM 655 XXX 4to 116

AM 194 8vo 118, 120–23, 125–27, 128,  
130–33, 136, 140, 142, 146

AM 428 a 12mo 158, 171–79

AM 433 c 12mo 157

AM 434 a 12mo 132, 133

Rask 86 377

Rask 95 368

*Landsbókasafn Íslands –  
Háskólabókasafn, Reykjavík*

ÍB 45 fol. 17

ÍB 105 4to 374

ÍB 225 4to (V) 9, 15, 18, 20–23, 25, 27,  
29, 31, 33, 35

ÍB 226 4to 12, 14–17,

ÍB 472 4to 18

ÍB 509 4to 389

ÍB 634 8vo 375

ÍBR 74 4to 340

ÍBR 3 8vo 168, 170

ÍBR 113 8vo 339, 346

JS 43 4to 158

JS 45 4to 389

JS 232 4to 387–89, 392

JS 262 8vo 375

JS 405 8vo 399–441

Lbs 63 4to 278

Lbs 457 4to 340

Lbs 533 4to 450, 451, 470, 474, 475

Lbs 989 4to 447

Lbs 1494 4to 465, 474

Lbs 1506 4to 474

Lbs 2325 4to 473

Lbs 2371 II 4to 392

Lbs 4472 4to 473

Lbs 188 8vo 366

Lbs 248 8vo 473

Lbs 404 8vo 168

Lbs 405 8vo 168, 170

Lbs 494 8vo 162

Lbs 502 8vo 366

Lbs 791 8vo 341

Lbs 1028 8vo 377

Lbs 1197 8vo 168

Lbs 1228 8vo 340

Lbs 1685 8vo 368

Lbs 1993 8vo 368

Lbs 2098 8vo 169

Lbs 2532 8vo 170

Lbs 2856 8vo 169

Lbs 2901 8vo 464, 473

Lbs 2941 8vo

Lbs 3841 8vo 473

Lbs 3906 8vo 375

Lbs 4068 8vo 375

Lbs 4407 8vo 468

Lbs fragm 14 161

*Þjóðskjalasafn Íslands, Skjalasafn  
umboðanna, Reykjavík*

Þingeyraklaustur VII, 2: Úttekt

Þingeyraklausturs 1684 (uppskr.

Guðmundar Þorleifssonar) 266–70,  
272, 274, 275, 283, 286, 289–91, 292,  
293, 295–308

Þingeyraklaustur VII, 2: Úttekt

Þingeyraklausturs 1684 (óþekktur  
skrifari) 293

Þingeyraklaustur VII, 2: Úttekt

Þingeyraklausturs 1704 278, 279,  
289–91, 293, 294, 309–22

Þingeyraklaustur VII, 2: Inventarium

yfir Þingeyraklaustur, d. 10. júní  
1704 294

Þingeyraklaustur VII, 2: Úttektir

Þingeyraklaustursjarða 1776 eftir  
Halldór Vídalín 287

*Böðvar Kvaran (einkasafn)*

BK 5 4to 474

*Det Kongelige Bibliotek,  
Kaupmannahöfn*

NKS 1131 fol. 375

- NKS 1140 fol. 341  
 NKS 1214 fol. 18  
 NKS 1692 fol. 278, 279
- Thott 976 fol. 12, 15–17
- Kungliga biblioteket, Stokkhólmi*
- Holm perg. 18 4to 8  
 Holm perg. 10 8vo, IX (S) 9, 13, 17
- Holm papp. 18 4to 18  
 Holm papp. 23 4to 17
- Holm papp. 8 8vo 375
- British Library, Lundúnum*
- Add MS 11250 187, 193, 194, 198–  
 214, 224–229  
 Add MS 11242 193, 194, 208–210,  
 213
- Cotton MS Claudius B IV 51, 52
- Bodleian Library, Oxford*
- MS Bodl. 30
- Cambridge University Library,  
 Cambridge*
- CAL MS Additional 9308 165
- Royal Irish Academy, Dublin*
- RIA 23 D 43 122, 125, 132, 133
- Bibliothèque nationale de France,  
 Paris*
- Fr. 95 346
- Bibliothèque et Archives du Château de  
 Chantilly, Chantilly*
- Ms. 1695 54
- The Morgan Library & Museum,  
 New York*
- MS M.751 53
- Handritanöfn*
- Gervi-Vatnshyrna, sjá AM 564 a  
 4to  
 Hauksbók, sjá AM 544 5to  
 Möðruvallabók, sjá AM 132 fol.  
 Skálholtsbók eldri, sjá AM 351 fol.

EFNI

**Haukur Þorgeirsson**

Z-texti Laxdæla sögu – textafræðileg tilraun

**Árni Einarsson**

Hómilíutáknmál í *Heimskringlu*

**William Sayers**

Ringing Changes: On Old Norse-Icelandic *mál* in *Kormáks saga*

**Adèle Kreager**

Lapidaries and *lyfsteinar*:

Health, Enhancement and Human-Lithic Relations in Medieval Iceland

**Katelin Marit Parsons**

Magic, *Margrétar saga* and Icelandic Manuscript Culture

**Jon Wright**

“Ex marginibus”:

Law-Book Marginalia Copied Out by Gissur Einarsson

**Ryder Patzuk-Russell**

The Lost Liturgical Books of Iceland: Understanding the *Aspicensbœkr*

**Gottskálk Jenson**

Heimildir um klausturkirkjuna og bókasafnið á Þingeyrum

**Tiffany Nicole White**

The “Quest of Seth” in Old Icelandic Literature:

*Sethskvæði* and its Antecedents

**Phil Lavender**

Grotesque Advice in Seventeenth-Century Iceland:

The Mysterious Origins of *Grobbians rimur*

**Dario Bullitta og Kirsten Wolf**

A Repository of Protestant Exempla in Icelandic Translation

**Reynir Þór Eggertsson**

Jón Árnason og Gríshildur góða:

Um breytingar ritstjórans á frásögn konu af annarri konu

